

**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORDURLANDS**

**SKÝRSLA 16**

**HALLDÓR G. PÉTURSSON**

**SKRIÐUANNÁLL 1951 - 1970**

**AKUREYRI 1992**

## INNGANGUR

Skýrsla þessi er framhald af verki því sem hafið var á síðasta ári með skriðuannál fyrir árin 1971 -1990.

Skriðuannáll sá sem hér birtist fjallar um árin 1951 - 1970, en Ólafur Jónsson hefur áður fjallað um skriðuföll, sem urðu á þessum árum. Þetta gerði hann annars vega í riti sínu Skriðuföll og snjóflóð (árin 1951 - 1957) og hins vega í grein í tímaritinu Jökli, 1974 (árin 1958 - 1970).

Aðalheimildir um skriðuföll og grjóthrun á þessu tímabili eru dagblöð og Veðráttan. Annállinn var þannig unninn að leitað var kerfisbundið í Morgunblaðinu, árin 1951 - 1970. Við þá leit hef ég notið dyggrar aðstoðar Þóris Haraldssonar, menntaskóla-kennara. Upplýsingarnar sem fundust í þeirri leit voru notaðar sem grunnur til leitar í öðrum heimildum. Auk þess var stuðst við annála Ólafs. Öllum þeim upplýsingum sem fundust er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Norðurlands.

Í annál þessum er þó nokkrum skriðuföllum bætt við annála Ólafs, og reynt að gefa öllu ítarlegri upplýsingar um hvert einstakt tilvik. Í þremur tilvikum voru felldar út skriður sem Ólafur hafði með í sínum annálum og er þess sérstaklega getið. Einnig er þess getið sérstaklega þegar tölublöð af ákveðnum dagblöðum vantar á Amtsbókasafnið.

Þessum upplýsingum hefði ekki verið hægt að safna ef ég hefði ekki notið velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri. Kann ég Amtsbókaverði, Lárusi Zophoníassyni og öðru starfsfólki Amtsbókasafnsins hinari bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingasöfnun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson

# SKRIÐUANNÁLL

1951

## 28. febr. HVALFJÖRÐUR.

Skriða.

Asahláku gerði dagana 27. og 28., þ. 28. var og mikil rigning, nema á Norðausturlandi, flóð.

Í hlákunni í gær urðu mikil brögð að vatnsflóðum á vegum og í Hvalfirði lokaðist vegurinn af völdum skriðufalla. ...urðu skriðuhlaup í Hvalfirði í gækveldi eða nött og m.a. lokaðist vegurinn hjá Hvítanesi og e.t.v. víðar. ...og er þess vænst að hann verði fær síðar í dag.

*Heim: Vísir 01.03.*

## 8. júlí ÓSHLÍÐ (banaslys).

Grjóthrun.

Þurrt veður var og ekki teljandi úrkoma dagana á undan.

Tveir menn biðu bana (Kristján Kristjánsson og Þórarinn Jónsson, báðir frá Akureyri), er stór steinn fíll á áætlunarbfreið á Óshlíðarvegi um kl. 15 þ. 08. Slysið átti sér stað utarlega í Óshlíðinni, rétt utan við svonefndan Sporhamar. Var þoka í fjöllum, en annars þurrt veður, og ekki höfðu neinar teljandi úrkomur verið undanfarna daga. Steininn skall á afturenda bifreiðarinnar og mölbraut hann og valt síðan áfram niður í fjöru (Ól. Jóns. '57).

Bílstjórin varð grjóthrun eins var og herti á ferðinni, en samt varð slysið ekki um-flúið. Steininn lenti með ofsahraða á bílnum aftanverðum og reif yfirbyggginguna í sundur eins og hún hefði verið skorin með hníf. Sólskin var og glampandi fallegt veður þegar slysið skeði (Vísir 09.07.).

Rétt innan við Sporhamar varð svo slysið. Stór steinn kom í loftkostum niður hlíðina og stefndi á bílinn. ...það munaði svo sem einum metra, að bílinn slyppi. ...Lausagrjót, sem fylgdi steininum í hrapinu, hraut allt í kringum bílinn, en lenti mest aftan við hann. ...Þoka var hið efra í fjallinu, en veður annars gott (Tím. 10.07.).

Þegar komið var fram hjá Hólvita og ekið eftir Óshlíðarveginum nálægt Sporhamri, þá tóku piltur og stúlka í bílnum eftir því, að tveir stórir steinar komu veltandi niður hlíðina og herti þá bílstjórin ferðina eins og hægt var og tókst að sleppa alveg við annan steininn, sem fór yfir veginn fyrir aftan bílinn en hinn steininn, sem var stærri, lenti á afturhluta bílsins og mölbraut hann þar (Pvl. 10.07.).

...en steininn, lenti ofan á þaki bifreiðarinnar, yfir aftasta sætinu, og fór í gegnum bílinn (Aþb. 10.07.)

Giskað er á að steininn hafi vegið eitt tonn. ...Þegar slysið vildi til var þurrt veður, eins og hefur verið alla síðastliðna viku (Mbl. 10.07.).

Þegar komið var langleiðina inn eftir hlíðinni, fíll skiða á veginn og rauf mikið bjarg úr henni afturgafl bílsins (Dagur 11.07.).

...Svo virðist, sem þarna hafi aðeins einstakur steinn losnað í fjallhlíðinni. ...Á leiðinni niður fjallið rífur steininn svo með sér lausagrjót, sem úr verður dálítill

skriða. ...Heitir þarna Sporhamarsleiti, og þar hagar svo til, að efst í fjallinu, sem mun röskir 600 m á hæð eru björg há og sundurskorin af þróngum gjám. Frá þeim gengur svo þverbrött skriða alveg niður að sjó. Á Sporhamarleitnu eru sífelld ofanföll, og virðast þau ekki verulega háð veðri eða árstíðum (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Vísir 09.07. Tím. 10.07. Þvl. 10.07. Ább. 10.07. Mbl. 10.07. 11.07. Dagur 11.07. Ól. Jóns. '57.*

## 7. ág. ÓSHLÍÐ.

Skriður, grjóthrun.

Þurrt veður og hafði verið úrkomulaust.

Grjótskriða fíll í gær (07.08.) á Óshlíðarvegi, er nokkrir menn voru að vinna þar. Einn mannanna kastaðist út af veginum vegna loftþrýstings, sem myndaðist við skriðufallið. Kom hann niður á stóran stein og síðubrotnaði, en slapp að öðru leyti óskaddaður. ...nokkrir verkamenn voru að vinna við að hreinsa burtu grjótskriðu er fallið hafði á veginn. Kom þar að vörubifreið og fór bílstjórinн að hjálpa til við að ryðja grjótinu burtu. En er minnst varði hljóp önnur grjótskriða úr hlíðinni. Höfðu menn þó ráðrúm til að forða sér og hlupu burt nema einn sem leitaði sér skjóls við bifreiðina. Er skriðan reið yfir kastaðist hann fram af veginum, en grjót-ið hrundi niður allt í kringum hann og á veginn. ...Heldur hann að loftþrýstingurinn hafi feykt sér fram af veginum. ...Bifreiðin stórskemmdist, en fór þó ekki fram af veginum, enda mun grjótið hafa fallið ofan á hana, en ekki á hlið. ...Skriðan fíll í svonefnndri Svuntu. ...Grjót er nú á 80 m breiðu svæði á veginum og mikið verk að gera hann akfærð að nýju (Þvl. 08.08.).

...Skriða þessi fíll á 80-100 m svæði. ...var stórgryttisskriða og myndaðist með þeim hætti, að stór klettur uppi í fjallinu sprakk fram (Ább. 08.08.).

...Mennirnir komust allir nauðulega undan, en steinn lenti þó á einum þeirra. Veður var og hafði verið úrkomulaust, er skriður þessar fíllu, svo að ekki var búist við slíku (Tím. 08.08.).

Við svonefnndu Hvanngiá er skriðusvæði ekki mjög breitt, en nær óslitið upp að efstu hömrum og mjókkar heldur upp. Það heitir Svunta (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Vísir 08.08. Tím. 08.08. Ább. 08.08. Þvl. 08.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.*

1952

## 27. maí VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLA (Síða).

Skriða.

Mikið norðanhvassviðri, fokskemmdir.

...Og þá stórskemmdist rafstöðin að Geirlandi á Síðu. Vindurinn feykti vatninu úr rafstöðvarlæknum út í brekku fyrir ofan rafstöðina, en vatnselgurinn orsakaði skriðuhlaupið. Aðrennslisrör stórskemmdist og er óvist hve langan tíma mun taka að lagfaera það, en skriðan sem var mikil, bar fram stórgryti er braut rörin (Mbl. 28.05.).

*Heim: Mbl. 28.05. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Þetta verða að teljast all sérstæðar ástæður fyrir skriðufalli.

## 2. okt. BOLUNGARVÍK, ÖNUNDARFJÖRÐUR, DÝRAFJÖRÐUR, ARNARFJÖRÐUR, KLEIFAHEIÐI.

Skriður.

Þ. 1. og 2. var vindur sunnan og síðan vestanstæður, hvassst var og allmikil rigning um vestanvert landið. Aðfaranótt og frameftir degi þ. 2. var vestanrok og úrhellisrigning um Vestfirði, og var úrkoman víða svo mikil, að skýfall mátti kalla. Vatnavezir, skriðuföll og vegaskemmdir.

Líklega hefur það verið í þetta sinn, að skriða hljóp úr Erninum niður á leitið norðan við Geirastaði í Bolungarvík og skemmdi þar dálitla nýrækt (Ól. Jóns. '57).

Í Önundarfirði hlupu miklar skriður úr fjallinu Þorfinni á milli Valþjófsdals og Hjarðardals. Frá Flateyri blöstu sex skriður við í Hjarðardalshlíð hinum megin fjarðarins, sumar mjög breiðar. Féllu þær á milli kl. 10 og 13 þ. 2. (Tím. 04.10.).

Í Dýrafirði féllu miklar skriður á Keldudalsveginn í Sveinseyrarhlíð. ...Víða um Dýrafjörð féllu minni háttar skriður, og á milli Hvamms og Pingeyrar urðu skriðuföll, sem höfðu í för með sér spjöll á engjum. ...einnig urðu einhverjar skemmdir að Brekku í Brekkudal (Tím. 04.10.).

Rafnseyrarheiði, milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar varð einnig ófær, og var vegurinn sérstaklega illa farinn að norðanverðu. Á Brekkudal féll m.a. skriða í gil, er yfir var fjögurra metra brú, og fyllti opið undir brúna (Tím. 05.10.).

Allstór skriða féll úr svokölluðum Innri-Skriðum á Dalaveg norðan Bíldudals og þar í nágrenni féllu víða skriður úr fjöllum (Arnarfjörður ?) (Tím. 05.10.).

Vegurinn til Tálknafjarðar stórskemmdist af vatnsrennsli, sem gróf veginn í sundur, og Botnsá í Norðurbotni hljóp úr farvegi sínum og gróf sér nýjan. Á Kleifaheiði, milli Patreksfjarðar og Barðastrandar skemmdist vegurinn bæði af skriðum og vatnagangi (Tím. 05.10.).

*Heim: Tím. 04.10. 05.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '57.*

## haust AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Pverárdalur).

Skriða.

Þetta sama haust féll skriða á veginn fram í Pverárdal, en hvaða dag þetta var, er óvist. Skriða þessi eða jarðfall tók sig upp hátt í fjallskinninni og allbreið spilda í hlíðinni umrótaðist og mikið af jarðvegi ruddist fram. ...Á veginum hefur skriðan verið 80-100 m breið og farið hægt yfir (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Ól. Jóns. '57.*

ATH: Sennilega á Ól. Jóns. hér við Pverárdal í Austur Húnavatnssýslu, en aðrar heimildir hafa ekki fundist fyrir þessu skriðufalli.

1953

## 25. jan. HVALFJÖRÐUR.

Sunnanátt, hlýtt, hvassst, leysingar.

Þ. 25. féllu aurskriður á veginn í Hvalfirði (Veðr. jan.).

*Heim: Veðr. jan.*

ATH: Ekki hafa fundist aðrar heimildir fyrir þessu skriðufalli.

## 21. apr. DALIR (Hvammur).

Skriða.

Hæð var fyrir sunnan land og barst hlýtt loft yfir landið. Töluverð rigning var um sunnan- og vestanvert landið. Ofsarigning var í Dalasýslu þ. 20. Rigningar, hlýindi, leysingar, flóð og vegaskemmdir.

Síðastliðinn þriðjudag (21.04.) féll einnig skriða á túnið í Hvammi. Fél hún úr gili fyrir ofan bæinn. Um það bil 1 hektari af túninu mun hafa eyðilagst við skriðufallið. Deginum áður skemmdist búin á Hvammsá vegna vatnavaxta og vegir voru illfærir vegna leysinga (Mbl. 25.04.).

*Heim: Mbl. 25.04. Veðr. apr. Ól. Jóns. '57.*

## 6. maí? AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Svartárdalur).

Skriður.

Hlýindi og miklar leysingar.

Þ. 6. fél skriða á túnið á Bergsstöðum í Svartárdal og olli miklu tjóni (Veðr. maí). Þetta vor gerði mikinn snjó í Svartárdal í maí, og í júníbyrjun voru enn miklir skaflar í brekkubrúninni út og suður frá Bergsstöðum. Um það leyti var mikil leysing og vatnsflaumur fram af brúnunum austan dalsins. Þá kvað allt í einu við dynkur, sem af sprengingu, og sprakk þá sundur skafl mikill í brekkubrúninni, upp af norðurtúnu. Spýttist þar upp vatn og jarðvegur, eins og gos væri, en því næst hljóp fram spilda úr brekkunni, um 25 m breið og sjálfsagt 2-3 m á þykkt. Fór hlaupið niður brekkuna með miklum hraða og reif hér og þar geilar í hana, dreifði á milli torfi og grjóti. Breiddi hlaupið nokkuð úr sér, er neðar dró, og fór yfir all-breiða skák af túninu alveg niður að veki og bar á hana aur, sand og grjót. ...Samtímis þessu skriðufalli kom smáhlaup úr hlíðinni norður frá túninu. ...á milli Bergsstaða og Eiríksstaða hefur um sama leyti talsverð jarðvegstorfa hlaupið fram úr brekkunni og yfir veginn á um 30 m kafla. Þetta jarðhlaup hefur komið úr mjög lítilli hæð (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Veðr. maí, Ól. Jóns. '57.*

ATH: Ól. Jóns. '57 og Veðr. ber ekki saman um dagsetningu. Veðurfar í maí virðist passa betur við atburðarás. Ól. Jóns. virðist hafa skoðað svæðið seinna.

## 4.-5. sept. VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLA (Síða).

Skriður.

Dagana 4.-6. olli lægð suðaustlægri og suðlægri átt með rigningu um allt land. Á Suðaustur- og Suðurlandi var úrkoma víða fádæma mikil. Flóð og vegaskemmdir. Síðdegis á föstudag og fram um hádegi á laugardag var hér (Kirkjubæjarklaustur) slík úrhellisrigning að fádæmi eru. ...Frá því kl. 18 á föstudag (04.09.) og til kl. 09 á laugardag (05.09.) mældist regnið 85 mm. ...Hljóp geysilegur vöxtur í allar ár og læki eins og mest verður í vorleysingum. Flóði vatn yfir veki, gróf frá brúm og skriður félle víða. ...Skriður hlupu víða úr fjöllum en ollu ekki teljandi tjóni, nema á einum eða tveim stöðum. Skriða hljóp rétt vestan við bæinn í Hörgsdal á Síðu og yfir horn á túninu og kálgarð. Eyðilagði hún túnblett, garðinn og girðingarspotta. Austur við Foss á Síðu hljóp skriða yfir veginn og skemmdi hann nokkuð á kafla (Tím. 08.09.).

*Heim: Tím 08.09. Ól. Jóns. '57.*

## 19.-20. sept. REYÐARFJÖRÐUR (Hólmaháls), FAGRIDALUR (Grænafell), ESKIFJÖRÐUR (Hólmatindur).

Úrhellisrigning á Austfjörðum.

...Miklar skemmdirur urðu á vegum og er víða ófært vegna skriðuhlaupa (Tím. 22.09.).

...Vegurinn frá Reyðarfirði upp á Hérað varð einnig ófær vegna skriðufalla. Höfðu margar skriður fallið á hann hjá Grænafelli. Reyndi jeppi að komast yfir í gær, en komst ekki yfir nema smæstu skriðurnar og stöðvaðist við mikið jarðfall í veginum (Tím. 22.09.).

...Einna mestu tjóni hafa skriðuhlaupin valdið hjá Hólmum. Hafa nokkrar smáskriður og ein stór fallið á veginn, svo að hann var með öllu ófær bílum í gær. Víða eru rennur stíflaðar og liggur vegurinn þar undir vatni. Á túninu á Hólmum varð mikill skaði. Skriður féllu á nýrækt og eyðilögðu með grjótframburði 2-3 hektara af nýju túni (Tím. 22.09.). ...og á Hólmum eyðilagði skriða um fjórar dagsláttur túns og nokkuð af engi. Hlaup kom í bæjarlækinn og stórskemmdi vatnsleiðslu að bænum (Tím. 24.09.).

...Í rigningunum miklu um síðustu helgi hljóp m.a. skriða úr Hólmatindi, Eskifjarðarmegin og eyðilagði túnið á Borgum. Þar hefur ekki verið búið í mörg ár, en Eskfirðingar hafa notað túnið til heyskapar. Einnig skemmdi skriða veginn, sem liggur inn að Seli (Tím. 24.09.).

*Heim: Tím. 22.09. 24.09. Ól. Jóns. '57.*

## 18. okt. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð), ÓSHLÍÐ.

Skriður.

Rigning.

Hellirigning var hér í fyrradag (18.10.). Þrjár aurskriður féllu á veginn til Hnífdals og teptist umferð um veginn af þessum sökum um nokkurn tíma. Óshlíðarvegur er einnig ófær vegna skriðufalla (Tím. 20.10.).

*Heim: Tím. 20.10. Ól. Jóns. '57.*

## 10. des. AUSTUR BARÐASTRANDARSÝSLA (Djúpidalur).

Skriða.

Sunnan og suðvestan hvassviðri bar hlýtt loft yfir landið. Stöðugar úrkomur.

...Fyrir viku síðan skemmdist og vegur í Djúpadal, sökum jarðfalls (Tím. 18.12.).

...Líklega 11. des. eða þar um bil, hljóp jarðfall á veg í Djúpadal, líklega í Gufudalssókn (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Tím. 18.12. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Stað- og dagsetning óviss. 10. des úrkomuhámark við Breiðafjörð.

## 16. des. SAURBAER (Tjaldaneshlíð), GILSFJÖRÐUR.

Skriður.

Sunnan og suðvestan hvassviðri bar hýtt loft yfir landið. Stöðugar úrkomur.

...Hlupu þá miklar skriður á þjóðveginn milli Fagradals og Tjaldaness. Urðu skriðuhlaupin aðallega á 5 km svæði og er nú vegurinn ófær bifreiðum. ...Á veginn milli Fagradals og Tjaldanes féllu 33 skriður á 5 km svæði. Féllu allar

skriðurnar frá því kl. 4 um nóttina til kl. 8 um morguninn. Tólf af þeim skriðum, sem fíllu á veginn, eru ekki meiri en það, að talið er fært á bifreiðum yfir þær. Hins vegar eru 21 þeirra alveg ófærar og er því vegurinn lokaður. Þarna er ekki um upphlaðinn veg að ræða og er því búist við að skriðurnar hafi ekki valdið neinum teljandi skemmdum á honum, sem annars hefði tvímælalaust orðið. ...Til marks um það, hve þessi skriðuföll hafa verið mikil, má geta þess, að stærsta skriðan á þessu svæði er um 12 m á breidd og 2 m á þykkt (Tím. 18.12.).

...Hlupu nokkrar skriður í Gilsfirði, þótt engin stórvægileg skriðuföll yrðu þar, nema á einum stað. Féll vond skriða í Slitrum fyrir vestan fjörðinn, þó komst áætlunar bifreiðin ferða sinna yfir þá skriðu í fyrradag (Tím. 18.12.).

*Heim: Tím. 18.12. Veðr. des. Ól. Jóns. '57.*

## 1954.

### 28. maí HORNBJARG (banaslys).

Skriða, grjóthrun?

Sigmaður (Guðmundur Óli Guðjónsson, frá Ísafirði), fórst í Hornbjargi er mikil skriða féll á hann úr bjarginu, en hann var staddur á hillu um 60 faðma niðri í bjargi. ...Fór hann síðan ofan á þessa hillu í þriðja sinn. ...mun hann hafa verið að safna eggjum á hillunni, er stór skriða féll allt í einu úr bjarginu, beint fyrir ofan hilluna. Skriðan féll af svo miklum þunga, að mennirnir á brúninni gátu vart haldið festunum, og önnur þeirra slitnaði. ...Á hinni festinni drógu þeir manninn upp sem var með lífsmarki, en svo mikið meiddur að hann lést litlu síðar. ...er þetta talinn einn besti og eggsælasti sigstaður í bjarginu (Tím. 30.05.).

*Heim: Tím. 30.05. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Ekki er ljóst hvort hér var um að ræða skriðufall eða grjóthrun.

### 6. júlí AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Langidalur, Laxárdalur), SKAGAFJÖRÐUR (Vatnsskarð, Sæmundarhlíð, Blönduhlíð, Norðurárdalur, Öxnadalsheiði).

Skriður.

Þ. 5. myndaðist lægð á Grænlandshafi og fór norðaustur á bóginn norður fyrir land þ. 6. Var suðvestlæg átt og rigning um allt land, einkum rigndi mikið á Suðurlandi og á vestanverðu Norðurlandi (Veðr. júlí).

...og næsta dag (06.07.) gekk á með skúrum víðast hvar. Svo var þó ekki alls staðar, og virðist svo sem óvenju áköf og stórfeld rigning hafi þennan dag gengið yfir mjótt belti, sem náði frá Gunnsteinstöðum í Langadal, yfir Sæmundarhlíðina framanverða, Blönduhlíðina, Norðurárdalinn framan til, ásamt dalskorunum norður af honum og upp á Öxnadalsheiðina vestanverða. Á öllu þessu svæði urðu meiri og minni skriðuhlaup, og má heita, að þau séu í nokkurn veginn beinni línu. ...Utarlega í Blönduhlíð var veður hins vegar ekki verra en það, að unnið var að vegagerð fram eftir deginum (Ól. Jóns. '57).

...Mikill vöxtur hljóp í Héraðsvötn og skemmdu þau engi að Völlum og Vallanesi (Tím. 08.07.). ...Héraðsvötnin flæddu langt yfir bakka sína og var Skagafjarðarbyggðin sem fjörður að sjá. Á 0.5 km svæði flæddi vatnið yfir veginn og teppti hann með öllu (Vísir 07.07.).

**LANGIDALUR:** ...nokkur skriðuföll urðu í Langadal í Austur-Húnnavatnssýslu í fyrradag (06.07.) og mikill vöxtur var í Blöndu. Skaðar munu þó ekki hafa orðið nema á Gunnsteinsstöðum, þar sem skriða féll á túnið. Annars fíllu skriður að heita má úr hverju gili hjá Gunnsteinsstöðum (Aþb. 08.07.). ...Þar (Gunnsteinsstaðir) hljóp skriða úr Nýlendugilinu, niður sunnan við túnið. Varnargarði hafði verið ýtt upp ofan við nýbyggingar og lenti skriðan á garðinum, sem sveigði hana til suðurs. ...Nokkru sunnar féll lítil skriðuspýja, en olli engu tjóni, og ennþá sunnar féll skriða úr tveimur grunnum giljum niður sunnan við gömul fjárhús og skemmdi nokkuð af túni (Ól. Jóns '57).

**LAXÁRDALUR.** ...Þá hlupu skriður á Laxárdalnum austur af Gunnsteinsstöðum í Langadal (Ól. Jóns. '57).

**VATNSSKARÐ/SÆMUNDARHLÍÐ:** ...Í norðaustanverðu Vatnsskarði fíllu skriður úr Grísafelli. ...Undir Grísafelli stendur bærinn Fjall, sem er fremsti bær í Sæmundarhlíð. Fíll skriðan á túnið og eyðilagði hluta þess (Tím. 08.07.). ...að einhver missmíði sýndist orðin uppi í fellinu, en þá jók úrfellið aftur svo mjög, að eigi sá nema á hólabrúinarnar ofan við bæinn. Þá hófust skyndilega drunur miklar uppi í regnmóðunni, eins og fjallið væri að hrynda. ...en í sömu andránni kom vatnsflóð mikið fram á milli melanna, bæði ofan og neðan við bæinn, og fylgdi því bæði leir og malarframburður. Þetta mun hafa verið milli kl. 15 og 16 um daginn. ...Margar skriður höfðu tekið sig upp jafnsnemma uppi í efstu brún Grísafellsins. Runnu þær brátt saman í eitt og urðu að samfelldri, breiðri skriðu, sem hafnaði öll í Bæjargilinu og fylgdi svo farvegi lækjarins. Þegar kom niður fyrir fjallsræturnar, breiddi skriðan úr sér og fór þar sitt á hvað niður milli holta og hóla. Kom hún í tveimur meginvíslum niður yfir túnið, norður á milli hólanna, og færði það allt undir grjót, möl og aur, en rann síðan á tveimur stöðum suður úr hólunum, sitt hvorum megin bæjarins. Samkvæmt athugunum mælingarmanns, eyðilagði skriðan 3.5 ha af túni. ...Norðar fíll önnur stór skriða ofan úr hábrún Grísafellsins. Lenti hún norðan við Bæjargilið og túnið, en fór yfir mikið af bithaga. Margar fleiri skriður urðu lausar austan í Grísafellinu, en flestar smáar og runnu skammt niður. ...fíllu ennþá meiri skriður norðan úr fellinu, niður í Reykjaskarðið, og lento þær í Skarðsánni, en eigi munu þær hafa valdið tjóni á mannvirkjum. ...Skriðurnar úr Grísafellinu munu hafa fallið að mestu á einum klukkutíma (Ól. Jóns. '57).

**BLÖNDUHLÍÐ:** ...Úr fjallinu upp af Blönduhlíðinni fíllu margar skriður, er fylgdu lækjum og farvegum, en náðu fæstar svo langt niður, að þær skemmdu ræktunarlönd eða önnur mannvirki. Þó urðu lækir þar víða til óþurftar, gerðu grófir og báru fram leir, t.d. á Úlfssstöðum og við Djúpadalsá (Ól. Jóns. '57).

**NORÐURÁRDALUR:** Mest urðu skriðuföllin í Norðurárdal á milli Kotár og Valagilsá. Má heita að hvert einasta gil og skorningur hafi rutt úr sér skriðuspýju. Auk þess fíllu aurskriður úr dalshlíðinni milli giljanna. Þess er getið að svo þétt hafi skriðurnar fallið, að í þjóðveginn væri að sjá sem eyjar í skriðuhafinu. Auk þess grófust víða djúpar geilar í við ræsi á þjóðveginum. Mun eigi vera oftalið að á svæðinu frá Ytri-Kotum og að Valagilsá hafi um 2-2.5 km þjóðvegarins gerekkið lagst og lent undir skriðum.

**Silfrastaðafjall:** ...ENN fremur munu hafa orðið nokkur skriðuföll á veginn í Silfrastaðafjalli (Tím. 07.07.). ...Í Silfrastaðafjalli fíllu og víða skriður m.a. á beitarhúsin að Silfrastöðum (Mbl. 08.07.). ...Skriður fíllu einnig á veginn í Silfrastaðafjalli (Tím. 08.07.). ...og utar í Silfrastaðafjalli fíllu ekki skriður til tjóns (Ól. Jóns. '57).

**Kotá:** ...Vatnselgurinn gróf skarð í veginn við Kotána, en ekki urðu þar aðrar skemmdir (Ól. Jóns. '57). ...Gróf mun hafa grafist við Kotána. ...og stórfelldar skemmdir munu eigi hafa orðið þar fyrir utan (Dagur 14.07.).

Ytri-Kot: ...Miklar skriður hafa fallið niður á norðurhluta túnsins á Ytri-Kotum (Neðri-Kot), alveg umhverfis fjárhús sem þar eru, og heim undir bæ (Dagur 14.07.). ...Ur hnjúknum vestan Merkjagilsins hafði fallið mikil skriða, alveg niður yfir breiða hjallann og fram af brúninni upp af Ytri-Kotum. Skriða þessi hafði breitt mjög úr sér á hjallanum og mikið af ruðningnum orðið þar eftir, en það, sem fram af brúninni fór, mun aðallega hafa valdið skemmdum á Ytri-Kotum (Ól. Jóns. '57).

...Annars eru skriðuhlaupin með litlum úrtökum út að Ytri-Kotum (frá Fremri-Kotum). Sérstaklega eru þau stórfelld við Merkigilið, mitt milli bæjanna. Eru þar ótrúleg býsn af stórgrýti, sem þar hafa ruðst fram. Lækurinn rennur nú vestan við brúna, en farvegurinn sem áður var, fullur af stórgrýti og brúin á kafi í grjótdyngjunni. Skammt vestan við brúna er fólksbíll á kafi í urðinni (Dagur 14.07.). ...Farþegum varð það til lífs ...að bifreiðin lenti aðeins í jaðri skriðunnar. ...og sér aðeins á þak hennar og afturhluta (Vísir 09.07.) ...Spölkorn utar hefur fallið dálítíl skriðurennar niður úr graslægð uppi í brekkunni, en svo mikill hefur vatnselgurinn verið, að hann hefur grafið djúpa gróf alveg niður undir Norðurá, og er geilin um 5 m við og 6 m djúp á veginum (Dagur 14.07.).

Fremri-Kot: ...Hjá Fremri-Kotum kom fyrsta hlaupið fram úr svokölluðu Gerðisgili, dálítíð utan við bæinn og ruddi það fram mikilli grjótdyngju alveg niður að Norðurá. Skömmu síðar mun svo skriða hafa ruðst niður Bæjargilið norður og upp frá bænum. Hefur það spúð óhemju af grjóti og leir yfir norðurhluta túnsins, sópað burt og brotið niður fjárhús og braggahlöðu. Skriðan sveigði að mestu hjá íbúðarhúsinu, lagði haughús í rúst og hrúgaðist upp við fjósið, svo nam við þak-brún (Dagur 14.07.). ...Hluti af skriðunni og vatnsflaumurinn, sem henni fylgdi skall á nýju steinsteyptu íbúðarhúsinu, en sakaði það ekki (Mbl. 10.09.). ...Hljóp skriðan upp að glugga á íbúðarhúsinu (Vísir 07.07.).

...Auk framhlaupanna úr þessum tveimur giljum komu skriður hvarvetna niður hlíðina á milli þeirra. Upptök þeirra eru efst í eggjum, síðan hafa þær steypst niður yfir allbreiðan hjalla í miðju fjalli, en því næst niður hlíðina upp af túninu og grafið hana alla í sundur. Hlaup þessi hafa farið niður yfir túnið (Dagur 14.07.).

...Vegurinn milli Gerðisgils og Bæjargils, um 1200 m, huldist nær allur af skriðum (Ól. Jóns. '57).

Framan við Fremri-Kot hafa eigi fallið stórfelldar skriður (þ.e. í Norðurárdalnum milli Fremri-Kota og Valagilsár) (Dagur 14.06.).

Valagilsá: ...Ef til vill hafa hamfarirnar þó verið mestar við Valagilsá. Brúin hefur gersamlega sópast burtu, svo að ekki sést urmull eftir. Ennfremur hefur uppfyllingin að brúnni þurrkast gersamlega í burtu, svo að nú er 60-80 m breiður ár-farvegur þar, sem áður var vegurinn. ...Brúin mun hafa farið á þriðjudagskvöldið (06.07.), því að þá sást Norðurá velta stykkjum úr henni niður hjá Fremri-Kotum (Dagur 14.07.). ...Valagilsá kemur fram úr nokkuð löngum gljúfrum. ...Smáskriður og jarðvegstorfur höfðu fallið úr gljúfrunum hér og þar. ...Þar sem aðalgljúfrin þrýtur, skiftist áin í tvennt. Austari kvíslin kemur úr grunnum dal. Þar höfðu ekki fallið miklar skriður. ...Vestari kvíslin, aðaláin, kemur úr miklu meiri og dýpri dal. Fjallið austan þess heitir Kleifar og er utan til mjög bratt og hátt. Úr því höfðu fallið nær óteljandi skriður. Engin þeirra var stór, en grjótið hafði skafið úr hverri einstu vatnsrák og gili, alveg ofan á fast berg. ...Framar verður halli fjallsins minni og gróður meiri. Þar höfðu einnig fallið skriður ofan úr hömrum. Þær voru strjálli heldur en utar á dalnum, en allar stærri. Vestan megin dalsins höfðu einnig skriður ruðst fram úr hverju gili og víða orðið mikið umrót á jarðvegi. ...Feikn af möl og grjóti hafa borist þarna niður í farveg Valagilsár.

...Augljóst var, að þarna mundi verða mikil hreyfing á grjóti næstu mánuði og jafnvel næstu misseri, hvenær sem verulegir vatnavextir yrðu (Ól. Jóns. '57). Framar í Norðurárdal höfðu skriður fallið, en eigi til skemmda á mannvirkjum (Ól. Jóns. '57).

**KRÓKÁRDALUR:** Krókárdalur liggur sunnan Heiðarár og opnast mynni hans móti Skógarhlíð á Öxnadalsheiði. Mikil skriðuföll hafa orðið á Krókárdal (Tím. 10.07.).

**ÖXNADALSHEIÐI:** Á Öxnadalsheiði er fyrsta stórkriðan á leiðinni frá Akureyri og vestur, á Klifi. Önnur mikil skriða hefur fallið í Dagdvelju, gili vestast í Giljareitum (Þvl. 08.07.). ...Við Klif á Öxnadalsheiði hefur fallið 40-50 m breið skriða yfir veginn og stendur steinn á veginum, sem er á stærð við jeppabil (Mbl. 08.07.). ...Á Dagdvelju á Öxnadalsheiði hefur vegurinn sópast burt og allur jarðvegur og er klöppin ber á stóru svæði (Mbl. 08.07.). ...Í vatnsflaumnum á þriðjudaginn (06.07.) hefir aurleðja kastast niður gilið og sópað burtu meginhluta uppfyllingarinnar og skilið eftir stórt skarð þar sem áður var breiður vegur. Gilið beggja megin er skafið niður á klappirnar en aurdyngjan niðri á eyrum við Heiðará (Mbl. 10.07.).

*Heim: Vlsir 07.07. 09.07. 12.07. Tím. 07.07. 08.07. 09.07. 10.07. Mbl. 07.07. 08.07. 10.07. 11.07. 14.07. 22.07. Áþb. 08.07. 09.07. 10.07. Þvl. 08.07. 10.07. Dagur 14.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.*

**ATH:** Mjög er á reiki hve mikið af búpeningi fórst í skriðunum. Ekki er getið um skriðuföll sunnanmegin í Norðurárdal. Kort af skriðusvæðinu í Norðurárdal er í Mbl. 22.07. Ól. Jóns. skrifaði grein í Dagi 14.07, sem er endurprentuð í Mbl. 22.07.

## 15. nót. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Rigning, leysingar.

Víða hefir runnið nokkuð úr vegunum, eins og títt er í miklum leysingum, og í Hvalfirði kom til nokkurrar umferðarstöðvunar í gær, vegna þess að skriður féllu á veginn milli Hvamms og Hvítaness, þar sem vegurinn liggur í einna mestum bratta, en lausar skriður eru ofan vegarins. Þegar skyndilega breytir frá frostum til hlýinda er hætta á því, að los komi á steina í hlíðinni og hreyfing á skriðurnar, svo að til skriðufalla geti komið eins og var í fyrrinótt. ...Veðrið var mjög slæmt á þessum slóðum í fyrrinótt og fyrrakvöld (Tím. 16.11.).

*Heim: Tím. 16.11. Veðr. nót. Ól. Jóns. '57.*

1955

## 1. apr. HVERAGERÐI (Reykjafjall).

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Þ. 1. komu miklir jarðskjálftar á Suðvesturlandi, einkum í Ölfusi. Um morguninn kl. 06:37 kom fyrsti kippurinn. ...Kl. 17:41 kom mesti kippurinn, var styrkleiki hans VII-VIII stig (á Mercalli skala), í Hveragerði og víðar í Ölfusi. ...Mun þetta mesti jarðskjálfti hér á landi síðan haustið 1935. ...Smáhræringar fundust í Ölfusi öðru hvoru næstu daga (Veðr. apr.).

...að austur í Hveragerði hefði grjót hrunið úr Reykjafalli fyrir ofan þorpið (Mbl. 02.04.). ...Grjóthrun nokkuð varð úr fjallinu fyrir ofan (Tím. 02.04.). ...og grjót féll úr Reykjafalli (Pvl. 02.04.). ...og grjót hrundi úr fjalli (Vísir 02.04.). ...Grjót hrundi úr fjöllum hér í nágrenni Hveragerðis við jarðskjálftakippinn (Aþb. 02.04.).

*Heim: Mbl. 02.04. Tím. 02.04. Pvl. 02.04. Vísir 02.04. Aþb. 02.04. Veðr. apr.*

### 13. apr. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð).

Skriður.

Úrkoma var töluverð um vestan- og sunnanvert landið alla dagana (9.-18.). Geysimikil úrhellisrigning var hér á Ísafirði í gær og í dag. Er rigningin hafði enn staðið um sinn í dag, fóllu 12 aurskriður úr fjallinu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Gerðist þetta milli kl. 17 og 18. Ein bifreið er var á veginum lokaðist inni milli tveggja skriðna, í brekkunni við svonefnnda Götu. Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals er því ófær sem stendur, en þegar verður unnið að lagfæringu hans og vænta menn þess að hann verði aftur orðinn fær á morgun. Það er mjög sjaldgæft að skriður loki þessum vegarkafla (Mbl. 15.04.).

*Heim: Mbl. 15.04. Ól. Jóns. '57.*

### 14. og 18. apr. SIGLUFJÖRÐUR.

Skriður.

Rigning og leysing. Úrkoma var töluverð um vestan- og sunnanvert landið alla dagana (9.-18.). Sérstaklega rigndi mikið á Vestur- og Norðurlandi þ. 18.

14.04.: Seint í gærkvöld (14.04.) heyrði fólk skruðning mikinn úr fjalli hér fyrir ofan bæinn. Hafði farið af stað allmikil aurskriða, en mikil rigning var hér í gærkvöldi. Skriða þessi var allmikil en úr krafti hennar dró framræsluskurður, sem er í hlíðinni fyrir ofan húsin. En skurðurinn fylltist fljótt og rann þá skriðan áfram og niður að húsunum. Reif hún upp jarðveginn og eyðilagði talsvert lóðir þær sem hún fór yfir og einnig Hólaveginn. Skurðurinn sem tók af mesta kraft skriðunnar er nokkuð djúpur, en hann fylltist af aur og grjóti á 40-50 m svæði. Er talið að hann hafi forðað mörgum húsum og lóðum frá miklum skemmdum (Pvl. 16.04.). ...en nokkur spjöll urðu þó á lóðum þeirra sem efst standa og Hólaveginum, þeirri götu sem næst liggur (Tím. 17.04.). ...og gerði stórúrfelli um og eftir kl. 21. Jafnframt hvessti. Um kl. 21:40 heyrðust drunur miklar frá fjallinu yfir kaupstaðnum. ...Þá var skriða að falla. Upptök hennar voru í 250-300 m hæð, í skriðurákum rétt sunnan við Hvanneyrarskálina. ...Líklegt er að frost hafi verið þarna í jörð, en þítt ofan á (Ól. Jóns. '57).

18.04.: Fádæma rigningu gerði hér seint í gærkveldi, er olli því, að aurskriður hlupu úr fjallinu fyrir ofan bæinn, spilltu túnum, en fólk flýði hús sín. Milli kl. 22 og 01 rigndi óhemju mikið, og tóku þá að hlaupa aurskriður úr fjallinu. Skriðurnar fóllu allar á svæðinu frá Þormóðsgötu að norðan og suður að Suðurgötu í Skriðuhverfi svonefndu að sunnan, en skriðurnar komu þaðan sem heitir Gimbrarklettur. Aurinn beljaði niður fjallið, hljóp á tún og spillti þeim, og inn í kjallara á nokkrum húsum. Fólk flýði hús sín á þessu svæði, enda leit illa út um tíma. ...Ekki mun hafa orðið neitt tjón á húsum, sem heitið geti, ...hins vegar er sums staðar ófært á vegum (Vísir 19.04.).

...Skriðurnar fóru nú alla leið niður á íþróttavöll og náðu yfir um 100 m breitt svæði í hlíðinni. ...Upptök skriðanna eru í Hvanneyrartindi, ...og fólk var flutt úr

eitthvað 15 íbúðum, meðan mest gekk á. Skemmdir á lóðum og girðingum eru hins vegar talsvert miklar og mikill aur á sumum götum (Aþb. 20.04.).

...Fjórar skriður fíllu á kaupstaðinn og skemmdu 12-15 lóðir og Hlíðarveginn, sem illfær var gangandi fólk, hvað þá farartækjum á 12-15 m löngum kafla. Skriða fíll á eitt íbúðarhús en skemmdi það ekki, enda var það mikið úr skriðufallinu dregið, þegar að húsinu kom. Aurleðjan eftir skriðurnar er víða um heill metri á þykkt og flutti hún með sér stóra steina. Er t.d. talið, að tveir steinar, sem komu með skriðunum í byggð, séu meira en heil smálest að þyngd (Tím. 20.04.).

...Á nokkrum stöðum náðu skriðurnar niður í bæinn og runnu aurskriðurnar inn í kjallara húsanna og yfir túnbletti við hús. Tveir vegir urðu bráðófærir bílum vegna skriðuhlaupa á þá, Hlíðarvegur og Hólavegur (Mbl. 20.04.).

...Þá fíllu tvær skriður úr fjallinu yfir bænum. Upptök þeirra voru sunnar og ofar en fyrstu skriðunnar (14.04.), líklega í 400 m hæð, í tindinum sunnan við Hvanneyrarskálina. Önnur skriðuálman fíll fram yfir svokallaða Gimbrarkletta og reif þar með sér stórgrýti úr klettunum, ...Þessi hlaup urðu um kl. 22:30. ...Þegar skriðan stíflaði varnarskurðinn, bættist vatnið úr honum í aurefjuna, og létti það rennsli skriðunnar niður í bæinn, en hún hljóp áfram á milli húsanna á Hólavegi og Hlíðarvegi, ...Par sem skriðan fíll 14.04., fíll nú aftur dálítið til viðbótar. Nam það hlaup við girðingu við efsta húsið þar ...Þessi síðari skriðuhlaup munu hafa verið grýttari og farið hraðar en skriðan 14.04. ...Úr Hafnarfjalli á Siglufirði fíllu einnig skriður, en kraftlitlar. Þó skemmdi aurrennslu hús, garð og girðingu (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Pvl. 16.04. Tím. 17.04. 20.04. Vísir 19.04. Aþb. 20.04. Mbl. 20.04. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Ól. Jóns '57 dagsetur fyrri skriðuna 15.04. Rétt dagsetning mun vera 14.04.

## 18. apr. KJÓS (Meðalfell, Reynivallaháls), (banaslys).

Skriður.

Úrkoma var töluverð um vestan- og sunnanvert landið alla dagana (9.-18.). Sérstaklega rigndi mikið á Vestur- og Norðurlandi þ. 18. ...Veðri var svo háttar þennan dag, að hvassviðri var af suðri og geysimikil rigning. Hélst veðrið þannig óslitið frá hádegi til kl. 22 um kvöldið. mest var þó rigningin á tímanum kl. 16-20 (Ól. Jóns. '57).

Í gær fíllu skriður á nokkrum öðrum stöðum úr Meðalfelli, þótt ekki hafi tjón hlotist nema á Hjalla (Vísir 19.04.).

Þennan dag fíllu skriður meiri og minni úr öllum fjöllum um miðbik sveitarinnar, en allar miklu minni heldur en skriðan á Hjalla, nema helst ein, sem fíll úr Reynivallahálsi milli Sogns og Reynivalla. Hún var allstór og mun hafa lokað veginum, en fór aðeins yfir haglendi (Ól. Jóns. '57). ...Í morgun var vegurinn meðfram Reynivallahálsi ófær vegna skriðufalla og vatnselgs. Ekki hafa skriður þessar valdið tjóni á túnum. ...Hér rétt austan við Valdastaði lokaðist vegurinn vegna skriðu (Mbl. 20.04.).

...um kl. 18. hljóp skriða á bæinn Hjalla, undir Meðalfelli í landi Eyja. ...Hjalli er nýbýli og stendur undir sunnanverðu Meðalfelli, skammt frá fjallsrótum. Skriðan kom á íbúðarhúsið aðaldyramegin. Beljaði aurinn og vatnselgurinn inn í húsið, inn um dyrnar sem moluðust. Þar sem dýpst var náði aurinn manni í mitt læri (Mbl. 19.04.).

...Heyrðu þær þá hví mikinn, hlupu óðar til barnanna og sáu þá, að skriða var að lenda á húsinu. Gripu þær þá börnin, sem þær sáu, og forðuðu sér út um forstofudyrnar. Er þær voru komnar út sáu þær að tveggja ára stúlkubarn vantaði (Anna

P. Ingólfssdóttir). Réð þá eldri stúlkan til inngöngu, ...en er hún kom í eldhúsið kom þvottapotturinn úr þvottahúsínu fljótandi á móti henni á skriðuleðjunni, og hörfaði hún þá út aftur sömu leið. ...fór þá tafarlaust að Hjalla, en fékk ekkert aðgert fyrir aurleðjunni, sem þá var komin um allt húsið og náði upp undir glugga í eldhúsinu. ...Lík barnsins fannst á kafi í leðjunni í þvottahúsínu og hafði hún andast þegar eftir að skriðan féll. ...Skriðan hafði brotist inn um útidyr þvottahússins. Í því var skriðulagið þykkt, um einn metri á þykkt, og þar var mest grjót í leðjunni. ...Upptök skriðunnar voru næstum upp í fjallsbrún, í um 400 m hæð. ...og er um 60 m breið niðri hjá húsinu. Í skriðunni er bæði mold og grjót af ýmsum stærðum, allt frá smágerðri möl upp í margra smálesta björg, ...en á vestur og upp af húsinu stöðvaðist steinn, er var svo þungur, að jarðýta af stórrri gerð megnadí eigi að velta honum í burt (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Vísir 19.04. Mbl. 19.04. 20.04. 27.04. Áþb. 20.04. Pvl. 20.04. Tím. 20.04.  
Veðr. apr. Ól. Jóns. '57.*

## 18 apr.? VATNSDALUR, SKAGAFJÖRÐUR (Hjaltadalur), FLJÓTS DALUR (Múlinn).

Skriður.

Úrkoma var töluverð um vestan- og sunnanvert landið alla dagana (9.-18.). Sérstaklega rigndi mikið á Vestur- og Norðurlandi þ. 18.

Víðar um land var úrkamusamt um þetta leyti og lá viða við skriðuföllum (Ól. Jóns '57.).

Skriða mun hafa fallið fram í Vatnsdal, en ekki mikil (Ól. Jóns. '57).

...hljóp skriða úr Hagafalli í Hjaltadal niður á Hagakot, gamalt eyðibýli, er liggur undir Hóla. Skriðan var um 100 m breið, þar sem hún breiddi úr sér og eyðilagði um 1 ha af túni. Í skriðunni var mikill aur og sandur, en einnig nokkuð stórgrýti (Ól. Jóns. '57).

...og sunnan í Múlanum í Fljótsdal á Fljótsdalshéraði örlaði fyrir smáskriðum (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Ól. Jóns. '57.*

## 27. maí-6. júní SKAGAFJÖRÐUR (Norðurárdalur).

Skriður.

Vorleysingar.

Skriðuföllin í Norðurárdal (06.07.54), ullu eftirleik, er að vísu gerðist ekki fyrr en vorið eftir. Þegar kom fram undir hvítasunnu, sem var 29. maí, gerði hita mikla og leysingu á Norðurlandi. Uxu þá ár allmikið, þó varla meira heldur en tit er í vorleysingum.

Kotá í Norðurárdal gerðist þá aðsópsmikil. Tók hún að ryðja fram möl og grjóti, svo að við ekkert varð ráðið. ...Framburðurinn fyllti brátt farveginn undir brúnni, sem mun hafa verið um 4 m djúpur. Lét áin ekki þar við lenda, heldur færði grjót og möl á brúna, gróf hana gersamlega, og var hún með öllu horfin í grjóturðina á hvítasunnudag. Virðist svo, sem gljúfrin hafi stíflast af framburðinum, því að sagt var, að hefði sums staðar náð 15-20 m upp í gljúfurhliðarnar. Grashvammur (Prinshvammur) ofan við brúna umrótaðist allur og fylltist af grjóti, og er talið að grjótlagið ofan á brúnni hafi orðið 2-3 m á þykkt. Fyrir neðan brúna reif áin allan farveg sinn sundur og gerði þar viðar grjóteyrar, sem hún flæmdist um sitt á hvað, eftir því sem framburðurinn fyllti farvegina. Í þessum hamförum var áin með öllu

ófær smærri bifreiðum, en þær stærri voru dregnar yfir hana með jarðytum og kranabílum.

Valagilsá bærði einnig á sér. Bar hún fram óhemju af möl og grjóti og hækkaði farveginn svo, að þar sem verið hafði 5-6 m haf undir nýju brúna, varð brátt eigi meira en eins metra hæð. Lá þá við, að árflaumurinn tæki upp á brúna, sem virtist í yfirvofandi hættu, en 2. júní rauf áin uppfyllingu norðan brúarinna og gerði þar djúpan farveg, og mun það ef til vill hafa bjargað brúnni. Þegar kom fram um 6. júní, kólnaði í veðri, og dró þá úr vexti ánya.

...er augljóst, hvað orsakaði þessar hamfarir. Skriðuföllin árið áður höfðu fyllt þarna farvegi ánya af niðurburði, sem ekki hafði þá hreinsast fram nema að lithu leyti. Ekki var þó vitað, að skriður hefðu fallið í Kotána, en svo mun þó hafa verið, en þó ekki fyrr en svo seint, að vatnsmagn árinnar var tekið að þverra (þ.e. 06.07.54.). Áin náði því eigi að ryðja þeim fram þá þegar, en beið betri tíma (Ól. Jóns. '57).

...Undanfarna daga hafa geisað miklir hitar hér á Norðurlandi og hefur hitinn komist yfir 20 stig í skugganum. Þessir miklu hitar hafa hleypt stórvexti í allar ár, því snjór var mikill í fjöllum, er hlýindin hófust. Ekki hefur þetta komið að teljandi sök, nema vestur í Norðurárdal í Skagafirði. ...Sýnilegt er að miklar skriður hafa fallið í Kotárgljúfrum einhvers staðar inni í landi, svo gífurlegur sem framburður árinnar hefur verið. ...Þegar inn í gljúfrið kemur, er það mjög þróngt. Þar getur áin ekki runnið nema í einum farvegi. Hefur framburðurinn þar náð 15-20 m upp í bergið sitt hvoru megin árinnar, en síðan hefur hún rutt þessu öllu fram. ...Hávaðinn af grjótburðinum og beljandinn í ánni var svo mikill að ekki heyrðist mannsins mál (Mbl. 01.06.).

...Það var á föstudag (27.05.), sem aurhlaupið hófst í Kotá, fyllti farveginn neðan til og færði brúna í kaf. Síðan hefur bæst ofan á og er lagið orðið 3 m, aur og stórgrýti og rennur áin þar ofan á. ...Árnar eru ekki meiri en venjulegt er í vorleysingum, en hinn mikli aurburður er talinn stafa af skriðuföllunum á þessum slóðum í fyrra. Þá hafa fallið stórar skriður ofan í gilin upp í fjallinu, og þann aur bera árnar nú fram (Tím. 03.06.).

...En margir telja þetta eftirstöðvar af skriðuhlaupunum í fyrra. Laus jarðvegur, sem ekki náði að renna fram þá, skríði nú fram, jafnóðum og klakinn þiðnar. ...Kólnaði nokkuð í veðri um helgina og hafa ánar minnkað til muna. Þó er Kotáin enn vatnsmikil þegar líður á daginn og grjótkast og annar framburður undramikill (Dagur 08.06.).

*Heim: Mbl. 01.06. 03.06. Áþb. 01.06. Tím. 02.06. 03.06. 04.06. 07.06. 09.06.  
Vísir 03.06. Þvl. 04.06. Dagur 08.06. Veðr. mat. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.*

## 19. ág. ODDSKARÐ.

Skriður.

Hér hefur verið stormur og rigning síðasta sólarhring og er það eiginlega fyrsta rigningin, sem komið hefur í langan tíma. Smáskriður munu hafa hlaupið að sunnanverðu í Oddskarði og teppt veginn yfir skarðið (Tím. 20.08.).

*Heim: Tím. 20.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.*

1956

### 1. febr. HVALFJÖRÐUR, MÝRDALUR.

Skriður.

Kröpp lægð kom sunnan úr hafi þ. 1. og olli ofsaveðri af suðri um allt land þ. 1. og 2.

Í Hvalfirði félle víða skriður yfir veginn. ...nokkrir langferðabílar teptust undir Pyrli í fyrradag um miðjan dag (Mbl. 03.02.). ...Skriða hafði fallið hjá Staupasteini og önnur milli Eyrarkots og Háls (Vísir 02.02.).

Það var um kl. 22 í gærkveldi (01.02.), að aurskriða félle úr brekku, sem er skammt fyrir ofan hótelid í Vík. Flutti hún aurleðju alla leið heim að húsdýrum, en fél ekki á sjálft húsið. Rétt fyrir ofan hótelid er lítt þurrkhjallur og fylltist hann af aur og leðju, ekki sópaðist hann þó með skriðunni. Í brekku þessari sem skriðan félle úr, hefur verið allmikil jarðrækt. Sópaði skriðan jarðveginum gjörsamlega burtu og má nú sjá í bera klöpp, þar sem hún fór yfir. Má kallast mildi, að ekki hlaust meira tjón af. Slíkar skriður hafa áður fallið á þessum slóðum, en nú munu mörg ár síðan það gerðist. Þótt aurskriðan hafi nú, aðeins fallið á þessum stað, virðist brekkan vera sprungin allvísða. Má því ætla, að meira jarðrask hefði átt sér stað, ef ekki hefði stytt upp skömmu eftir að skriðan félle (Mbl. 03.02.).

*Heim: Vísir 02.02. Mbl. 03.02. Veðr. febr. Ól. Jóns. '57.*

### 26. maí EYJAFJÖRÐUR (Vaðlaheiði).

Skriða.

Lægð olli suðvestan og vestan stórviðri um allt land. Mikil leysing og flóð norðanlands. Hiti á Akureyri  $20^{\circ}$ , þ. 26. og 27., flóð í Eyjafjarðará, Svarfaðardalsá og Héraðsvötnum. Vegaskemmdir.

Laugardaginn 26. maí var mjög heitt veður og áköf leysing víða norðanlands. Að afliðnu nóni heyrði fólk á Akureyri, ...þyt í lofti og drumur, er líktust þrumum. Og er það leit til Vaðlaheiðarinnar, sást að skriða hafði losnað undan hjarnfönn í brún heiðarinnar, út og upp frá Hallanda, nokkurn veginn beint á móti Akureyri. Skriðan steypist fram af klettabelti því, er gengur þar skáhallt upp heiðina. Gerði hún allbreiða rák í brekkuna niður frá hömrúnunum, en nam staðar á hjallanum þar fyrir neðan (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Ól. Jóns. '57.*

### 21. sept. MJÓIFJÖRÐUR.

Skriður.

Lægð, sem nálgaðist sunnan úr hafi, olli hvassri austanátt og mikilli rigningu um allt land þ. 20.-21. Þ. 21. Dalatangi 87.4 mm.

Í sumar hefur verið unnið að vegagerð í Mjóafirði á leiðinni frá Brekkukorpi að Dalatanga. ...Á þessari leið eru Dalaskriður, en þær hafa verið taldar torveldar til vegagerðar, einkum svonefnt Akurgil. ...Á öðrum degi eftir að vinnu lauk gerði hér stórrigningu. Hefir úrkoma aldrei mælst jafnmikil á sólarhring síðan veðurathuganir hófust á Dalatanga (87.4 mm). Þann dag félle yfir 20 skriður, smáar og stórar úr Akurfelli á veginn í Dalaskriðum. ...Petta voru alveg óvenjuleg umbrot

enda jörð skrælpurr eftir langvarandi þurk. Öðru hvoru falla þó skriður á þessu svæði, en oft eru nokkur misseri á milli þess að hreyfing verður (Tím. 07.10).

*Heim: Tím. 07.10. Ól. Jóns. '57.*

## 26. okt. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Hvöss sunnan- og vestanátt bar hlýtt loft og mikla rigningu inn yfir landið þ. 26. Úrhellisrigning og slagviðri var um sunnanvert landið í gær. ...En í þessu mikla vatnsveðri fíllu skriður uppi í Hvalfirði og strönduðu þar áætlunarþílar. (Mbl. 27. 10.). ...Skriður höfðu fallið á veginn frá svæðinu fyrir neðan Staupastein og allt inn að Hvítanesi. ...og sagði hann að aðalskriðurnar hefðu verið þrjár. Þær hefðu fallið úr Hvammsfjalli. ...að allar ár væru í foraðsvexti, enda hefði úrkoma verið með fádæmum allan daginn (Tím. 27.10.). ...Fíllu þá um átta skriður á veginn milli Hvamms og Fossár í Hvalfirði. Skriðurnar munu aðallega hafa orðið á svæðinu frá Staupasteini inn að Hvítanesi (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Mbl. 27.10. Tím. 27.10. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Vantar í Vísi á Amtinu.

## 5.-6. nót. EYJAFJARÐARDALUR, ÖXNALUR, ÖXNADALSHEIÐI, HJALTADALUR.

Skriður.

Rigning (Mikið vatnsveður (Tím. 07.11.)). Mest var úrkoman þ. 5.-6., og rigndi þá um allt land.

Í Eyjafirði fram urðu allmikil skriðuföll í Saurbæjarheppi. Skriða fíll á túnið í Ártúni og olli verulegum skemmdum. ...Þá fíllu skriður á veginn hjá Jórunnarstöðum og trufluðu umferð (Tím. 07.11.).

...að vegaviðgerðarmenn, sem voru staddir hjá Gloppu í Öxnadal að gera við skemmdir þar vegna skriðufalls, urðu að flýja af hólmi vegna nýrrar skriðu, og sluppu með naumindum. Allmiklar skriður fíllu á veginn hjá Gloppu og í grennd, og stöðvaðist umferð um hríð (Tím. 07.11.). ...Er verið var að draga bifreið þar úr skriðu, fíll önnur skriðuspýja á sama stað. Skriður þessar voru óverulegar (Ól. Jóns. '57).

Víða hafa smáskriður fallið á Öxnadalsheiði, vegaskurðir fyllst og aur runnið fram á veginn. Umferð hefur þó ekki tafist (Dagur 07.11.).

Um líkt leyti fíllu miklar skriður úr Hagafjalli í Hjaltadal framan við Hagakot. Hlupu sumar alveg niður í Hjaltadalsá. Upptök margra þessara skriðufalla voru í klettarákum hátt í fjalli, en þær breiddu úr sér er neðar dró og báru niður mjög mikið af aur og grjóti og eyddu miklu graslendi. Fé var á dalnum, er þetta varð, en fjártjón mun ekki hafa orðið teljandi. Skriður þessar voru illfærar fínaði vegna stórgrýtis (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Tím. 07.11. Dagur 07.11. Veðr. nót. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Vantar í Vísi á Amtinu.

## 17. nót. HVALFJÖRÐUR.

Skriða.

Dagana 15.-21. var víða stórrigning um sunnan- og vestanvert landið.

Laugardaginn 17. nót. féll enn skriða í Hvalfirði, en í þetta sinn innan við Pyril (Ól. Jóns. '57).

*Heim: Ól. Jóns. '57.*

ATH: Vantar í Vísi á Amtinu.

## 19.-20. nót. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarfjall), ÓSHLÍÐ.

Skriður.

Dagana 15.-21. var víða stórrigning um sunnan- og vestanvert landið.

Hér rigndi látlaust frá því í fyrrakvöld og fram á dag í gær og hefur þessi mikla rigning orsakað mikil skriðuföll. Úr Eyrarfjalli félle sex stórar skriður auk margra minni.

Margar skriður hafa og fallið á Óshlíðarveginn, frá Hnífsdal og út í Bolungarvík, en þar sem sá vegur er algjörlega ófær er ekki vitað hve margar skriðurnar eru, eða hve mikið vegurinn hefur skemmt.

Í undanförnum rigningum (15.-21.) hafa sífellt verið að falla aurskriður á þann veg (Óshlíð) og hefur jarðýta unnið þar að staðaldri (Tím. 22.11.).

*Heim: Tím. 22.11. Ól. Jóns. '57.*

ATH: Vantar í Vísi á Amtinu.

1957

## 25. maí KJÓS.

Skriður.

Á Suðaustur- og Suðurlandi voru stórrigningar fram til 26. Á Vesturlandi var úrkoman yfirleitt heldur minni nema, þ. 24.-25., en þá daga rigndi um allt land. Vatnavextir og vegaspjöll.

Í stórrigningunni í nótt hljóp skriða á veginn milli Eyja og Meðalfells, svo vegurinn teptist alveg. Er skriðan sögð vera um 1 m á þykkt og ná yfir nokkurt svæði (Mbl. 26.05.).

*Heim: Mbl. 26.05. Veðr. maí. Ól. Jóns '57.*

1958

## 30. sept. SEYÐISFJÖRÐUR (Strandatindur).

Skriður.

Þ. 26. tók aftur að rigna sunnan lands og vestan af völdum lægðar djúpt suðvestur í hafi. Lægðin olli stórrigningu á Suður- og Austurlandi næstu daga, mest var úrkoman á Austurlandi tvö síðustu daga mánaðarins.

**SEYÐISFJÖRÐUR:** Það var seinnihluta nætur í fyrrinótt (30.09.), sem rigningin, er verið hafði allan mánudaginn, jókst svo að um hreint skýfall var að ræða (Mbl. 01.01.).

Strax í gärmorgun tók fólk sem býr í útjaðri bæjarins, þar sem kallað er Strönd, að ugga um hag sinn, því þá munu smáskriður verið teknar að falla (Mbl. 01.10.). ...Alls fíllu 5 skriður innan takmarka kauptúnsins og 16 skriður í nágrenni þess (Veðr. sept.). ...Mesta skriðan mun vera um 4-5 m á þykkt (Tím. 01.10.). ...Eftir hádegið fór að draga úr hlaupunum og rigndi ekki síðdegis í gær (Pvl. 01.10.). ...Fólk úr 20-30 húsum flutti á brott, þar sem hættan var mest á skriðuföllum (Aþb 01.10.). ...en fólk varð að yfirgefa um 5-10 hús í gärmorgun (Mbl. 01.10.).

...Um kl. 06 í gärmorgun kom fyrsta hlaup úr Strandatindi. Lækurinn, sem rennur niður innan við símstöðina, spýtti mikilli gusu fram, og fór hún yfir veginn og teppti hann. Stefndi sú skriða á hafnarbryggiuna (Tím. 01.10.). ...fíll í gili við símstöðvarhúsið, sem sjálft varð ekki fyrir skemmdum, en grjót og aur er þar kringum húsið og á brú á læknum yfir Hafnargötu, sem varð ófær eftir hlaupið (Mbl. 01.10.).

...Mest var hlaupið í læk sem rennur niður hjá húsinu Skuld, en það er steinhús er stendur á skriðunni er lækurinn hefur myndað neðan við hlíðina. Hljóp lækurinn á það um kl. 10 og tvö hús önnur. Var annað þeirra Hörmung, timburhús, og bjó enginn í því. Hitt var hús Haralds Jóhansens kaupmanns. Talið er mjög vafasamt að hægt verði að gera við tvö fyrnefndu húsin, en skriðan rann gegnum annað húsið og braust inn í hitt. Þar sem áður var trjágarður er nú stórgrýtisurð. Hús Jóhansen er stórskemmt. Á sömu skriðunni stóðu einnig gripahús og hlaða nær fjallinu, og eyðilagði skriðan þau. Ennfremur eyðilögðust matjurtagarðar Jóhansens kaupmanns, er voru á skriðunni og lagðist stórgrýti og aur yfir allt saman. Lækurinn sem þessu tjóni olli, hefur oft hlaupið áður (Pvl. 01.10.).

...húsið Hörmung, sem er gamalt timburhús og bjó ekki í því annað fólk en öldruð kona, sem var fjarverandi. Hljóp aurflóðið inn á neðri hæð húsin og stórskemmdi það. Mesta skriðan fíll að húsinu Skuld skammt frá. Er það steinhús með timburgólfum. Bjó þar stór fjölskylda. Fólkislaapp naumlega út, en aurinn og grjótið hlóðst í allt að 3 m háan garð umhverfis húsið. Fallegur trjágarður við húsið gereyðilagðist. Grjótið braut eldhússlugga og flæddi aurinn þar inn og braut niður gólfíð og mun húsið vera nær ónýtt. ...Hús Jóhansens kaupmanns, sem er rétt neðan við Skuld er og umkringt urð, en ekki skemmt að ráði (Tím. 01.10.).

...Fyrir kl. 10 hafði fólkislaapp í húsunum Skuld og Hörmung yfirgefið þau (Mbl. 01.10.). ...og slapp fólkislaapp naumlega út. Einn piltur um tvítugt lenti í aur upp að mitti, en gat rifið sig upp úr á síðustu stundu (Aþb. 01.10.).

Þá hljóp skriða úr læk er rennur hjá síldarverksmiðjunni og fyllti þrær síldarverksmiðjunnar af aur og grjóti (Pvl. 01.10.). ...og gráfust síldarþrærnar á kaf í aur og leðju en tjón á verksmiðjuhúsinu varð ekki (Mbl. 01.10.). ...og fyllti þrærnar af aur og vatni, en gerði ekki annað tjón á þeim og ekki heldur olíugeymi, sem skriða fíll á (Tím. 01.10.).

...Margar skriður fíllu úti á ströndinni og tepptu veginn þar, víða á leiðinni út á Hánefsstaðaeyri (Tím. 01.10.). ...Hins vegar urðu geysimiklar skemmdir á Strandavegi, en hann liggur út byggðina sunnan fjarðarins. Á mörgum stöðum er mikil aurkyngi og er algerlega ófært út á Hánefsstaðaeyrar (Mbl. 03.10.). ...Á 700-800 m kafla er vegurinn út úr kaupstaðnum eitt hlaup og allt gjörófært (Aþb. 01.10.).

Eins er talið sennilegt að skriður hafi hlaupið á veginn yfir Fjarðarheiði (Mbl. 01.10.). ...þó skemmdist vegurinn um Fjarðarheiði ekki (Mbl. 03.10.).

Úr Bjólfí handan fjarðarins fíllu engar skriður (Tím. 01.10.).

*Heim: Mbl. 01.10. 03.10. 19.10. Þvl. 01.10. Áþb. 01.10. Tím. 01.10. Vísir 01.10.  
Veðr. sept. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ekki er ljóst hvort skriður fíllu á Fjarðarheiði.

## 25.-26. okt. GRUNDARFJÖRÐUR, BARÐASTRÖND, SÚGANDAFJÖRÐUR, ÓSHLÍÐ, ÍSAFJÖRÐUR, SÚÐAVÍK.

Skriður.

Látlausar rigningar voru um allt land. ...Mest rigndi á Vestfjörðum þ. 25.-26. Um helgina urðu víða spjöll á vegum við Breiðafjörð, vegna gífurlegrar rigningar. Hlupu víða skriður á Barðastrandarveg og vestur við Grundarfjörð, svo þar er ekki fært nema fjögurradrifa-bílum. Ekki urðu miklar skemmdir á vegunum, en víða höfðu skriður hlaupið á þá (Mbl. 28.10.). ...Á Barðaströnd og á Snæfellsnesi urðu vegaspjöll mest. (Tím. 28.10.).

Einnig höfðu mjög víða hlaupið skriður á veginum á Vestfjörðum. Til dæmis höfðu 15 skriður hlaupið á Bolungarvíkurveginn (Oshlíð), einnig hafði Súðavíkurvegur teppst, svo og Suðureyrarvegur (Mbl. 28.10). ...(Ísafjörður) Núna um helgina voru hér miklar rigningar og mikið um steinkast í fjöllum. Þó nokkrar aurskriður fíllu á Oshlíð. Vegurinn teptist þó ekki (Tím. 29.10.).

*Heim: Tím. 28.10. 29.10. Mbl. 28.10. Ól. Jóns. '74.*

## 18.-19. nóv. SNÆFELLSNES (Álfafjörður), DÝRAFJÖRÐUR, ÖNUNDARFJÖRÐUR, ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarfjall), SÚÐAVÍK, ÍSAFJARDARDJÚP (Skötufjörður, Mjóifjörður).

Skriður.

Um helgina var norðanátt og snjóaði þá víða og sums staðar á Vesturlandi var snjór niður í byggð. Síðan gekk til suðvestan áttar með rigningu og komst hitinn víða upp í 7 til 10 stig. Við þetta hljóp vöxtur í ár og læki auk þess, sem skriður fíllu víða (Tím. 20.11.). Rigning, leysingar, flóð og vegaspjöll.

Margar skriður hafa fallið á Skógarstrandarveginn í Narfeyrarhlíðinni (Álfafjörður). ...Á Bjarnarhafnarveginum í Helgafellssveit fór 8 m breitt skarð úr 6 m háum vedi. Vegurinn til Grundarfjarðar er allur erfiður og sums staðar ófær (Mbl. 20.11.). ...Í hlíðinni fyrir ofan Narfeyri fíllu skriður og sumar á veginn. Engar stórkostlegar skemmdir hafa þó orðið á Snæfellsnesi, en víða hafa skriður fallið á veginn (Tím. 20.11.).

Mikil skriðuföll hafa orðið í Dýrafirði og Önundarfirði, en ekki munu vegir hafa teppst margs staðar (Tím. 20.11.). ...Við Dýrafjörð og Önundarfjörð var mikið um skriðuföll (Mbl. 21.11.).

Í nótt fíllu skriður á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals og varð hann ófær af þeim sökum (Áþb. 19.11.). ...Skriður fíllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals (Veðr. nóv.). ...Vegna rigningarinnar spilltist Bolungarvíkurvegurinn svo og Súðavíkurvegurinn, en á vegina hlupu skriður og vatn gróf þá í sundur (Mbl. 19.11.). ...en skriður hafa fallið á veginum til Bolungarvíkur, þó ekki á Oshlíðarveginn (Tím. 20.11.).

Um 30 skriður fíllu í Eyrarhlíð (Skötufjörður) og er vegurinn alveg ófær. Þá fíllu skriður í Botnshlíð (Mjóifjörður) og skemmdist vegurinn mikið. Vatnsflóð og skriðuföll nálægt Galtahrygg og Heydal (Mjóifjörður), en það olli ekki stórskemmdum (Mbl. 21.11.).

*Heim: App. 19.11. Mbl. 19.11. 20.11. 21.11. Tím. 20.11. Pvl. 20.11. Veðr. nóv. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ekki virðast hafa fallið skriður í Óshlíð, þótt furðulegt megi teljast og ekki er ljóst hvar á Bolungarvíkurveginn skriðurnar félle. Eyrarhlíð finnst bæði sem örnefni í Skutilsfirði (Ísafj.) og Skötufirði, en af samhengi í texta þykir mér víst að átt sé við Skötufjörð (Ísafjarðardjúp).

## 1959

### 5. febr. ÓSHLÍÐ.

Skriður.

Dagana 1.-9. var vindátt milli suðausturs og suðvesturs og nokkur rigning sunnan og vestan lands alla dagana. Fyrri hluti mánaðarins var óvenju hlýr miðað við árstíma.

...Þann 5. febrúar hefðu miklar skriður fallið á Bolungarvíkurveginn (Vísir 10.02.).

*Heim: Vísir 10.02.*

### 8. febr. ÓSHLÍÐ.

Skriður.

Dagana 1.-9. var vindátt milli suðausturs og suðvestursog nokkur rigning sunnan og vestan lands alla dagana. Fyrri hluti mánaðarins var óvenju hlýr miðað við árstíma.

Í fyrrinótt og í gærðag félle margar skriður á Óshlíðarveginn milli Bolungarvíkur og Hnífsdal og tepptu þær alla bifreiðaumferð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur (Vísir 10.02.).

*Heim: Vísir 10.02.*

### 17. febr. HVALFJÖRÐUR.

Skriða.

Var hvast af suðri og suðvestri þ. 16. og 17. og víða ofsarok þ. 18. og rigning eða snjókoma.

Í gærðag félle aurskriða á veginn í Hvalfirði, sunnan megin fjarðarins. Skriðan félle yfir veginn á móts við Leiti, sem er rétt innan við Staupastein. ...að vegurinn væri alveg lokaður. ...Skriðuföll eru mjög tið á þessum kafla vegarins þegar miklar rigningar eru á vetrum (Tím 18.02.).

*Heim: Tím. 18.02. Ól. Jóns. '74.*

### 18. febr. BÍLDUDALUR.

Skriður.

Var hvast af suðri og suðvestri þ. 16. og 17. og víða ofsarok þ. 18. og rigning eða snjókoma. ...Hér hefur að undanförnu geisað látlauð vestan eða suðvestan stórviðri með regni og hríð til skiftis tvisvar eða oftar á sólarhring. Í fyrradag

snjóaði talsvert, en í gær brá til stórfelldrar rigningar og gerði asahláku (Tím. 19.11.).

Skömmu eftir hádegi í gær fíll vatns- og aurskriða úr svonefndu Búðagili, en meginhluti þorpsins stendur neðan við það gil. Skömmu síðar kom annað hlaup, en hvorugt þeirra var stórt. Rétt fyrir kl. 16 hljóp geysimikil aurskriða fram úr gilinu. Fylgdi henni gífurlegt vatnsflóð. Var breidd auröldunnar, er hún braust fram úr gilkjaftinum 80-100 m, en hæðin 8-9 m. Skriðan stefndi fyrst á spennistöð frá Mjólkárvirkjun fyrir Bíldudal, sem er staðsett á skriðu beint fyrir neðan gilkjaftinn og virtist mönnum sem skriðan mundi steypast yfir spennistöðina. Áður en til þess kæmi klofnaði skriðan á hryggnum framan við gilið og braust vatnselgurinn fram úr auröldunni svo að nokkuð af aurnum varð eftir uppi í gilinu. Mjög mikill kraftur var í flóðinu. Aur og vatn streymdi niður í þorpið og yfir margar húsalóðir, aðallega á svæðinu frá svonefndum Kurfubletti til Valhallar, sem er utarlega í þorpinu. Ær sums staðar ökladjúpur og sums staðar hnédjúpur aur á lóðunum. Þá flæddi inn í sum húsanna, þar á meðal læknisbústaðinn, kennarabústaðinn, íbúðarhúsið Þórshamar og fleiri. Aurstraumurinn rann gegnum dyr frystihússins og flæddi þar um öll gólf, og sú grein hlaupsins sem kom á læknisbústaðinn, umkringdi hann og náði flóðið upp á miðja hurð á neðri hæð. Tókst að varna því, að hurðin brotnaði. Þá brunaði flóðið áfram niður sundið og allt í sjó fram. Vogurinn, sem þorpið stendur við varð allur kolmórauður af moldinni. ...Annað hlaup kom í svonefnt Gilsbakkagil, sem braust úr farvegi sínum og flæddi yfir nærliggjandi tún og inn í íbúðarhúsið Snælund (Tím 19.02.).

...Einkum urðu miklar skemmdir á götum í kauptúninu, sem grófust sundur í vatnsflóðinu, og með flóðinu kom mikið af grjóti og aur, og olli það skemmdum á túnum og görðum. ...Munu þá hafa myndast stíflur í giljunum, er ullu hlaupum (Mbl. 19.02.).

...Vegur, sem lá upp að spennistöðinni neðan við gilið, er algerlega horfinn á 50-60 m kafla. ...Aðalaurflaumurinn, mörg hundruð tonn, stöðvaðist 10 m ofan við spennistöðina og þar liggrur byngurinn. Landslag á hryggnum neðan við gilkjaftinn er gerbreytt. Þar eru nú mannhæðardjúpir skorningar og hryggir (Tím. 20.02.).

*Heim: Tím. 19.02. 20.02. Mbl. 19.02. Ól. Jóns. '74.*

## 19. júní PORVALDSDALUR (Hestahraun).

Berghlaup, (grjótskriða).

Hestahraun nefnist unglegt berghlaup úr austurhlíð framhluta Þorvaldsdals í Árskógshreppi í Eyjafirði. Hestahraun er unglegt og ferskt í að öllu útliti, svo Ólafur Jónsson (1976) þorir að fullyrða að það hafi átt sér stað eftir landnám. Þjóðsögur herma að hrunið hafi orðið á 17. öld.

Ólafur skoðaði þetta berghlaup 1957 og ritaði þá í minnisbók sína. "Ekki virðist ósennilegt, að þarna geti enn orðið framhlaup, svo sundurlausar og jafnvægislausar sýnast bergspildurnar í fjallshlíðinni, einkum niður af sunnanverðu brotinu". Svo skeði það í júní 1959, að ruðningurinn í brekkunni hljóp fram á 350 m breiðri spíldu, og varð skriðufarið í brekkunni allt að 20 m djúpt. Þessi ruðningur, sem mun nema um 1 millj. rúmmetra, hlóðst ofan á urðina, sem þarna var fyrir, og huldi hana gersamlega á nokkurra ha svæði (Ólafur Jónsson 1971).

Hlaup þetta er að vísu ekki berghlaup að öðru leyti en því, að það hefur orðið í gömlu berghlaupi, og eru slík fyrirbæri ekki sjaldgæf, en þó sjaldan eins stórfelld og hér. ...er líklegt, að hlaup þetta hafi orðið sem næst 19. júní 1959, en getur þó skeikað um fáa daga. Þann 17. júní það ár var aftaka slæmt áhlaup, með mjög mikilli úrkому, slyddu eða snjó og roki af norðaustri, og gæti hlaupið verið

afleiðing þessa fárviðris, er kemur á tíma þegar leysingu og klakahlaupi til fjalla var naumast lokið (Ólafur Jónsson 1976).

Samkvæmt upplýsingum frá Helga Hallgrímssyni, Egilsstöðum heyrðist hvellurinn frá hruninu niður á Árskógsströnd. Samkvæmt upplýsingum frá Einari Petersen, áður bóndi á Kleif í Þorvaldsdal, nú á Dalvík, heyrðist hávaðinn af hruninu í 4-5 mín. og kom í tveimur hvellum. Gerðist þetta snemma kvölds og í besta veðri.

*Heim: Ólafur Jónsson 1971: Þættir úr jarðmótunarsögu Þorvaldsdals. Ferðir 30. Ólafur Jónsson 1976: Berghlaup.*

**ATH:** Í Tím. 25.09. er klausu á forsíðu ásamt mynd af húsi á Seyðisfirði. Við húsgaflinn hefur hrúgast upp skriða. Textinn er eftirfarandi: Það þykir ekki meiri tíðindum sæta, þótt skriða falli á Seyðisfirði, að ekkert var getið um það í fréttum, þegar skriða féll á húsið hér á myndinni nú í summar. Fólkið flutti strax úr húsinu og fer ekki í það aftur. Það stendur því autt í hinu þrónga nábýli við skriðuna, sem eyddi garðinum undir stafni þess, en vann ekki ýkja miklar skemmdir á því sjálfu. Ól. Jóns. '74 segir: Ekki hef ég getað grafið upp, hvenær á sumrinu þetta skriðuhlaup varð eða getað staðsett það nánar, en af fregninni má ráða, að nokkuð sé um liðið síðan atburðurinn gerðist.

*Heim: Tím. 25.09. Ól. Jóns. '74.*

**ATH:** Ég get ekki betur séð en þessi mynd sé af húsi Jóhansen kaupmanns (sjá mynd Mbl. 19.10.58.) og hér sé um ræða að skriðu sem féll við húsið 30. sept. 1958.

## 9. sept. ÓSHLÍÐ.

Skriður.

Sunnan lands og vestan rigndi alla dagana (7.-10.), en mest 7.-8.

Þ. 9. lokaðist Óshlíðarvegur vegna skriðufalla (Veðr. sept.).

*Heim: Veðr. sept. Ól. Jóns. '74.*

**ATH:** Ekki hafa fundist aðrar heimildir fyrir þessu skriðufalli.

## 25.-26. sept. NJARÐVÍKURSKRIÐUR, ODDSKARÐ, ESKIFJÖRÐUR, FAGRIDALUR, FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR, SKAFTÁRTUNGA (Hemruhamrar).

Skriður.

Síðan kom hvert regnsvæðið á fætur öðru inn yfir landið fram til 28. Á Austfjörðum, Suður- og Suðvesturlandi ringdi mjög mikið þ. 25.-26.

Í Oddskarði á Norðfjarðarvegi hlupu nokkrar smá skriður og sömuleiðis lokaðist vegurinn um Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar eystri (Tím. 27.09.). ... Í Njarðvíkurskriðum hlupu skriður einnig yfir veginn og tepptu veginn (Vísir 28.09.).

Þá lokaðist Fáskrúðsfjarðarvegur af skriðufalli og smáleg skriðuföll urðu á Fagradal. ... Í Eskifjörði kom mikill vöxtur í Bleiksá og skemmdist brúin yfir ána (Tím. 21.09.). ... Meðal annars hlupu skriður yfir Fáskrúðsfjarðarveg og eins yfir veginn til Eskifjarðar, en á þeim síðarnefnda varð brú fyrir skriðuhlaupi og mun hafa laskast eitthvað (Vísir 28.09.).

Í Skaftártungu hljóp skriða á föstudag (25.09.) úr Hemruhömrum og lokaðist vegurinn milli Flögu og Hemru. Skriða þessi var mjög stórgrytt og ill viðfangs (Tím. 27.09.).

*Heim: Tím. 27.09. Vísir 28.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '74.*

## 21. okt. NESKAUPSTAÐUR, FAGRIDALUR.

Skriður.

Var allmikil úrkoma um land allt dagana 20. og 21. Um kl. 06 gerði mikla rigningu af suðaustri í Neskaupstað. Herti veðrið eftir því sem á morguninn leið og milli 10-12 var eindæma úrhellisrigning. Eftir hádegið stytti upp og lægði, og síðdegis var komið besta veður.

Í hlíðinni fyrir ofan bænn eru margir lækir. Í rigningunni hlupu þeir allir, og friðsömustu smálækir veltust fram kolmórauðir. Fylltu þeir öll vatnsból vatnsveitu bæjarins af framburði, en vatnið úr leiðslunum varð kolmórauðtt í bili. ...Nokkrir lækir hlupu yfir vegi og götur. Eitt ræsi fylltist og eyðilagðist, en með harðfylgi tókst að halda götunum færum fyrir bifreiðaumferð. ...Má telja að við borð hafi legið að stórtjón yrði á húsum og mannvirkjum í bænum, og hefði það vafalaust orðið, ef stórrigningin hefði staðið öllu lengur (Mbl. 22.10.).

Miklir vatnavextir urðu í ám og lækjum, og skriðuhlaup urðu í Fagradal á veginn milli Reyðarfjarðar og Héraðs. Urðu allmiklar skemmdir á veginum. ...Í veðurham þessum og skriðuhlaupum slitnaði jarðsíminn og símasambandslaust var milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða (Mb. 22.10.).

*Heim: Mbl. 22.10. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Sennilega væri réttara að flokka það sem átti sér stað á Neskaupstað sem flóð en ekki skriður.

## 28.-29. nóv. SVALBARÐSSTRÖND (Faxafall).

Skriða.

...og alla dagana (28.-30.) var nokkur úrkoma nema um norðanvert landið þ. 30. Um helgina hljóp skriða eða jarðfall á veginn utan við Faxafall, skammt frá Garðsvík á Svalbarðsströnd, svo að ófært varð bifreiðum. Vegurinn var fljótt ruddur með dráttarvél (Dagur 02.12.). ...Veðrattan segir þetta 5.-6. des., sem ekki fær staðist (Ól. Jóns. '74).

*Heim: Dagur 02.12. Veðr. des. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ól. Jóns. '74 hefur eflaust rétt fyrir sér.

1960

## 30. júlí SEYÐISFJÖRÐUR (Strandatindur).

Skriður.

Norðaustlæg og austlæg átt ríkjandi. Langmest rigndi á Austurlandi þ. 29.-30. Snemma í morgun hljóp allstór stórgrytis- og aurskriða rétt fyrir innan söltunarstöð Strandarinnar s.f. Þar stóðu á plani 1500 tunnur af saltsíld, sem sluppu þó til allrar hamingju. Ekki er hægt að segja, að skriða þessi hafi valdið tjóni, þar sem hún féll yfir óræktarland (Mbl. 31.07.). ...Mikil skriðuföll urðu á Seyðisfirði

aðfaranótt laugardags, en geysimikið vatnsveður stóð þar allan föstudaginn og fram á laugardagsmorgun. ...Mikill vöxtur hljóp í allar ár og læki í rigningunni, og um miðnætti hljóp allmikil aurskriða fram læk, sem fellur innan við söltunarstöðina Strönd. ...Innan við lækinn stendur íbúðarhús, og féll skriðan í um 50 m fjarlægð frá því, en 10-15 m frá mjölgeymsluhúsinu. ...Vinnu var að ljúka í söltunarstöðinni þegar þetta gerðist og voru menn nýfarnir yfir um aurskriðuna, þegar mikil stórgrytisskriða hljóp fram sama farveg. Er hún um 50 m breið, en mannhæðarþykk, þar sem hún er mest. Ekkert tjón varð af þessum skriðuföllum nema vegurinn til söltunarstöðvarinnar teptist. ...Þá félru margar minni skriður utar með firðinum, en ekki mun hafa hlotist tjón af þeim (Tím. 03.08.).

*Heim: Mbl. 31.07. Tím. 03.08. Ól. Jóns. '74.*

## 7. sept. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Óvenjumiklar rigningar í Hvalfirði.

Allstór skriða féll úr Þyrli í gær eftir óvenjumiklar rigningar í Hvalfirði. Milli kl. 17 og 18 í gær féll skriðan á Hvalfjarðarveginn og þakti hann meira og minna á 30 m kafla. Hæstu hrúgurnar á veginum voru um 4 m háar. Einig fél smáskriða á túnið að Þyrli, en tjón varð ekki tilfinnanlegt. Einhverjar fleiri smáskriður munu hafa fallið úr hlíðum Þyrils, en ekki er kunnugt um tjón af þeim (Vísir 08.09.). ...Prjár lækjarsprænur rétt innan við Þyril höfðu hlaupið eftir rigningarnar undanfarið og báru fram ósköpin öll af aur og grjóti. Voru skriðurnar 3-4 m á þykkt en 15 m breiðar (Tím. 09.09.).

*Heim: Vísir 08.09. Tím. 09.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '74.*

## 1961

### 23. febr. FLJÓTSHLÍÐ.

Skriður.

Dagana 16.-24. voru stöðugar rigningar um allt sunnan og vestanvert landið, auk þess var hlýtt í veðri. Rigning, leysing, vatnavextir og stórfloð í Blöndu, Héraðsvötnum og flestum ám á Suður- og Vesturlandi. Varnargarðar við Markarfjót brustu þ. 23.

Vegurinn í Fljótshlíð er einnig mjög skemmdur og reyndar ófær. Leysingarvatn gróf hann í sundur við Háamúla, og innan við Múlakot fél aurskriða á hann á 30-40 m svæði, og er aurlagið 70-80 cm þykkt. Önnur skriða fél vestan við Bleiksárgljúfur, en þar fyrir ofan er landið skógi vaxið. Undir jarðveginum var klöpp, og stendur hún nánast ber eftir, en jarðvegurinn og skógargróðurinn liggur á veginum (Tím. 24.02.). ...Skriðan fél á veginn fyrir innan Múlakot og lokaði honum með öllu. ...Þá tók og brúarfyllingu hjá Bleiksárbrú í Fljótshlíð og þar er líka ófært sem stendur (Vísir 24.02.).

*Heim: Tím. 24.02. Vísir 24.02.*

## 26. febr. SÍÐA (Fossnúpur).

Berghlaup.

Dagana 16.-24. voru stöðugar rigningar um allt sunnan og vestanvert landið, auk þess var hlýtt í veðri. Rigning, leysing, vatnavextir og stórfloð í Blöndu, Héraðsvötnum og flestum ám á Suður- og Vesturlandi. Eldvatnið flæddi yfir bakka sína og sópaði burtu 60 m vegarkafla. Dagana 25. og 26. virðist aftur á móti hafa verið lítil úrkoma.

Um skriðuna austan við Foss er það að segja að hún hljóp langt niður fyrir veginn, a.m.k. um 200 m, og á veginum er hún 1.5-2.0 m þykk og víða eru þar heil björg í skriðuurðinni. Hafa margir hektarar lands grafist undir skriðunni, bæði fyrir ofan veginn og neðan (Vísir 27.02.). ....Í skriðunni, sem kom úr hamrabelti rétt austan Dverghamra, er mestmagnis grjót, sumir hnnullungarnir 4-6 m á hvern veg (Mbl. 28.02.).

...Allvæn bergspilda klofnaði úr brún núpsins (Fossnúpur), sundraðist í fallinu og varð að talsverðri grjótbreiðu á sléttlendinu fram undan fjallinu. ...Nálægt kl. 05 um nóttina heyrðust miklar drunur í símanum á Fossi, og er líklegt að þá hafi skriðan fallið og rofið símalínuna.

...Hæð Núpsins þarna mun nálægt 300 m, og af því eru hamrar meira en helmingur hæðar. Spildan, sem klofnað hefur úr bergeninu, nær frá brún og vel niður í miðju hamranna og að nokkru niður úr eða um 140 m. Breidd spildunnar mun nærri 50 m ofan til, en um 30 m neðst, en um þykktina er ekki vitað með vissu, en giskað hefur verið á 20 m, þar sem hún er þykkust, gæti verið 15 m að meðaltali.

Ekki hefur hlaupið skilið eftir neitt teljandi far í fjallshlíðinni neðan hamra. Að sjálfsögðu hefur það þó tekið með sér jarðveginn úr brekkunni, en skilið eftir í staðinn grjótröst, er hefur nokkurn veginn fyllt farið. ...Hlaup þetta hefur vafalaust orðið mjög snögglega og farið afar hratt, svo ekki hefur orðið neinn teljandi ruðningur eftir í fjallshlíðinni. Ekki virðist þó hlaupið hafa farið beinlínis í loftköstum, því það hefur skafið jarðveginn alveg burtu úr hlíðinni á braut sinni og skilið þar eftir greinilega jaðarhryggi beggja vegna. ...Ekki er vitað til, að bergið á þessum stað hafi verið neitt óheillegra en annars staðar og ekki stóð bergfyllan, sem losnaði neitt fram úr bergstálinu, eða virtist á annan hátt líkleg til að hrynda. Ókunnugt er um sprungur í hamrabrúnunum (Ólafur Jónsson 1976).

...Kom skriðan úr svonefndum Fossnúp, sem er rétt austan við Dverghamra. Tók hún sig upp efst í Núpnum. ...er hér um að ræða gríðarlega mikið skriðuhlaup og muna menn ekki eftir öðru slíku á þessum slóðum. Miklar skriður hafa aldrei fallið úr Fossnúp, svo kunnugt sé, en þaðan hafa stundum oltið steinar og smáskriður fallið.

Fossnúpurinn er um 150 m hárr, þar sem skriðan féll úr honum, og mun hún hafa farið mjög hratt yfir. Rann hún a.m.k. 400 m leið frá fjallsrótum og færði veginn gersamlega í kaf á 200 m svæði. Símalínan austur yfir liggur þarna meðfram veginum og slitnaði hún að sjálfsögðu í hlaupinu, og sést hvorki tangur né tetur af fjórum staurum, sem báru hana uppi á þessum kafla. Er nú þarna yfir að líta sem stórgrýtisurð, með moldarflygsum hingað og þangað, sem skriðan hefur rifið úr myrarflákanum, sem hún rann yfir. ...Hefur því skriðuhlaupið átt sér stað einhvern tíma milli kl. 3:30 og 7:30 á sunnudagsmorgun. ...Ekki er gott að segja til um, hvað hefur valdið þessu skriðuhlaupi, en sennilega á mikil úrkoma, sem verið hefur undanfarið þar eystra, meginþátt í hlaupinu (Tím. 28.02.).

...Skriðan hefur fallið úr þverhníptu hamrabelti. Hefur hún verið um 80 m á breidd náð 40 m niður 100 m háan bergvegginn og sneiðin sem fram af klettabeltinu fór hefur verið um 20 m á þykkt. Þetta er engin aurskriða, heldur stór-

grýtisskriða. Mælt hef ég klett, sem var 4x5 m að ummáli. Hafði þetta bjarg þá farið rúma 100 m eftir jafnsléttu. ...Svo þykk er hún að engum kemur til hugar að ætla sér að grafa veginn upp aftur. Jarðýturnar, sem þarna eru að verki nú eiga að leggja nýjan veg ofan á skriðuna (Mbl. 01.03.).

*Heim: Vísir 27.02. Tím. 28.02. 03.03. Mbl. 28.02. 01.03. Veðr. febr. Ól. Jóns. '74.*

*Ólafur Jónsson 1976: Berghlaup.*

ATH: Berghlaupið verður þegar hætt er að rigna.

## 7. mars HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 7. var sunnanátt og allmikil rigning, nema á Norðausturlandi. Hiti var 6° yfir meðallagi.

Síðasta sólarhringinn hefur verið feikileg úrkoma um sunnanvert landið og hafa hlotist skemmdir af völdum flóða og skriðufalla. ...Í Hvalfirði hlupu skriður á veginn beggja vegna Skeiðhóls, en á honum stendur Staupasteinn. Smáskriður hlupu víða í Hvalfirði, en búið var að opna veginn síðdegis í gær (Mbl. 08.03.).

*Heim: Mbl. 08.03.*

## 9.-10. maí? ÓSHLÍÐ.

Skriða.

Mikil rigning var á Suður- og Suðvesturlandi þ. 9. og barst úrkomusvæði norður yfir land þ. 10.

Fyrir nokkrum dögum féll stór skriða á Bolungarvíkurveginn, rétt við Krossinn, og stöðvaðist öll umferð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Var allmikið verk að ryðja veginn, því skriðan bar stór björg niður fjallshlíðina (Mbl. 14.05.).

*Heim: Mbl. 14.05.*

ATH: Nákvæm dagsetning óviss.

## 15.-17. sept. ÓLAFSFJÖRÐUR, MJÓIFJÖRÐUR.

Skriður.

Mjög kröpp lægð kom sunnan úr hafi og nálgaðist suðurströndina þ. 15.-16. Önnur lægð fylgdi fast eftir og fór til norðurs austan við land þ. 17. Tvo fyrri dagana var austan og síðan norðaustan eða norðan hvassviðri og stórrigning norðan lands og austan.

**ÓLAFSFJÖRÐUR:** Hér rigndi þau ósköp frá því á föstudagskvöld (15.09.) til sunnudagsmorguns (17.09), að helst leit út fyrir að allar flóðgáttir himins væru opnaðar (Tím. 19.09.).

Mikill vöxtur hljóp í ár og læki, svo að allt láglendi fór í kaf í flóði og náði flóðið alla leið hér heim að bænum (kaupstaðurinn). Ár og lækir flóðu yfir tún og engjar og hafa valdið stórskemmdum á landi, aðallega á fjórum jörðum hér frammi í sveitinni. Svakallaður Merkislækur í Bustarbrekku á Hlíðarlandi hljóp fram og bar með sér, svo mikið grjót og leðju, að lækjargilið, sem er talsvert djúpt, fylltist gjörsamlega við þjóðveginn. Þar færðu skriðuföllin nokkurn hluta vegarins í kaf, en hann er nú ófær öllum bifreiðum. Enn fremur bar lækurinn aur og leðju á ræktað land, sem liggur þar að, og skemmdi það talsvert. ...Smáskriður fíllu víða úr Hólkotshyrnu og stórskemmu engjar í Hólkotslandi, en ræktað land slapp við

skemmdir. Þá féll mikil skriða í svokallaðan Gránulæk í Vatnsendalandi og olli miklum skemmdum, bæði á túni og mannvirkjum. Lækurinn fór í þann ógnarlega ham, að hann braut af sér tvær brýr, aðra steinsteypta, 5 m breiða. Hana flutti lækurinn hátt á annað hundrað metra. Þá fyllti hann 2 m breiðan skurð neðan við túnið með grjóti og leir. Enn fremur flæddi hann yfir hluta af túninu og gjöreydi lagði á að giska 1 hektara af ræktuðu landi. Vegurinn þarna er nú ófær öllum bifreiðum. Í Ósbrekkufjalli var óhemjuvöxtur í öllum lækjum. ...Þá teptist vegurinn yfir Lágheiði öllum smærri bílum, því að lækur hérna megin heiðar (Ólafsfjörður) gróf veginn í sundur (Tím. 19.09.).

**MJÓIFJÖRÐUR:** Um miðbik sept. ringdi mikid í Mjóafirði eystra í fjóra daga með litlum hléum. Fjórða daginn var ofsaleg rigning (Dalatangi 42.8 mm, þ. 17.09.), og hlupu þá skriður úr flestum giljum milli Hofs og Hesteyrar. Beggja megin við þetta svæði, að Steinsnesi að utan og allt inn fyrir Fjörð, urðu nokkur spjöll á vegum, og einnig sunnan fjarðarins, þótt rót yrði þar minna. Í Dalaskriðum, sem oft eru næmar fyrir skriðuföllum, hreyfðist aftur á móti ekki steinn (Tím. 30.09.).

*Heim: Tím. 19.09. 30.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '74.*

### 13. nów. BARÐASTRÖND, RAUÐISANDUR, PATREKSFJÖRÐUR, ARNARFJÖRÐUR, ÓSHLÍÐ, SKAGAFJÖRÐUR (Hjaltadalur).

Skriður.

Þ. 13. var djúp lægð við Hvarf á Grænlandi, náði regnsvæði hennar inn yfir Ísland, og var mjög mikil úrkoma sunnan lands og vestan. Urðu víða vegaspjöll (t.d. á Snæfellsnesi) og skriðuföll. Sólarhringsúrkoma í Kvígindisdal var 101.6 mm. Á Lambavatni (á Rauðasandi?) mun úrkoma hafa mælst 102 mm frá kl. 08 til 19. Á Vestfjörðum var allmikill snjór kominn í fjöll og jörð var nokkuð tekin að frjósa. Með þessu steypiregnum kom 9 stiga hiti og snjóinn tók allan upp og beljaði hann fram sem viðbótar vatnsflaumur við regnið (Mbl. 15.11.).

**BARÐASTRÖND:** Skriðuföll voru meira og minna á Barðaströnd, allt inn fyrir Arnórsstaði. Tvær skriður félru í Miðhlíð og tók þar af vatnsból. Skemmdir urðu miklar á girðingum á Barðaströnd. ...Við Arnórsstaði félru þjár skriður sem stórskemdu veginn á því svæði (Mbl. 15.11.).

**RAUÐISANDUR:** Skriður hafa hlaupið á Rauðasandsveg og lokað honum (Vísir 14.11.). ...Á veginn niður Bjarnargötudal (Bjarnkötludal?) á Rauðasandi hafa fallið margar skriður og er hann algerlega ófær (Tím. 15.11.). ...Milli kl. 15 og 16 félru skriður á þjá bæi á Rauðasandi. ...Stakkar, sem er næst ysta byggða jörðin á Rauðasandi, varð fyrir verulegum skemmdum af tveim skriðum, er félru beggja vegna við íbúðarhús og skepuhúsin, og einnig á vatnsból. Skriðurnar félru báðar innan túns. Í Gröf félru þjár skriður á tun og tók af vatnsból, en hús sakaði ekki. Kirkjuhvammur varð fyrir verulegu tjóni. Féllu þar þjár skriður, tvær utan túns og ein innan. Stöðvaðist hún er hún hafði runnið fast að peningshúsum jarðarinnar og hlóðst þar upp (Mbl. 14.11.). ...Í Kirkjuhvammi hefur eyðilagst um 30 hesta tun. Pykk aur- og malarskriða hefur fallið kringum fjárhús á túninu og tept aðgang að þeim. Margar skriður hafa fallið á beitiland jarðarinnar. Í Gröf félru skriða og fyllti gamla hlóðutóft og síðan fram á túnið. Tvær skriður félru á túnið á Stökkum og urðu miklar skemmdir á túninu. Í Gröf og Stökkum hafa vatnsból fyllst af skriðuföllunum, og er vatnslaust á báðum bæjunum (Tím. 15.11.).

**PATREKSFJÖRÐUR.** Á Patreksfirði hafa skriður hlaupið, en ekki valdið tjóni, en tunga úr skriðu stöðvaðist í námunda við íbúðarhús við Urðargötu. Vegurinn kringum Patreksfjörð hefur einnig lokast af skriðum. ...Kleifaheiði hefur einnig

lokast vegna skriðufalla (Vísir 14.11.). ...Skriða hefir fallið í Kleifum, sem veldur því að Barðastrandarvegur er ófær. Skriður hafa og fallið á Skálpadalshlíð og víðar og er vegur því ófær frá Patreksfirði til Örlygshafnar og Rauðasands. Ennfremur hefur mikið grjóthrun verið úr Hafnarmúla, sem er innan við Örlygshöfn (Mbl. 14.11.).

**ARNARFJÓRÐUR:** ...stöðvaði bíl sinn allskyndilega þegar skriða féll fyrir fram-an hann á veginn. Bílstjórin fór út úr bílnum og til Mjólkárvirkjunarnar (Arnarfjörður) sem er þar skammt frá. En á meðan tók önnur skriða bílinn niður í fjöru (Aþb. 16.11.).

**ÓSHLÍÐ:** Víðar urðu skemmdir á vegum á Vestfjörðum af skriðuföllum, svo sem Bolungarvíkurvegi (Óshlíð) (Þvl. 15.11.).

**SKAGAFJÓRÐUR:** Á Norðurlandi vestan til urðu einnig nokkrar vegaskemmdir t.d. féllu skriður á veginn að Hólum í Hjaltadal (Þvl. 15.11.).

*Heim: Vísir 14.11. 15.11. Mbl. 14.11. 15.11. Tím. 14.11. 15.11. Þvl. 15.11. Aþb. 16.11. Veðr. nón. Ól. Jóns. '74.*

**ATH:** Þvl. er eina heim. um skriðuföll á Bolungarvíkurveginn (Óshlíð) og á veginn að Hólum í Hjaltadal. Hér gæti eitthvað verið málum blandið.

## 1962

### 28. jan. BÚLANDSHÖFÐI.

Skriður.

Sunnan lands og vestan var víða mjög mikil rigning dagana 27.-29. Vatnavextir og vegaskemmdir.

Skriður féllu á nýja veginn á Búlandshöfðanum á Snæfellsnesi (Mbl. 30.01.).

*Heim: Mbl. 30.01. Ól. Jóns. '74.*

### 8. febr. HVALFJÓRÐUR.

Skriður.

Umhleypingar.

Í fyrradag (08.02.) féllu aurskriður beggja megin við Staupastein í Hvalfirði og stöðvaðist umferð um veginn um stundarsakir. ...vegheflar voru þarna næristaddir, höfðu verið að ryðja krap af veginum og fóru þeir strax í það að ryðja skriðurnar af veginum. Tók það þá 5-6 klst (Vísir 10.02.). ...Um kl. 16 í fyrradag (08.02.) féllu snjóskriður yfir veginn í Hvalfirði beggja vegna við Staupastein (Tím. 10.02.). ...Á miðvikudaginn (07.02.) rigndi svo mikið að skemmdir urðu á vegum í nágrenni Reykjavíkur. Og í Hvalfirði féllu skriður á veginn báðum megin við Staupastein (Mbl. 10.02.).

*Heim: Vísir 10.02. Tím. 10.02. Mbl. 10.02.*

**ATH:** Eitthvað er dagsetning á reiki og hvort hér voru á ferðinni snjóflóð eða aurskriður.

## 18. febr. SAUÐÁRKRÓKUR.

Skriða.

Sunnanveður með rigningu og ofsa, asahlálka.

Sl. laugardag (17.02.) kyngdi hér niður snjó í kyrrlátu veðri, svo að um kvöldið var kominn djúpur snjór, laus og jafnfallinn. Gerði þá asahláku, hvassviðri og stórfellda rigningu, svo að allt rann í sundur. Var á tímabili um að litast eins og hafsjór um allt og fossandi vatnsföll niður yfir bæinn. Á nokkrum stöðum rann inn í kjallara húsa og urðu af einhverjar skemmdir. Á einum stað fíll skriða niður á veg (Dagur 28.02.). ...Þá fíll skriða á ysta húsið í bænum, Helgafell, sem stendur uppi við Nafir. Skriðan fíll á skúr og braut hann eitthvað, og vatn komst inn í húsið, en skemmdir urðu ekki stórvægilegar (Tím. 23.02.).

*Heim: Tím 23.02. Dagur 28.02. Veðr. febr. Öl. Jóns. '57.*

## 13. apr. BÚLANDSHÖFÐI, SVEIFLUHÁLS, VESTUR EYJAFJÖLL (Steinar).

Skriður.

Hitaskil nálguðust landið suðvestan úr hafi að kveldi þ. 12. og hvessti þá af suðaustri með slyddu og síðar rigningu á Suðvesturlandi. Úrkamusvæðið þokaðist norðaustur yfir landið daginn eftir. Rigndi mikið um allt vestan- og sunnanvert landið austur fyrir Hornafjörð, en þó sérstaklega á Síðu og í Öræfum. Á Snæfellsnesi gerði sunnanrok og rigningu og urðu fokskáðar á norðanverðu nesinu.

Aðfaranótt föstudags (13.04.) ...þrjár skriður fíllu á Búlandshöfðaveginn og er hann nú ófær (Mbl. 14.04.). ...Á Búlandshöfðaveginn nýja fíllu sex skriður, og lokuðu umferð algerlega (Tím. 14.04.).

Við Kleifarvatn (Sveifluháls) runnu skriður á Krísvíkurveginn og lokaðist hann um tíma (Tím. 14.04.).

Síðdegis á föstudag (13.04.) fíll skriða að Hvolstungu, Steinum undir Eyjafjöllum. ...Að Steinum er fimmþýli, og stendur bærinn Hvolstunga upp undir fjallinu. Um sexleytið kom mikið hlaup í bæjarlækinn og fíll aur og stórgrytisskriða niður gamla farveginn (Steinalækur), sem var á aðra mannhæð á dýpt og fyllti farveginn. Fór skriðan milli íbúðarhússins og fjóssins, en á milli þeirra eru um 30 faðmar. Skriðan hljóp allt niður á veg. Lítið af henni mun þó hafa farið yfir veginn sjálfan. Mikill hluti túnsins að Hvolstungu er nú undir leðju og grjóti (Mbl. 17.04.).

*Heim: Vísir 14.04. Mbl. 14.04. 17.04. Tím. 14.04. Veðr. apr. Öl. Jóns. '74.*

ATH: Mbl. segir fyrst að skriðan við Steina hafi fallið á föstudag (13.04) og síðan á laugardag (14.04.).

## 15. apr. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Hitaskil nálguðust landið suðvestan úr hafi að kveldi þ. 12. og hvessti þá af suðaustri með slyddu og síðar rigningu á Suðvesturlandi. Úrkamusvæðið þokaðist norðaustur yfir landið daginn eftir. Rigndi mikið um allt vestan- og sunnanvert landið austur fyrir Hornafjörð, en þó sérstaklega á Síðu og í Öræfum. Í kjölfar hitaskilanna brá til hlýrrar, stundum allhvassar, suðlægrar áttar, sem hélst fram til þ. 15., og rigndi þá töluvert vestan og sunnanlands. Asahláka varð víða um land og víða flóð og vegaskemmdir.

Á sunnudaginn (15.04.) félru skriður á veginn úr Múlafjalli í Hvalfirði, en ekki meiri en svo að vörubílar komust strax yfir þær (Tím. 17.04.).

*Heim: Tím. 17.04. Ól. Jóns. '74.*

## 26. maí LAUGARVATNSFJALL.

Skriða.

Veðri á Laugarvatni var þannig hártað dag þennan, að það var logn, blindþoka og ýringsregn framan af degi, sem færðist sí og æ í aukana, er á daginn leið. Eigi er það óalgengt í skúraveðri, að hérna í nánd við Laugardalsfjöllin séu skúrir, hellidembur, oft og einatt mjög staðbundnar. ...Þokunni létti um um kvöldið þannig að greinilega sást upp eftir hlíðum fjallsins. ...Geta má sér þess til, að á laugardagskvöldið hafi gjört skýfall par uppi í fjallshlíðinni (Suðurland 09.06.). ...Fyrst sást ekkert, því þoka var efst í fjallinu. ...Allan laugardaginn hafði rígt óskaplega mikið þarna (upptakasvæði), svo að það var skýfalli líkast (Tím. 29.05.). ...Ég sá þá skriðuna koma undan þokunni (Mbl. 29.05.).

Kl. 21:25 heyrðust dunur í lofti, svo að miklum mun meira gekk á en í Heklugosinu 1947 (Suðurland 09.06.). ...Gnýrinn var geysilegur. Það var líkast sem þrýstiloftsfluga flygi yfir. ...Klukkan var 22:30 (rétt 21:30.) eða þar um bil (Mbl. 29.05.).

Skriðuhlaupið átti sé upptök í tæplega 500 m hæð í fjallinu (Mbl. 30.05.). ...Taldist honum (Guðmundur Kjartansson jarðfr.) til, að skriðan hefði byrjað í 474 m hæð frá jafnsléttu. ...Skriðan hefur komið upp í gegnblautum mel ofarlega í fjallinu, og er athylisvert, hversu lítill bratti er þar. Guðmundur tók líka sérstaklega eftir því, að skriðan hefur ekki runnið á jarðklaka eins og oftast er í skriðuföllum. Þarna voru engin merki um klaka í jörðu. Allan laugardaginn hafði rígt óskaplega mikið þarna, svo að það var skýfalli líkast, og var melurinn líklegast orðinn gjörsamlega vatnsósa þegar skriðan fíll (Tím. 29.05.). ...Par sem skriðan átti upptök sín, er þverhnýptur stallur 50-60 cm hár, rétt eins og stungið hefði verið fyrir með skóflu (Suðurland 09.06.).

Alveg uppi á efstu brún Laugarvatnsfjalls, á móts við og innan við innstu hús staðarins, hóf sig til flugs skriða, fyrst eigi ýkja breið um sig, en þandi sí og æ út vængi sína, eftir því sem neðar dró í hlíðina. Sópaði hún með sér stórgryti, jarðvegi öllum, þar sem hún lagði leið sína, og gróðri. ...Þessi býsn, sem þarna ruddust niður á skemmri tíma en tveim mínútum, ultu fram í fimm meginstraumum. Réðu gilskorningarnir uppi í hlíðinni mestu um það, hvernig óhroðinn dreifðist. Dýpsta gilið var t.d. andartak fullt á barma, síðan spjó það fram úr sér með leiftur hraða þessum ófognuði. ...Sú kvíslin, sem vestast lagði leið sína, stefndi beint á íbúðarhús (dr. Haralds Matthíassonar). ...En aðeins voru 25 m heim að húsinu, þar sem ófreskjan nam staðar. Dembdi sér yfir þjóðveginn og víðast hvar á 320 m kafla, en það má telja breidd skriðunnar hið neðra. ...Eins og fyrr er að vikið, svipti skriðan með sér öllum gróðri á leið sinni. En inn á milli hinna auðu og ömurlegu klappa, eru smá gróðurvinjar. ...Svo sem fyrr er að vikið, er breiddin að neðan 320 m. Þaðan munu fullir 400 m að upptökum skriðunnar. Efst í fjallinu er hún mun mjórri. ...Það þarf vissulega eigi að geta þess að skógar-girðingin ýmist hvarf undir skriðuna á þessu svæði eða sviptist burt. Skriðan teygði sig lengst niður á við að barnaskólanum, sem er í smíðum og stendur neðst á "tjaldagrundinni". ...Er grundin að mestu í kafi af moldarleðju og stórgryti. Skólanum gjörði hún þó ekki mein. Eftir að skriðan hafði tekið sér náttból, beljuðu fram lækir í striðum straumum úr öllum skorningum fjallsins á þessum

slóðum. Bendir það til þess að úrkoman þar efra hafi verið óhemju mikil (Suðurland 09.06.).

Skriðan tók geysimikið af skógi, og er ljótt að sjá þetta fallega fjall núna, allt flakandi eftir skriðufallið. ...Ekki munu hafa liðið nema ein til tvær mín. frá því er drunurnar heyrðust fyrst, þangað til skriðan stöðvaðist, svo þetta gerðist allt á örskömmum tíma. ...Fyrst hefur skriðan runnið í mjórri rás, sem hún hefur skafið í fjallinu. Er hún kom niður í miðjar hlíðar, breiddi hún hins vegar mikið úr sér og rann í nokkrum kvíslum niður hlíðina. Mikill flaumur féll niður Vatnslekagil og fyllti það alveg út, eins og vatn hefði runnið um það. Hún féll yfir veginn á þremur stöðum, og voru hólmar á milli. ...Hún rann um km í láréttu stefnu (frá upp-tökum?) (Tím. 29.05.). ...Þar sem skriðan fór niður fjallið eru nú berar móbergshellur eftir. ...en skörð og geilar eru í trjágróðrinum, eins og þar hafi eldur eða annað verra farið um á 40-80 m breiðu svæði. ...Skriðan skiftist. Aðalflaumurinn fyllti hið djúpa Vatnslekagil (10-20 m þar sem það er dýpst), en síðan breiddist úr skriðunni. ...Vegurinn stöðvaði skriðuna að mestu (Mbl. 29.05.).

Önnur vitni skýrðu svo frá, að mikil vatnsgufa hefði stigið upp af skriðunni og jafnvel hefðu verið eldglaeringar í henni, þegar stórgrýtið skall saman. Vegna vatnsgufunnar sást skriðufallið ekki vel, nema framveggurinn, þegar skriðan geystist fram (Tím. 29.05.).

Náttúrufræðingar sem séð hafa staðinn telja að klaki í jörðu hafi ekki verið aðalorsökin, heldur óvenjulegar rigningar, sem ýtt hafi af stað tiltölulega þunnum gróðri á móbergshellu (Mbl. 29.05.).

*Heim: Tím. 29.05. Mbl. 29.05. 30.05. Vísir 29.05. Áþb. 29.05. Suðurland 09.06.*

*Veðr. maí. Ól. Jóns '74.*

ATH: Vantar Þvl. 29.05. á Amtið.

#### 14.-15. júní HÖRGÁRDALUR, ÓLAFSFJÖRÐUR, SEYÐISFJÖRÐUR.

Skriður.

Síðan brá til hvassrar austnorðaustan- og norðaustanáttar með rigningu, og snjókomu á hálandi, um austan- og norðanvert landið. Var úrkoman sérstaklega mikil á norðanverðum Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austfjörðum þ. 14. og 15. Mikil rigning var á Siglufirði þ. 14. og komu flóð í alla læki. Urðu miklar skemmdir er vatn flæddi í kjallara húsa og einnig urðu fokskemmdir. Um tíma töldu menn talsverða skriðuhættu í fjallshlíðinni ofan við bæinn (Þvl. 15.06. Vísir 15.06. Mbl. 16.06.).

**HÖRGÁRDALUR (14.06.):** Fádæma vatnsveður gekk yfir Norðurland 13. til 15. júní sl. Olli það skriðuföllum og skemmdum á engjum, túni og girðingum í Sörlatungu í Hörgárdal. Fremst í Sörlatungulandi í utanverðum Barkárdal vestan ár fellu tvær skriður að kvöldi hins 14. þ. m. Urðu skriðuföll þessi úr hjalla, sem er á milli Hafifrár að norðan og Féeggsstaðaár að sunnan. Hjalli þessi er ekki mjög brattur en er viða sundur skorinn af giljum og grafningum. Óvenjumikill vatns-flaumur mun hafa valdið því, að jarðvegurinn sprakk fram efst í tveimur giljum við hjallabrun. Önnur skriðan, hin stærri, tók af hagaspildu og hluta túns, svo og girðingu um það, hjallamegin. ...Hin skriðan tók engjaspildu góða. Auk þessa eyðilögðu skriðurnar vörlugirðinguna á tveimur köflum. Mjög er hætt við, að kindur hafi farist í skriðunum, þar eð þær hömuðu sig í giljum og lægðum meðan mesta hrakviðrið gekk yfir (Dagur 20.06.).

**ÓLAFSFJÖRÐUR (16.06.):** Hér hefur verið norðaustan stórrigning með krepjuhríð upp til fjalla öðru hvoru undanfarna daga og er enn. Þó tók út yfir í

gærkvöldi (15.06.), er hann gerði haglél, og á eftir gerði slíka stórdembu, að líkast var sem skrúfað hefði verið frá óteljandi krönum. Stóð demban fram eftir nóttu og núna fram á dag. Þegar menn vöknudu í morgun (16.06.) runnu stórelfur eftir sumum götum bæjarins, svo varla var stígvelafært, og mun vatn hafa runnið inn í kjallara í sumum húsanna. Um kl. 11 hljóp fram aurskriða úr fjallinu hérna fyrir ofan bæinn, og rann á tvö hús í brekkunni og stórskemmdi tvær lóðir. Einnig rann inn í annan kjallarann. Skriðan stórskemmdi Hornbrekkuveginn, gróf hann niður, og er hann nú ófær bílum. Skriðan tók sig upp um miðbik fjallsins, og var um 40 og 50 m breið. Mest var um aur og leðju í henni, en minna af stórgryti, og hefði hún eflaust valdið enn meiri skemmdum, ef hún hefði byrjað ofar í fjallinu. Um leið og skriðan féll, jókst vatnselgurinn mikið í bænum og rann þá víða mikið vatn inn í kjallara húsa og hafa orðið af því nokkrar skemmdir (Tím. 17.06.).

**SEYÐISFJÖRÐUR** (15.06-16.06.): Sólarhringsúrkoma á Seyðisfirði nam 108.5 mm (15.06.) og óttuðust því Seyðisfirðingar mjög skriðuföll úr Strandatindi, en sú hætta leið hjá (Vísir 15.06. 16.06). Sá ótti var ekki af ástæðulausu: ...Á laugardaginn (16.06.) félru enn þrjár skriður hér norðanmegin í firðinum, en á föstudaginn (15.06) höfðu verið hér allmikil skriðuföll. Nú er komið í ljós að alls hafa bændur misst 20 kindur í skriðunum og léztust 5 í einni þeirra (Vísir 18.06.).

*Heim: Pvl. 15.06. Vísir 15.06. 16.06. 18.06. Mbl. 16.06. Tím. 17.06. Dagur 20.06.  
Veðr. júní. Ól. Jóns '74.*

## 7. okt. HVALFJÖRÐUR.

Skriða.

Um kl. 11 fyrir hádegi á sunnudaginn (07.10.) hljóp skriða úr Múlafjalli sunnan Hvalfjarðar og færði vegginn í kaf á 20 m kafla. Mikil úrkoma var í Hvalfirði á sunnudagsnóttina. Skriðan hljóp undan stuðlabergi sem er efst í fjallinu, en það er mjög bratt í sjó fram. Aurdýngjan á veginum var nær 2 m þykk, en engin björg fylgdu henni. ...Fyrir nokkru hrundi spilda af stuðlabergi úr Múlafjalli og skemmdi girðingu, en kom ekki á vegginn. Skriðuföll eru þó sjaldgæf á þessum slóðum (Tím. 09.10.). ...Var þetta grjót og aurskriða (Mbl. 09.10.).

*Heim: Vísir 08.10. Tím. 09.10. Mbl. 09.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '74.*

## 20. okt. AUSTUR BARÐASTRANDARSÝSLA (Djúpifjörður), BARÐASTRÖND, DÝRAFJÖRÐUR, ÖNUNDARFJÖRÐUR, ÖXNALDUR.

Skriður.

Þ. 20. voru lægðir suðvestan og vestan við land, og vindur snérist til suðurs með mjög mikilli rigningu sunnan lands og vestan. Vegir um vestan og norðanvert landið spilltust mjög af vatnavöxtum.

Veg hefur tekið af á nokkrum stöðum í Djúpafirði (A-Barðastrs.) m.a. á 100 m svæði á einum stað (Vísir 22.10.).

Skriða hefur hlaupið yfir vegginn hjá Arnórsstöðum (Barðastönd) (Tím. 23.10.).

Vegurinn í kringum Dýrafjörð er lokaður vegna aurskriðu, sem féllo norðan megin fjarðarins og tók þar sundur vegginn (Mbl. 21.10.). ...Þá hafa orðið skemmdir í Dýrafirði hjá Ketileyrará, í Drangahlíð og Brekkudal (Vísir 22.10.). ...Margar skriður hafa fallið í Brekkudal og Keldudal (Aþb. 23.10.). ...Skriðuföll urðu í Brekkudal og Keldudal (Mbl. 23.10.).

Önundarfjörður: Féllu 17 skriður á veginn út í Valþjófsdal (Mbl. 21.10.). ...Margar skriður hafa fallið í Valþjófsdalsfæruru (Aþb. 23.10.). ...Skriðuföll urðu í Valþjófsdal (Mbl. 23.10.).

Öxnadalur: Skriða hljóp yfir veginn við Bakkasel, en hún mun fljótlega hafa orðið fær (Tím. 23.10.).

*Heim: Mbl. 21.10. 23.10. Vísir 22.10. Tím. 23.10. Aþb. 23.10. Þvl. 23.10. Ól. Jóns '74.*

ATH: Skriður hafa eflaust fallið víðar, en erfitt er að átta sig á því af hvaða orsökum vegaskemmdir hafa orðið.

## 22.-23. des. HVALFJÖRÐUR, STRANDIR (Norðurfjörður).

Skriður.

Mikil úrkoma var þ. 21. og 22. alls staðar nema norðaustan til á landinu. Lægð var að dýpka vestan við land þ. 21. og 22., en hreyfðist síðan norðaustur á bóginn þ. 23.-24.

...Þó höfðu skriður fallið á Hvalfjarðarveginn um kl. 10:30 í morgun (22.12.). ...Höfðu skriður fallið allviða á veginn, en mest fyrir innan Skeiðhól. ...enn er talsverð hætta á skriðuföllum í Hvalfirði, einkum ef veðrið verður lengi svona (Tím. 23.12.).

Á Þorláksmessudag var slíkt ofsarok og regn, að það orsakaði stórfloð í lækjum og ám hér um slóðir (Standir). Urðu víða skemmdir á vegum. ...Sama dag (23.12.) féll skriða í Krossneslandi, skammt utan við Kaupfélag Standamanna í Norðurfirði. Skriðan féll ofan úr fjallshlíð í sjó fram. Þegar kom niður fyrir hlíðarrætur, beiddi skriðan úr sér og rann yfir á u.p.b. 60 m breiðu svæði og flutti með sér mikinn aur og grjót. Skriðan flæddi yfir veginn hjá Krossnesi, skemmdi hann á kafla og gerði stór spjöll á engi Krossneslands (Tím. 29.12.).

*Heim: Tím. 23.12. 29.12. Veðr. des. Ól. Jóns. '74.*

1963

## 2. mars LAUGARVATNSFJALL.

Skriður.

Fyrstu fimm daga mánaðarins var suðaustanátt og rigning um allt sunnan- og vestanvert landið.

Seinnipartinn í dag (02.03.) féllu á sama tíma tvær skriður úr fjallinu fyrir ofan byggðina (á Laugarvatni). Skriðurnar féllu á sama stað og stóra skriðan í fyrra (26.05.62.). ...Miklar drunur fylgdu skriðunum og var uggur í fólkí á staðnum, en til allrar hamingju stöðvuðust skriðurnar þegar þær voru komnar niður í mitt fjall (Mbl. 06.03.).

*Heim: Mbl. 06.03. Veðr. mars. Ól. Jóns. '74.*

## ? mars ESKIFJÖRÐUR.

Skriður.

...og um miðjan mánuð félle skriður á veginn milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar (Veðr. mars.)

*Heim: Veðr. mars.*

ATH: Ekki hafa fundist aðrar heimildir fyrir þessum skriðuföllum.

## 27. mars SKAGAFJÖRÐUR (Drangey).

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Þ. 27.03. kl. 23:15 varð jarðskjálfti að stærð 7 á Richterskvarða út af mynni Skagafjarðar (Skagafjarðarskjálftinn).

Sennilegt er að víða hafi hafi hrunið úr bökkum og klettum, einkum í héruðunum næst upptökum, þótt fátt sé um heimildir. En sennilega hefur það verið lítið að magni og vakið litla eftirtekt. Í Tím. 29.03. er til þess tekið að bæði Kerlingin við Drangey og Hvítserkur hafi staðið af sér hræringarnar.

...Hann segir aðalástæðuna fyrir minna varpi í Drangey nú, hrún í helstu varpstöðvunum og urðu skemmdir á þeim hvað stórkostlegar í jarðskjálftunum 1963 (Feykir 05.06.91.).

*Heim: Páll Halldórsson 1984: Skagafjarðarskjálftinn 1963, Veðurstofa Íslands.  
Feykir 05.06.91.*

ATH: Hugsanlega er í fréttinni í Feyki 05.06.91 átt við hrún sem varð í Drangey ári seinna og ártöl eitthvað ruglast saman hjá heimildarmanni.

## 21. apr. ÓLAFSVÍKURENNI.

Grjóthrun.

Sl. sunnudag var jeppabifreið á leið frá Sandi til Ólafsvíkur og fór undir Enni. Þegar hann var kominn inn á Klif, eftir að komið er upp úr fjörunni Ólafsvíkurmegin, hrundi grjót úr Enninu. Lenti einn allstór steinn á bílnum fyrir framan húsið og reif af honum vélarhúsið og annað brettið og snéri bílnum alveg við á veginum. ...Pá sem voru í bílnum sakaði ekki. ...Hélt steinninn áfram um 30 m eftir að hann lenti á bílnum og stansaði þar í túni. Ekki lento fleiri steinar á bílnum, en einhverjir komu fyrir aftan hann og framan. Hafa því mennirnir sloppið naumlega, því ekki hefðu þeir þurft að vera komnir nema nokkrum cm lengra til að fá hann á húsið, þar sem þeir sátu. Oftar hefur komið fyrir að grjót hafi lent á farartækjum undir Enninu, t.d. slapp bíll með börnum í naumlega í hitteðfyrra (Mbl. 27.04.).

*Heim: Mbl. 27.04. Ól. Jóns. '74.*

## 12. maí ESKIFJÖRÐUR.

Skriða.

Aðfaranótt sunnudags (12.05.) og fram á dag rigndi mikið á Austur- og Norðurlandi og urðu spjöll á vegum austanlands og norðaustan, en vegirnir á Norðurlandi eru óskemmdir, en blautir.

Vegirnir niður á firðina urðu ekki eins illa úti. En aurskriða féll á veginn skammt

frá Eskifjarðarkauptúni og skemmdi hann. ...Pá féll snjóskriða á Oddskarðsveginn og lokaði honum (Mbl. 14.05.).

*Heim: Mbl. 14.05. Ól. Jóns. '74.*

**ATH:** Ól. Jóns. '74 getur þess að tveir menn hafi slasast er grjóthrun varð í Ólafsvíkurenni þ. 25.08. og ber fyrir sig Mbl. 28.08. Mennirnir voru að vinna við sprengingar vegna vegalagninga undir Enni og varð grjóthrunið við sprengingu.

## 1964

### **mars DRANGEY.**

Grjóthrun.

Mikið hrún hefur nýlega orðið úr Hæringshlaupi í Drangey, og er nú svo komið að allur suðurhluti fjörunnar, sem þar var er þakinn urð. Urðin nær allt að svonefndum Stórasteini og einnig er mikil urð austan við fjöruna undan Hlaupinu. ...Fuglamenn hafa yfirleitt haft aðsetur þarna í fjörunni og var þar rúm fyrir allt að hundrað manns. ...Ekki hefur hrunið úr Drangey annars staðar í þetta sinn svo séð verði (Mbl. 03.04.).

*Heim: Mbl. 03.04. 08.04.*

ATH: Mynd af hrúninu er í Mbl. 08.04.

### **22. ág. ÓLAFSJÖRÐUR (Kleifarhorn).**

Skriður.

Hér hefur verið rigning eða slydda alla síðastliðna viku, og snjóað í fjöll öðru hvoru. Á föstudagsmorguninn (21.08.) var alhvít á láglendi. En snjó þennan tók að mestu upp á laugardaginn (22.08.), en þá var aftaka rigning allan daginn og hljóp mikill vöxtur í ár og læki, svo að mikil flóð mynduðust á láglendi.

Um kvöldið hlupu fram þrjár skriður í svokölluðu Kleifarhorni. Tvær skriðurnar félru fram með stuttu millibili, og runnu saman þegar niður á Kleifarveginn kom og færðu hann í kaf á 60-80 m kafla. 200 m norðar fél stærsta skriðan í djúpu gili og rauf þar stórt skarð í veginn. Hefur umferð um veginn verið algjörlega lokuð frá því á laugardagskvöld (Tím. 25.08.).

*Heim: Tím. 25.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '74.*

### **31. ág.-3. sept. VATNSDALUR.**

Skriður.

Frá óveðurskafla sem hófst 17.08. var stöðug kuldatíð fram til 29.08. Sunnanlands var oftast þurr, en úrkamusamt á norðanverðu landinu og alloft slydda eða snjókoma. Síðstu 3 daga ág. hlýnaði í veðri og héldust þau hlýindi 3 daga fram í sept. Talsvert rigndi og leysti þá snjóa í fjöllum.

Um kl. 21 í gærkvöldi (31.08.) fél skriða úr Vatnsdalsfjalli milli Bjarnastaða og Másstaða. ...Pá heyrðum við mikla skruðninga í fjallinu. Þegar við vorum skammt komnir á leið, sáum við hvar skriða var að falla yfir veginn og varð hann sam-

stundis ófær. Skriðan á upptök sín í lækjargili hátt í fjallinu, en skammt fyrir ofan veginn þrýtur gilið. Þar sem skriðan flæðir yfir veginn er hún 40-50 m á breidd. Nokkur hluti skriðunnar nær alveg niður í Flóð. Allir lækir í fjallinu eru nú eins og í vorleysingum, kolmórauðir og vatnsmiklir og við og við, falla smáskriður í suma þeirra (Mbl. 02.09.). ...Mikið flóð hljóp í bæjarlækinn að Hjallalandi í Vatnsdal seint í gærkvöldi (01.09.) og breyttist farvegur hans að mun (Mbl. 03.09.).  
 Enn er mikill vöxtur í öllum lækjum í Vatnsdal (02.09.), enda þótt ekkert teljandi hafi rígt á því svæði tvo síðustu dagana. Er vöxturinn af völdum leysinga. Flestir lækirnir eru þó nokkru vatnsminni í dag en undanfarna daga. Kl. 19-20 í kvöld hljóp skyndilegt flóð í læk, sem rennur í gegnum túnið að Bjarnastöðum. ...Var mikill grjótruðningur í læknum en þó lítið til skemmda (Mbl. 03.09.).  
 Kl. 01 í nótt (03.09.) féll enn ein skriða úr Vatnsdalsfjalli örskammt norðan við Hjallaland og nær hún niður að vegini. Ekkert tjón varð af skriðunni. Tvær aðrar smáskriður félhu hjá Hjallalandi fyrir nokkrum dögum. ...að annað hlaup hafi komið í lækinn (hjá Bjarnastöðum) laust eftir miðnætti (03.09.), en þó ekki valdið tjóni. Í allan dag hefur lækurinn verið í óvenjumiklum vexti (Mbl. 04.09.).

*Heim: Mbl. 02.09. 03.09. 04.09. Tím. 02.09. Ól. Jóns. '74.*

### sept.? EYJAFJÖRÐUR (Stekkjarflatir í mynni Sölvadals).

Skriða.

Mikil skriða félí í úrhellisrigningu að haustlagi ofarlega úr Möðruvallafjalli og eftir gili á mörkum jarðanna Stekkjarflata og Bjarkar í Sölvadal. Skriðan félí með miklum drunum snemma morguns, stuttu fyrir göngur, og niður í gil Núpár og stíflaði hana. Svo mikil var skriðan að hluti af henni slettist upp á bakkann hinum megin. Þurrð varð í Núpá um hríð, en þegar stíflan brast var sem svartur drulluveggur ryddist niður Núpárgljúfur (Munnlegar upplýsingar frá Steingrími Ragnarssyni, Akureyri (áður bónda á Stekkjarflötum), - gögn H.G.P.).

*Heim: Gögn H.G.P.*

### 21. okt. ÖNUNDARFJÖRÐUR (Valþjófsdalur).

Skriður.

Þ. 21. runnu sex skriður á veginn í Valþjófsdal í Önundarfirði.

*Heim: Veðr. okt. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ekki hafa aðrar heimildir fundist fyrir þessu skriðufalli.

1965

### 22. febr. AUSTUR EYJAFJÖLL, (Lambafellsfjall).

Grjóthrun, skriða.

Grjóthrun varð í morgun (22.02.) úr Lambafellsfjalli og lenti á bænum Lambafelli í Austur-Eyjafjallahreppi, sem stendur undir hlíðum fjallsins. ...Stór klettur losnaði úr fjallinu um 300 m frá bænum og hrapaði niður hlíðina, sem er snarbrött, en bærinn stendur á jafnsléttu undir henni. Á leiðinni hlutaðist bjargið sundur í margra hluta, sem lento víðs vegar og gerðu ýmiss konar usla (Mbl. 23.02.).

Furðu litlar skemmdir urðu á túninu, því aurskriðan staðnæmdist ofan við túnið, nema björg þau er fyrr voru nefnd (Tím. 23.02.).

Um kl. 10 í morgun, ...heyrði hann gný mikinn. Hélt hann fyrst, að flugvél flygi yfir og tæki svona undir í hömrnum fyrir ofan bæinn. Hraðaði hann sér út, en sá þá stóran klett á hlaðinu nokkra metra fyrir vestan fjósið. Var hann 6 m á lengd, 5 m á breidd og rúmlega mannhæðarhár. ...Tveggja tonna steinn hafði þá lent á fjósþakinu miðju, brotið það á hluta, þar á meðal 2-3 sperrur, en oltið síðan ofan af því og niður á haughús, sem stendur sunnan undir fjósvegg og brotið það. Milli fjóss og íbúðarhúss er skúr. ...Hafði um 2ja tonna steinn brotið skúrinn, og álíka stórt bjarg hafði stöðvast við vegg á norðurhorni íbúðarhússins. Fólksbíll stóð austan við íbúðarhúsið og hafði steinn lent á honum, klessti vélarhúsið, mölbraut framrúðuna og skemmdi vélina eitthvað. ...Pá brotnaði reykháfur á íbúðarhúsinu (Mbl. 23.02.). ...Hafði enn einn steinn, einnig um metri á hvern veg, farið fram sundið milli hlöðu og íbúðarhúss, brotið reykháfinn og staðnæmst fyrir framan bæinn. Þá hafði steinn af líkri stærð staðnæmst fast við búgluggann en ekki valdið skemmdum á húsinu (Tím. 23.02.).

*Heim: Tím. 23.02. Mbl. 23.02. 26.02. Veðr. febr. Ól. Jóns. '74.*

## 1. sept. SIGLUFJÖRÐUR.

Skriður.

Í gær var hér hiti og gott veður, eftir margra daga úrfelli og snjókomu, en í nótt gekk aftur á með úrfelli og mun það orsök skriðufallanna.

Þá féll og um kl. 13 í dag (01.09.) aurskriða úr fjallshlíðinni ofan við bæinn sunnan svokallaðra Gimbrakletta, skar í sundur veg, sem liggur upp í Hvanneyrarskál, fyllti á kafla svonefndan Efriskurð, en það er skurður sem ætlaður er til að taka á móti vatns- og aurrennslu úr fjalllinu, hélt áfram niður undir efstu hús bæjarins, en stöðvaðist í svonefndum Neðri-skurði, sem þjónar sama tilgangi og hinn. Hefðu þessir skurðir ekki verið til staðar er vafalaust að skriðan hefði valdið skemmdum á lóðum og máski öðrum verðmætum. ...Þá félru nokkrar smærri aurskriður úr Strákafjalli á vegarruðninginn út að jarðgöngunum (Mbl. 02.09.).

Í Siglufjarðarskarði fél snjóflóð á jarðýtu sem var að ryðja skarðið.

*Heim: Mbl. 02.09. Vísir 02.09. Ól. Jóns. '74.*

## 18.-20. okt. BISKUPSTUNGUR, HVALFJÖRÐUR, LUNDARREYKJADALUR, BRATTABREKKA, BÚLANDSHÖFÐI, ÁLFTAFJÖRÐUR (Narfeyrarskriður), DALIR (Svíndalur), ÓSHLÍÐ, ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarfjall), SÚÐAVÍK.

Skriður.

Þ. 18.-25. var mjög hlýtt í veðri. Á sunnan- og vestanverðu landinu var mjög rigningasamt. Snjóa leysti og urðu miklil flóð og víða vegaskemmdir.

BISKUPSTUNGUR: Skriða skemmdi skeiðvöll í Biskupstungum (Veðr. okt.).

ÓSHLÍÐ (18.10.): Skriður félru í dag á Óshlíðarveginn, út til Bolungavíkur (Mbl. 19.10.). ...Í nótt félru sex skriður á Óshlíðarveginn (Tím. 19.10.). ...Á Bolungarvíkurvegi hafa verið látlaus skriðuföll frá því fyrir helgi (16.10.) og vegurinn stórhættulegur allri umferð. Vegurinn hefur verið hreinsaður öðru hvoru, en lokast jafnharðan aftur (Vísir 21.10.).

ÍSAFJÖRÐUR (18.10.): ...og einnig á Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals og teptust þessir vegir. ...Hér á Ísafirði runnu nokkrar aurskriðum úr fjöllum í dag og um miðjan dag var nokkuð um grjótflug og m.a. sást gífurlega mikið bjarg falla

úr mikilli hæð niður undir byggðina skammt fyrir innan aðveitustöð rafveitunnar. Lenti bjarg þetta í mjúkum jarðvegi og stöðvaðist þar, átti þá skammt ófarið að húsunum neðar í hlíðinni (Mbl. 19.10.). ...Stórt bjarg féll úr svokölluðum Gleiðahjalla sem er hér fyrir ofan bæinn, og stöðvaðist bjargið fyrir ofan auð fjárhús. Spennistöð frá rafmagnsveitunum er þarna rétt hjá og munaði minnstu að bjargið lenti á henni. ...Geysileg úrkoma hefur verið hér í nótt og fram á dag, sem orsakaði þessi skriðuföll (Tím. 19.10.). ...60 tonna bjarg sem hrundi úr Eyrarfjalli, stöðvaðist 5 m frá húsum við Urðarveg á Ísafirði. ...Pessar miklu rigningar hafa verið stanslaust á Ísafirði undanfarna þrjá, fjóra daga og er nú grjóthrunið og skriðurnar þar nær látlausar (Abb. 21.10.).

**ÓSHLÍÐ** (19.10.): Aurskriður hafa fallið á Bolungarvíkurveginn og mikið grjót hrunið þar og lokaðist vegurinn í gær (19.10.), en hefur nú verið opnaður aftur (Mbl. 21.10.) Á Bolungarvíkurvegi hafa verið látlaus skriðuföll frá því fyrir helgi og vegurinn stórhættulegur allri umferð (Vísir 21.10.).

**HVALFJÖRÐUR** (20.10.): ...þannig féll skriða í Hvalfirði í nótt yfir veginn hjá Hvitanesi og var hann þegar ruddur í morgun (Pvl. 21.10.).

**LUNDARREYKJADALUR** (20.10.): ...en ekki hefðu orðið stórvægilegar skemmdir nema þar sem skriðan féll yfir veginn undan Arnbórholti í Lundareykjadal. ...Hafði skriða fallið úr fjallinu fyrir ofan bæinn lagt fjárhúsín í rúst, gjöreyðilagt traktor, skemmt mikið af túninu, og gert veginn fyrir neðan bæinn ófæran á löngum kafla. ...að heimilisfólkis hefði vaknað kl. að ganga 6 í morgun við að aur og grjót hefði brotið upp hurðir á bænum og brotist inn í eldhús. Þegar að var gáð, kom í ljós að skriða hafði fallið úr fjallinu fyrir ofan bæinn. Eyðilögðust fjárhúsín, ...einnig fjárhúshlaða. Allir skurðir í túninu fylltust af aur og grjóti, og túnið er þakið aur og grjóti á stórum kafla. Traktor, sem stóð við bæinn fór í smátt, en skriðan fór sitt hvoru megin við fjósið. Á veginum fyrir neðan bæinn er um það bil 200 m kafli þakinn aur og grjóti og var engum bíl fært um (Tím. 21.10.). ...Skriðan kom úr hálsinum fyrir ofan bæinn og er 600-700 m löng (Mbl. 22.10.). ...Hávaðinn var eins og í skruggu, en þetta gerðist svo hratt, að enginn hafði tíma til að óttast (Vísir 22.10.). ...Mikill hávaði fylgdi skriðunni og hrökk fólkis upp af værum svefn (Pvl. 23.10.).

**BRATTABREKKA** (20.10.): Skriða féll á veginn um Bröttubrekku þar sem kallað er Banavellir rétt sunnan við Austurá (Tím. 21.10.).

**BÚLANDSHÖFÐI** (20.10.): Þá féll aur á veginn fyrir Búlandshöfða, en hann mun þó ekki hafa verið ófær af þeim sökum (Tím. 21.10.).

**ÁLFTAFJÖRÐUR** (20.10.): Skriður féllu á Skógarstrandarveginn undir Narfeyrarhlíð, en ekki munu hafa orðið verulega skemmdir á veginum (Tím. 21.10.). ...Skriður féllu á veginn í Narfeyrarskriðum í Álfafirði og var hann lokaður í gær (Mbl. 21.10.).

**DALIR** (20.10.): Skriða féll í Svínadal, þar sem vegurinn liggur þó ekki, og allt út í á og stíflaði hana um skeið (Mbl. 21.10.). ...vestur í Dalasýslu. Þar féllu skriður yfir þjóðveginn í Svínadal og er hann nú lokaður fyrir allri umferð (Vísir 21.10.).

**ÓSHLÍÐ** (20.10.): Á Bolungarvíkurvegi hafa verið látlaus skriðuföll frá því fyrir helgi og vegurinn stórhættulegur allri umferð (Vísir 21.10.). ...Auk þess hefur verið stórhrun á Bolungarvíkurvegi alveg síðan í síðustu viku (Mbl. 22.10.).

**ÍSAFJÖRÐUR** (20.10.): ...Fjöllin eru öll á iði og hafa víða fallið aurskriður og grjót hrunið. Í nótt varð mörgum ekki svefnamt í íbúðarhverfunum undir Eyrarfjalli, því margar aurskriður féllu og hávaði var sem fallbyssudrunur, er stórgrýti hrundi niður fjallshlíðina (Mbl. 21.10.).

**SÚÐAVÍK** (20.10.): Aurskriður hafa einnig fallið á Súðavíkurveginn og einnig hrunið þar mikið grjót, en vegurinn helst þó fær (Mbl. 21.10.).

**ALMENNT UM VESTFIRÐI:** Víða hafa skriðuföll verið á vegum vestur á fjörðum, ...Er mikil mildi, að ekki hafa orðið slys á vestfirskum þjóðvegum, þar sem grjóthrunið hefur dunið yfir fyrirvaralaust og ætlið skyndilega og hafa jafnvel stór björg henst í loftkostum úr bröttum fjallshlíðum og niður á vegina (Pvl. 21.10.).

*Heim: Mbl. 19.10. 21.10. 22.10. 23.10. Tím, 19.10. 21.10. Vísir 19.10. 21.10. 22.10. Pvl. 21.10. 23.10. Áþb. 21.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '74.*

**ATH:** óvist er um dagsetningu skriðunnar í Biskupstungum, engar aðrar heim. en Veðr. Samfelld skriðuföll í Óshlíð, á Ísafirði og viðar á Vestfjörðum.

**3.-4. nót. AUSTUR BARÐASTRANDARSÝSLA** (Gilsfjörður, Porskafjörður, Klettsháls), **PATREKSFJÖRÐUR, DÝRAFJÖRÐUR, ÖNUNDARFJÖRÐUR** (Valþjófsdalur, Breiðidalur), **SÚGANDAFJÖRÐUR, BOLUNGARVÍK, ÓSHLÍÐ, HNÍFSDALUR, ÍSAFJÖRÐUR** (Eyrarhlíð, Kirkjubólshlíð), **SÚÐAVÍK.**

Skriður.

Þ. 3. þokaðist hæðarhryggur austur yfir landið, og vindur gekk til suðausturs og síðan suðurs og suðvesturs, en þá var vaxandi lægð á Grænlandshafi. Varð suðvestan stormur eða rok víða um vestanvert landið og mikil rigning á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þ. 4. var lægðin milli Vestfjarða og Grænlands, og vindur varð vestlægari. Þessa two daga hlýnaði talsvert. Eflaust hafa orðið leysingar og bætt við regnvatnið, sem orsakaði víða flóð og skriðuföll. Víða urðu vega-skemmdir.

**AUSTUR BARÐASTRANDARSÝSLA:** Í austursýlunni hafa skriður og vatns-flóð rofið veginn á mörgum stöðum. ...Þá hafa einnig orðið miklar skemmdir á Klettshálsi vegna skriðufalla og þar hafa ræsi bilað. ...í Porskafirði er vegurinn milli Kinnastaða og Kollabúða ófær og skriður hafa fallið um allan Gilsfjörð (Tím 05.11.).

**PATREKSFJÖRÐUR:** ...og enn fremur hefur hrunið úr Hafnarmúla á þjóðveginn og Vörðubrekku sem er á leiðinni til Breiðuvíkur og Hvallátra. Vegir eru þó færir (Mbl. 05.11.). ...urðu skriðuföll á vegina í Patreksfirði. Frá Vatneyri var sambandslaust við flugvöllinn á Sandeyri (Vísir 05.11.).

**DÝRAFJÖRÐUR:** ...meðal annars fél 30 m skriða á veginn í Dýrafirði (Vísir 04.11.). ...Þá hafa vegir í Dýrafirði lokast vegna skriðufalla (Mbl. 05.11.). ...Vörubílar frá Landsímanum hefðu í gær (03.11.) teppst við skriðu norðan Dýrafjarðar og snéru þá við. Í dag (04.11.) lögðu þeir aftur af stað og fór jarðýta með þeim. Mokaði hún margar skriður af veginum (Tím. 05.11.). ...Stór skriða fél í þremur álmum inni í firðinum og var bíll á milli og lokaðist inni (Áþb. 05.11.).

**ÖNUNDARFJÖRÐUR:** ...í Önundarfirði hefur verið mikið um skriðuföll og vegurinn um Breiðadal lokast. Einnig lokaðist vegurinn hjá Sólbakka (Mbl. 05.11.). ...að aurskriður hefðu fallið í Bjarnardal í Önundarfirði. ...að einar 8 skriður hefðu fallið á veginn í Breiðadalnum (Tím. 05.11.). ...Talsvert hefur fallið af skriðum hér í Önundarfirði í ofviðrinu í gær og fyrradag. Ein skriða fél við Sól-bakka, rétt utan við kauptúnið og hljóp þar einnig fram vatnsflóð. ...Vegurinn út í Valþjófsdal er ófær af skriðuföllum. Bíll lokaðist þar af og urðu menn úr honum að fara fótgangandi til byggða, undir hinum sæbratta Þorfinni (Áþb. 05.11.). ...en búið væri að telja yfir 10 skriður á þessum spotta (frá Hjarðardal og út í Valþjófs-

dal, Ófæruhlíð). Breiðadalur var tepttur á móts við Fremri-Breiðadal af skriðum. ..að 10 skriður hafi fallið á Breiðadal (Tím. 06.11.).

SÚGANDAFJÖRÐUR: ...urðu skriðuföll á vegina í Súgandafirði (Vísir 05.11.).

BOLUNGARVÍK: ...nokkrar skemmdir hafa orðið á túnum á tveim býlum. Tvær aurskriður félleu á túnið í Meirihlíð og ein féll á nýja sáðsléttu á Fremri-Ósi (Tím. 06.11.).

ÓSHLÍÐ: Skriður hafa fallið á Bolungarvíkurveginn og er hann lokaður, og hefur ekki enn verið kannað hve miklar skemmdir hafa orðið á veginum (Mbl. 05.11.). ...Einna mestar eru þær í Óshliðinni, og er vegurinn um hana meira og minna undir aurskriðum (Tím 05.11.). ...Hann kvað milli 20-30 skriður hafa fallið á veginn frá Sporhamri inn í Hnífsdal, sumar mjög efnismiklar, svo að vegurinn hefur horfið alveg á nokkrum stöðum og hefur bylst fram fyrir brún. Þungir steinar hafa á nokkrum stöðum sprengt frambrún vegarins, svo að stór skörð hafa myndast (Tím. 06.11.).

HNÍFSDALUR: Miklar skemmdir urðu á tveimur túnum í Hnífsdal vegna skriðufalla (Mbl. 06.11.).

ÍSAFJÖRÐUR (Skutilsfjörður): Kl. 08 í morgun (04.11.) byrjaði aurskriða að renna niður svokallaðan Stakkaneshrygg sem er rétt innan við Ísafjarðarkaupstað. Við það komust nýbyggð íbúðarhús við Miðtún, Sætún og Seljalandsveg í mikla hættu. Var mikið aurrennslí þarna niður fram undir hádegið, og var stór jarðýta höfð til taks til að ýta aurnum fram af Seljalandsveginum.

Um hádegisibilið í dag (04.11.), tók hann (ýtustjórin) þá eftir því, að mikil aurskriða var að koma niður og að skriðan stefndi beint á íbúðarhúsið Miðtún 29. Hann hafði snör handtök, hljóp upp á jarðytuna og tókst í tíma að komast á henni að húsinu. Gat hann lagt henni þannig að skriðan lenti á ýtutönninni og rann þannig fram hjá húshorninu. ...Alls munu 5 eða 6 skriður hafa runnið niður af Stakkaneshryggnum, og um fjögurleytið í dag kom stór skriða þaðan. Lenti hún á steinsteyptum bílskúr við Seljalandsveg nr. 72. Skriðan braut bílskúrinn niður.

Óhemju mikið af grjóti hefur borist niður í þessu aurrennslí og liggur mikið af því nú í kringum íbúðarhús við Seljalandsveg (nr.?) (Tím 05.11.).

...og félleu þar (Stakkanes) í gærdag 6 miklar aurskriður hátt ofan úr fjallinu niður í sjó á tímabilinu frá því kl. 08 til kl. 18 og var þá ekki útséð um áframhald. ...Þetta byrjar með þungum drunum og velta aurskriðurnar í bylgjulaga flaumi niður hlíðina og rísa allt að mannhæðarháar öldur og brotna eins og brotsjóar öðru hvoru og spýta þá út úr sér björgum og grjótregni með hvini og hvíssum og stöðvast ekki fyrr en úti í sjó. ...Þarna eru skriðurnar búnar að sópa burtu 10 m löngum steinsteyptum bílskúr og jarðýta hefur verið linnulaust að verja lítið steinhús þarna á mörkunum, en skriðuflaumurinn tekur yfir 30 m breitt belti. ...Þá hafa símastaurar og rafmagnsstaurar brotnað niður og glittir í víraflækjur í stórgrýtisurðinni. Eru það líklega um átta rafmagnsstaurar, sem hafa brotnað þarna niður. Þá hefur skemmst þarna nýbyggt hús og mikið er um lóðaspjöll (Pvl. 05.11.).

...Kl. 19:30 í gærkvöldi (04.11.) félleu mikil aurskriða niður svokallaða Miðhlíð, sem er milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Sleit hún sundur háspennulínuna út í Hnífsdal. ...Þegar þetta gerðist var þornað til og komið frost. Skömmu síðar, eða um átta leytið, félleu svo önnur skriða í Eyrarhlíðinni og lenti hún á húsinu Hnífsdalsvegi 35. ...Skriðan braut vegginn á svefnherberginu, þannig að hann lyftist frá gólfí og skriðan félleu inn í húsið (Tím. 06.11.).

Einnig hafa aurskriður fallið utan til á Hlíðarvegi, en ekki valdið eins miklu tjóni eða erfiðleikum og þær sem félleu úr innanverðri hlíðinni. Þó hafa þær náð niður að íbúðarhúsum við Hlíðarveg (Aþb. 05.11.).

Vegurinn til Hnífsdals lokaðist vegna skriðufalla (Mbl. 05.11.). ...að fimm eða sex skriður hefðu fallið á veginn út í Hnífsdal (Tím. 05.11.). ...Tvær miklar skriður félru á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals (Aþb. 05.11.).

Vegurinn yfir Breiðadalsheiði hefur lokast, en vegagerðarmenn hafa ekki getað kannað skemmdirnar vegna þess að skriða félill við svonefnt Tunguleiti á Dagverðardal skammt frá bænum (Mbl. 05.11.).

...og einnig í Kirkjubólshlíð, þannig að vegurinn til Súðavíkur er með öllu ófær (Mbl. 05.11.).

SÚÐAVÍK: Mörg skriðuföll hafa verið í Súðavíkurhlíð, ...þannig að vegurinn til Súðavíkur er með öllu ófær (Mbl. 05.11.). ...Þó sæist frá Ísafirði að skriður hefðu fallið á veginn í Álftafirði og valdið þar miklum skemmdum (Tím. 05.11.). ...Í Álftafirði félru einnig nokkrar skriður, en engin þeirra mun hafa verið stór (Tím. 06.11.).

*Heim: Vísir 04.11. 05.11. 08.11. Tím. 05.11. 06.11. 07.11. 09.11. Mbl. 05.11.  
06.11. Alþ. 05.11. 06.11. Þvl. 05.11. Veðr. nóv. Ól. Jóns. '74.*

## 1966

### 5. jan. AUSTFIRÐIR.

Skriður.

Í stórrigningu þ. 5. lokuhust vegir á sunnanverðum Austfjörðum vegna skriðuhlaupa, og sunnanlands urðu sums staðar vegaskemmdir (Veðr. jan.).

*Heim: Veðr. jan. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ekki hafa fundist aðrar heimildir fyrir þessum skriðuföllum.

### 12. júní HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 11. var víðast austlæg og suðaustlæg átt og rigning. Næsta dag snérist vindur meira til suðurs, og ringdi um sunnan- og vestanvert landið.

Um kl 01 aðfaranótt sunnudagsins (12.06.) fíll aurskriða á Hvalfjarðarveginn skammt innan við Staupastein, og varð vegurinn af þeim sökum ófær öllum venjulegum bílum (Tím. 14.06.).

*Heim: Tím. 14.06.*

### 21. júlí MOSFELLSSVEIT, HVALFJÖRÐUR, KJALARNES, KJÓS, SVÍNDALUR, AKRAFJALL.

Skriður.

Þ. 21. myndaðist lægð norðvestur af Vestfjörðum, og regnsvæði nálgaðist landið vestan að. Vindur gekk til suðurs, og rigndi um allt land. Úrkoma var óvenju mikil á suðvestanverðu landinu. Flóð, skriðuföll og vegaskemmdir.

MOSFELLSSVEIT: ...Þá fíll skriða inn á sumarbústaðaland við Helgafell í Mosfellssveit og gerði talsverð spjöll á girðingu og í garðinum kringum sumarbústaðinn (Tím. 22.07.).

HVALFJÖRÐUR: ...Í Hvalfirði félru skriður á tveimur stöðum, við Skeiðhól og við Hvitanes, svo að um tíma var þar ófært öllum bifreiðum. ...Stærsta skriðan

var um 30 m breið, en ótal skriður höfðu fallið á Hvalfjarðarveginn (Mbl. 22.07.). ...að skriða hefði fallið á móts við Hvítanes í Hvalfirði. ...en skömmu síðar féll önnur skriða (Tím. 22.07.). ...Féllu þær báðar um svipað leyti, eða um kl. 16. Önnur skriðan fíll á veginn hjá Hvítanesi og hin við Staupastein (Aþb. 22.07.). ...Þrjár skriður fíllu á Hvalfjarðarveginn, hjá Hvítanesi og við Staupastein (Vísir 22.07.).

**KJALARNES/KJÓS:** Um kl. 16 fíllu tvær skriður úr fjallshlíðinni upp af Ytri-Tindstöðum, sín hvoru megin við bæinn í 20-30 m fjarlægð. ...Vestari skriðan tók af veginn heim að bænum á löngum kafla, enn fremur rétt og girðingaraðhald við hana. Skriður þessar fóru líka yfir hluta af túminu.

...Innnar í dalnum er bærinn Miðdalur, sem telst til Kjósar. Þar hlupu tvær skriður á túnið og ollu nokkrum spjöllum (Ól. Jóns '74). ...að tvær skriður hefðu skemmt fyrir sér tún. Myndi önnur, sú stærri, hafa runnið fram úr Kerlingargili (Mbl. 26.07.).

Tvær skriður tóku sig upp í Dýjadalshnjúk (norðan í Estu, upp af Tindstöðum) í 720 m hæð. ...Rétt nærrí upp undir brún, byrjuðu skriðuhlaupin. ...Skriðurnar fíllu niður í Pverá, stífluðu hana um stund, þar til vatnsþunginn sprengdi stífluna og leirmettuð vatnsaldan um 15 m há ruddist vestur 50 m breiðan farveginn, beygði síðan í norður og flæmdist yfir mela og móa niður í Kiðafellsá og svo eftir farvegi hennar til sjávar. Á þessari leið sinni gróf hlaupið á kafla nýtt gljúfur, 5-6 m djúpt og um 3 m breitt, alveg niður í blátt berg (Ól. Jóns '74). ...Skriðurnar hafa runnið niður að daldraginum Pverár, og skollið þar á af miklu afli, sveigt til vestur með ánni. ...og þar í norður í átt að Kiðafellsá, en í hana fellur Pverá, fyllt gljúfrin, sem eru um 50 m breið, og bullað fram yfir klettaása við hlið þeirra, þegar þau gátu ekki lengur tekið við rennslinu. ...og alla leið til sjávar með Kiðafellsá. Mun öll þessi langa leið vera um 10 km (Mbl. 26.07.). ...Í skriðu þessari fórst eitthvað af fé og mikið land fór undir aur og grjót (Ól. Jóns '74).

**SVÍNALDUR:** ...að skriða hefði fallið rétt hjá bænum Kambshóli í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu (Svínadalur, undir Skarðsheiði). ...Við vorum öll inni þegar við heyrðum mikla skruðninga. ...skriða hafði fallið úr bröttu fjallinu fyrir ofan, yfir túnið, og rétt framhjá bænum. ...talsvert, stórt svæði af túminu á Kambshóli er grafið undir skriðunni, sem er u.p.b. fet á þykkt, þar sem hún er þykust. ...Pá hafði vegagerðinni borist fregnir af því, að skriða, hefði fallið yfir Dragaveg og lokað fyrir alla umferð (Tím. 22.07.).

**AKRAFJALL:** ...Skriður fíllu einnig úr Akrafjalli og ein þeirra stíflaði Berjadalsá (Veðr. júlí).

Einhverjar vegaskemmdir urðu í Norðurárdal nyrðra og skriður fíllu á Vestfjarðaleið (Vísir 22.07.).

*Heim: Mbl. 22.07. 26.07. Tím. 22.07. Aþb. 22.07. Vísir 22.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '74.*

**ATH:** Mbl. er eina heim. sem segir að ótal skriður hafi fallið á Hvalfjarðarveginn, annars ber blöðunum saman. Óvist er um skriður á Vestfjarðaleið og Norðurárdal.

### 23.-24. júlí SVALBARÐSSTRÖND (Faxafall?).

Skriða.

Norðanáhlaup og snjóar víða í fjöll.

...á Svalbarðsströnd, og skriða hljóp yfir veginn norðan við staðinn (Tím. 26.07.).

*Heim: Tím. 26.07.*

ATH: Ól. Jóns. '74 segir að Sigrufjarðarskarð hafi lokast af snjó og aurskriðum og ber fyrir sig Mbl., en ég hef ekki getað fundið þetta. Skriðufallið hefur eflaust orðið við Faxafall.

#### **24. ág. HELLISHEIÐI, VESTUR BARÐASTRANDARSÝSLA (Kleifaheiði, Rauðisandur.).**

Skriður.

Þ. 24. hvessti suðvestanlands, og regnsvæði fór norðaustur yfir landið. Gerði óvenjumikið vatnsveður sunnanlands og vestan. Flóð og víða vegaspjöll.

Hellisheiði, Hveradalir: ...að skriða hefði fallið á þjóðveginn fyrir sunnan Skíðaskálann skammt frá þeim stað sem vatnið er tekið í hann. Var hægt að klöngrast þar yfir á stórum bílum, en ófært var fyrir litla bíla (Tím. 25.08.).

...Skriða féll og skarð kom í veginn á Kleifaheiði. ...Pá teppist vegurinn frá Hvalskeri og niður á Rauðasand þar sem hann liggur um svokallaðan Bjarnargötudal. Féll skriða þar í morgun og gat mjólkurbillinn ekki farið þar um fyrst í morgun (Tím. 26.08.).

...mun víða hafa runnið úr þjóðvegum landsins, þótt þeir hafi ekki teppst af þeim sökum, og ennfremur munu smáskriður víða hafa fallið á veginn og tafið fyrir umferð (Tím. 26.08.).

*Heim: Tím. 25.08. 26.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Skriðuföllin hafa eflaust verið mun útbreiddari.

1967

#### **15. jan. EYJAFJALLAJÖKULL (Innstihaus, Steinsholt).**

Berghlaup.

Asahláka og úrhellisrigning, leysingar og flóð, víða vegaspjöll.

Í asahláku með fádæma vatnavöxtum í janúar 1967 hrundi samfelld bergspilda úr austurhlíð móbergsfjallsins Innstahauss í Steinsholti niður yfir Steinholtsjökul, sem er allbrattur skriðjökull norður úr Eyjafjallajökli. Af þessu leiddi hlaup úr jöklínnum ofan Steinholtsá í Markarfljót. Sjónarvottar voru aðeins að hlaupinu í Markarfljóti, en það sem ofar gerðist verður aðeins ráðið af verksummerkjum.

Hið nýja brotsár í Innstahaus er þverhnípt bergstál, 975 m langt og allt að 320 m hátt yfir skriðjökulinn, en bergið sem hrundi nam um 15 millj. rúmmetra. Mestur hluti þess myndaði urðarhrúgald ofan á jökuljaðrinum, og líkjast þessi verksummerki hinum stóru fornu framhlaupum hér á landi.

En nokkur hluti urðarinnar hljóp áfram ofan skriðjökulstunguna, spændi ofan af henni þykkt lag af ís, og þakti hana breiðu af stórgryti og jökum. Á þessum kafla hlaupsins var samþjappað loft meginefni þess að rúmmáli. Við jökulsporðinn hreif hlaupið með sér vatnið úr Steinholtslóni, og í líki blöndu af grjóti, jökum, vatni og lofti æddi það áfram ofan farveg Steinholtsá. Þar lá stórgrytið eftir og loftið skildist frá, svo að vatn var orðið aðalefni hlaupsins, þegar kom út á Markarfljótsaura (Guðmundur Kjartansson, Jökull 1967).

Hlaupið hefst bersýnilega með bergskriðu (framhlaupi) úr Innstahaus. Undanfari hennar er aldalangt svarf skriðjökuls úr rótum fjallsins. Hlíðin var orðin bröttust neðst, sennilega undir yfirborði jöklusins. En þar studdi ísinn við bergið um leið og

hann svarf það. Sá stuðningur minnkaði um leið og jökullinn þynntist, ekki síst á áratugunum 1930-1950. Bergið í fjallshlíðinni tók að láta undan þunga sínum, sprunga kom í fjallskollinn samsíða brúninni og fór víkkandi.

Talsverð jarðskjálftahrina hófst á Mýrdalsjökulssvæðinu í byrjun okt. 1966, og stóð hún allan mánuðinn. Mestur varð jarðskjálftinn 25. okt. 4.2 stig á Richters-kvarða. Í des. komu enn kippir allt að 4.0 stigum. Sennilega hafa þessir jarðskjálftar flýtt fyrir því sem verða vildi í Innstahaus.

Loks kom hlákan mikla með fádæma úrhelli og leysingu um miðjan janúar 1967. Bergið drakk í sig vatn, það þyngdist, leirkenndir hlutar þess linuðust, hrjúfar bergsprungur urðu háhir skriðfletir. Og 15. jan. kl. 13:47 skreið hin losaða bergfylla fram í snöggu hlaupi. Eftir nokkrar sekúndur, eða lítið brot úr mínútu, hafði meginefni hennar staðnæmst í líki urðarbings við rætur hrunstálsins (Guðmundur Kjartansson, Náttúrufræðingurinn 1967).

*Heim: Mbl. 18.01. 24.01. 25.01. 31.01. 01.02. Tím. 24.01. 25.01. 26.01. Vísir 24.01. 25.01. Þvl. 25.01. Veðr. jan. Guðmundur Kjartansson 1967: Steinholts-hlaupið 15. janúar 1967. Náttúrufræðingurinn 37, bls. 120-169. Guðmundur Kjartansson 1967: The Steinsholtshlaup, Central-South Iceland on January 15th, 1967. Jökull 17, bls 249-262. Ól. Jóns. '74.*

#### 6.-14. apr. ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI, ÓSHLÍÐ, ÍSA-FJARÐARDJÚP.

Skriður, grjóthrun.

Dagana 6.-14. var lengst af mild suðlæg og suðvestlæg átt. Hiti var 2-6° yfir meðallagi, og var 13. hlýasti dagur mánaðarins miðað við meðallag. Lægðir gengu yfir landið og talsvert rigndi. Leysingar, vatnavextir, aurbleyta og vegaskemmdir.

...og sífelld skriðuföll eru á Ennisvegi milli Ólafsvíkur og Hellissands. Er vegurinn ruddur annað slagið en lokast alltaf aftur (Tím. 14.04.). ...Vegurinn fyrir Ólafsvíkurenni, sem lokaðist nú á dögunum vegna aurskriðna mun hafa opnast í gærkvöldi fyrir jeppa (Mbl. 14.04.). ...Reynt er að halda veginum fyrir Enni opnum en gengur illa vegna sífelldra skriðufalla. Í dag (14.04.) þegar stór ýta var að ryðja veginn, féll aurskriða á hana og festist hún í skriðunni sem flaut allt umhverfis ýtuna, sem var á kafi upp fyrir belti. ...Það er ekki einasta að mikil skriðuföll falli á veginn þarna heldur hrynnur líka úr honum (Tím 15.04.).

...Vegurinn fyrir Búlandshöfða til Grundarfjarðar er slarkfær. Talsvert hrynnur á hann af grjóti, en þar er ekki eins mikið um aurskriður eins og í Ennisvegi (Tím. 15.04.).

...Pá hefur mikið af skriðum fallið á Óshlíðarveg (Mbl. 16.04.).

Ísafjarðardjúp: Varla er hægt að segja neinir vegir við Djúp séu færir vegna skriðufalla og aurbleytu (Tím. 15.04.).

...Á Vestfjörðum eru vegirnir einkum illa farnir vegna skriðufalla og aurbleytu (Tím. 14.04.). ...en þar hafa verið smá skriðuföll að undanförnu og talsvert úrrennsli (Vísir 14.04.). ...Á Vestfjörðum var úrrennsli og skriðuföll mjög víða og var erfitt umferðar þar um sveitir (Mbl. 14.04.).

*Heim: Tím. 14.04. 15.05. Mbl. 14.04. 16.04. Vísir 14.04.*

ATH: Þessi skriðuföll hafa eflaust verið mun útbreiddari

### 8.-9. júlí STRANDIR (Árneshreppur).

Skriður.

Norðaustan kaldi með rigningu. Víða rigndi þ. 8. og aðfaranótt þ. 9 gerði stórrigningu á Ströndum.

Olli rigningin miklum skriðuföllum á tveim stöðum í Árneshreppi, nyrsta hreppnum á Ströndum. Féllu skriðurnar á veginn við Veiðileyiskleif og Kúvíkurkleif í stórrigningunni aðfaranótt sunnudagsins (09.07.) (Vísir 10.07.). ...Skriður hafa víða fallið hátt úr fjallshlíðunum yfir vegina og niður í sjó. Eru á nokkrum stöðum stórir haugar í flæðarmálinu. Hér í víkinni (Finnbogastaðir, Trékyllisvík) lenti skriða í vatnsbóli því, er bæirnir hér í kring fá vatn úr (Tím. 11.07.).

*Heim: Vísir 10.07. Tím. 11.07. Áþb. 11.07. Veðr. júlt. Ól. Jóns. '74.*

1968

### 26.-28. febr. SELVOGUR, HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Skriður, grjóthrun.

Þ. 23. og 24. fór lægð norðaustur Grænlandshaf og úrkamusvæði norðaustur yfir landið. Vindur var ýmist suðaustan eða suðvestan fram til 28., enda var lægðardrag á Grænlandshafi og norður fyrir land. Stormur var með köflum, einkum þ. 27. Óvenjumikil úrkoma var sunnan- og vestanlands, og leysingar miklar um allt land, þótt lítið sem ekkert rigndi norðaustanlands. Síðustu daga mán-aðarins urðu víða mikil flóð, en langmest á Suðurlandi og í Borgarfirði. Varð meira flóð í Ölfusá og Elliðaáum en komið hafði um langt árabil. Flóðin ollu gífurlegu tjóni. Vegaskemmdirur urðu mjög miklar og einnig urðu rafmagns- og síma-bilanir.

**SELVOGUR:** ...Þá hafa vegir teppst vegna skriðufalla og grjóthruns. Svo var um Krísvíkurveg, en þar strandaði rútubíll. ...Krísvíkurvegur er jeppafær, en ekki er búið að kanna hann nógu vel enn þá. Þó var vitað, að skriða hafði fallið á veginn við Hlíðarvatn (Selvogur) (Tím. 28.02.).

**HVALFJÖRÐUR:** ...Stórir steinar hrundu á þjóðveginn undir Múlafjalli skammt frá Brynjudalsá í nót (Tím. 28.02.).

**ÓLAFSVÍKURENNI:** ...Vegurinn um Ólafsvíkurenni hefur orðið fyrir gífurlegum skemmdum, stór skörð eru komin í hann og hann er að auki varasamur vegna stórkostlegra skriðufalla (Mbl. 28.02.). ...Miklar vegaskemmdirur hafa orðið í Ólafsvíkurenni bæði af völdum skriðufalla og einnig hefur hrunið úr vegarbrúninni (Tím. 28.02.). ...og hafði einkum Ennisvegur skemmt mikið og sífelldar skriður féllu á hann í allan gærdag, svo umferð þar var stórhættuleg (Pvl. 28.02.).

**BÚLANDSHÖFÐI:** ...og einnig hafa skriður fallið á veginn um Búlandshöfða (Mbl. 29.02.). ...Þá eru tálmanir á veginum fyrir Búlandshöfða af völdum klakahruns (Tím. 28.02.)

*Heim: Mbl. 28.02. 29.02. Pvl. 28.02. 29.02. Tím. 28.02. Ól. Jóns. '74.*

## 10. apr. HVALFJÖRÐUR.

Skriða.

Hlýindi og rigning, leysingar og aurbleyta.

Skriða fíll í gær á veginn í Hvalfirði við Skeiðhól. Gerðist það á milli kl. 11 og 12, en skömmu eftir hádegið hafði tekist að opna veginn aftur (Mbl. 11.04.).

Heim: Mbl. 11.04. Ól. Jóns. '74.

## 4. júní FAGRIDALUR.

Skriður.

Vindur varð austlægur þ. 4. með rigningu víða um land. Stórrigning var þarna seinni hluta gærðagsins (04.06.) og lækir og ár í miklum vexti.

Í gærkveldi um kl. 20:30 fíll aurskriða á veginn í Fagradal rétt ofan við Skriður.

...Tvær smáskriður fíllu á veginn nokkru neðar og var önnur þeirra smá faratálmi (Mbl. 06.06.)

Heim: Mbl. 06.06. Ól. Jóns. '74.

## 25. ág. ARNARFJÖRÐUR (Bíldudalur).

Skriður.

P. 24.-25. var suðaustan- eða sunnanátt um allt land og hvassviðri sunnanlands.

Rigning var víða um land og mikil sunnanlands. Fokskemmdir, vatnavextir og vegaspjöll.

Skömmu fyrir miðnætti aðfaranótt sunnudags (25.08.) fíll aurskriða á Bíldudal.

Skriðan rann fram yfir lóðir milli tveggja nýlegra einbýlishúsa, sem standa við Dalbraut (nr. 20 og 24), aðalgötu þorpsins. Á lóðunum skildi skriðan eftir sig eins

metra þykkt aurlag og rann síðan yfir Dalbraut. Þar var skriðan orðin um 20 m á breidd og metri á þykkt. Ekki mun skriðan hafa valdið tjóni á einbýlishúsunum tveimur, ...En skriðan rann áfram yfir Dalbraut og niður fyrir hana, þar sem hún

tók með sér skúr, sem þar stóð. ...Helsta tjónið, sem hún olli var á ræktuðu landi, en skúrinn, sem hún tók með sér var næsta hrörlegur, þannig að skriðan tók

eiginlega það ómak af mönnum að rífa hann. Fleiri skriður hafa runnið úr Bíldudalsfjalli í sumar, en engin þeirra hefur náð alla leið niður í bæinn (Vísir 26.08.).

...Alvarlegast var þó að tvær skriður fíllu úr fjallinu ofan við Bíldudal. Önnur þeirra olli engum skaða, en hin fíll þvert í gegnum þorpið, og olli allverulegum landspjöllum. ...Féll skriðan rúmlega 30 m breið, þar sem hún er breiðust ofan úr

fjallinu, og yfir allstórt tún, sem liggar milli tveggja nýbyggðra einbýlishúsa. Síðan yfir aðalgötu þorpsins, og áfram hjá húsinu Lækjarmóti niður allmikið tún, sem

tilheyrir því húsi, yfir landamerkjagirðingu Lækjarmóts og Vinamóts, niður tún beggja hússanna og niður í fjöru (Tím. 27.08.). ...að skriðan hafi átt upptök sín í

fjallsbrún í 300 m hæð og hefur hún runnið af töluverðum krafti fram í sjó. ...Þetta er ekki eina skriðan sem fallið hefur á Bíldudal þessa dagana. Í Bíldudals-

fjalli vottar fyrir tveimur öðrum aurskriðum þar sem töluverðar spildur hafa farið fram, en ekki svona neðarlega (þv. 27.08.).

Aðfaranótt sunnudagsins fíllu allavega sex aur- og grjótskriður hér í Arnarfirði, sem vitað er um. Skriða fíll yfir veginn á núpnum milli Dufantsdals og Foss í Suðurfjörðum, og lokaði hún veginum. Á veginum út í Ketildali fíll skriða mitt á

milli Bíldudals og Hvestu, og lokaði hún einnig veginum. Í fjallinu á móti Bíldudal fíllu tvær skriður, en náðu ekki að valda spjöllum á veginum (Tím. 27.08.). ...Í

Otradalsfjalli sem er andspænis kauptúninu hafa 3 skriður fallið fram og ein alveg niður í sjó, en engin spjöll hlutust af. Á svokölluðum Fjörum, milli Auðahrísdals og Bíldudals, féll aurskriða og lokaði veginum. Víða hafa orðið smáskriðuföll og grjóthrun sem hafa valdið nokkrum töfum í umferðinni (Pvl. 27.08.).

*Heim: Vísir 26.08. Pvl. 27.08. Tím. 27.08. 30.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '74. Björn Jóhann Björnsson 1990: Bíldudalur. Skriðuföll og skriðuvarnir.*

### 30. ág. ÖXNADALSHEIÐI, ÓLAFSFJARÐARMÚLI, KAMBANESSKRIÐUR.

Skriður.

Slæmt veður var um mestallt landið í gær (30.08.) og víða vegaskemmdir af völdum rigninga og skriðufalla.

Í gær féll skriða á veginn á Öxnadalsheiði.

Pá hefur víða runnið úr vegum í Eyjafirði og skriða féll í Ólafsfjarðarmúla, sem er mjög hættulegur yfirferðar þessa stundina.

Suðurfjarðarvegur milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur var lokaður um Hvalsnesskriður (Kambanesskriður) vegna skriðufalla, Úthéraðsvegur og Borgarfjarðarvegur eru ófærir fólksbílum milli Borgarfjarðar og Njarðvíkur (Mbl. 31.08.).

*Heim: Mbl. 31.08. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ól. Jóns. '74 segir Kambanesskriður, en Hvalsnesskriður eru til sem örnefni þarna á milli.

### 5. nót. FLJÓTSDALUR (Suðurdalur).

Skriða.

Suðaustanátt og ofsalegt úrfelli hafði verið sólarhringinn á undan, og mældist úrkoman 80 mm á Hallormstað.

Það var þriðjudaginn 5. nót. sl. um kl. 14, að bóndinn á Arnaldstöðum, Suðurdal í Fljótsdal heyrði miklar drunur úti og uppi í fjalli og hljóp út, ...enda sá hann nú hvar hlaupið geystist niður með miklum drunum. ...Hlaupið var um lækjarfarveg, ...Hljóp skriðan ofan í Kelduá og er um 150 m breið þarna neðst. Í leiðinni fór hún yfir skársta blettinn í túninu á Arnaldsstöðum, en það var áður mjög spillt af skriðufalli. ...Á leið sinni hreinsaði skriðan burt skóg úr fjallshlíðinni (Múli). ...Ástæðunna fyrir þessu má helsta telja, að í sterkri suðaustanátt, eins og þarna var, fýkur vatnið upp í móti og safnast fyrir ofan við skógin, sem þarna klæðir hlíðar, uns allt springur fram (Austurland 22.11.).

*Heim: Austurland 22.11.*

### 12.-13. nót. NJARÐVÍKURSKRIÐUR, FLJÓTSDALSHÉRAÐ, FAGRIDALUR, NORÐFJÖRÐUR (Neskaupstaður), BREIÐDALUR.

Skriður.

Votviðrasamt var um austurhluta landsins fyrri part nót. Fél sú úrkoma ýmist sem snjór eða regn. Á Austfjörðum, á Héraði og í Fljótsdal gerði óvenjumikið vatnsveður dagana 12.-13. Mikil flóð urðu á Héraði og hjálpuðust þar að, mikil snjór, sem féll til fjalla viku áður, og síðan asahláka með rigningu sjálfa flóð-dagana. Víða urðu vegaspjöll.

NJARÐVÍKURSKRIÐUR: ...Leiðin til Borgarfjarðar er fær fyrir jeppa, en smáskriður hafa þó hlaupið á hann í Njarðvíkurskriðum (Mbl. 15.11.).

**FLJÓTSDALUR:** ...Í nótt (13.11.) fél skriða á túnið á Valþjófsstað og fóru 2-3 hektarar ræktað lands undir aur. Í gær (12.11.) fél skriður víðar í Fljótsdal, en ullu ekki tjóni nema á Þorgerðarstöðum, en þar eyðilagðist girðing á 60 m kafla og smávegis aur kom á túnið. Vegasambandslaust er bæði í Norðurdal og Suðurdal vegna úrrennslis á vegum og skriðufalla (Mbl. 14.11.). ...Skriðuhlaup urðu hvergi mikil hér á Héraði. Þó hlupu þjár skriður hér í fjallinu fyrir ofan Hallormsstað (Austurland 22.11.).

**FAGRIDALUR:** ...Fagridalur lokaðist í gærmorgun (13.11.) af skriðuföllum bæði í Græfrum og við Grænafelli (Mbl. 14.11.). ...Skriður hlupu úr Grænafelli og á mörgum stöðum yfir vegginn og lokaðu honum alveg (Tím. 15.11.).

**NESKAUPSTAÐUR:** ...Geysilegt úrfelli er nú (12.11.) hér á Norðfirði og er sem Nóaflóð sé að hefjast. Spjöll af völdum vatnsaga eru byrjuð að gera vart við sig og skriðuhætta eykst með hverri stund, sem líður. Lækir eru orðnir sem beljandi fljót. ...Hafa menn tilbúnar ýtur og fleira. Þegar er byrjað að renna vatn í kjallara íbúðarhúsa í bænum (Mbl. 13.11.).

...skriður féllu á vegginn nálægt kaupstaðnum og margar smáskriður féllu á kaupstaðinn sjálfan í gærkvöldi (12.11.) (Vísir 14.11.) ...Nokkrar skriður hafa fallið á kaupstaðinn og húsið að Naustahammi 56 er umflotið aurskriðu og er kjallarinn fullur af aur. Tún eru stórkemmd af aur og vatni. ...Í gær (12.11.) hljóp fram skriða 100 m breið og olli miklum skemmdum á íbúðarhúsi og fiskvinnslustöð í Naustaveri (Tím. 14.11.). ...en þar (Neskaupstaður) féllo þjár aurskriður og lento tvær á íbúðarhúsi (Naustahammur 56), þar sem börn voru ein heima. Þau sakaði þó ekki, og komust af sjálfsdáðum í næsta hús. ...Um kl. 21:30. um kvöldið (12.11.) fél svo aurskriða á íbúðarhúsið að Naustahammi 56 og svo aftur litlu yfir 22:30. ...Börnunum tókst að komast yfir í næsta íbúðarhús, þar sem þau voru þegar síðari skriðan fél. Fyllti aurinn jarðhæð hússins og í gær rann lækur í gegnum íbúðarhúsið. Einnig náði aurskriðan út á götuna og lokaði henni (Mbl. 15.11.).

**NORÐFJÖRÐUR:** ...Þá er ljóst að gífurlegar skemmdir hafa orðið í sveitinni kringum bæinn. Vegir hafa þar skemmt mjög mikið og lækir og ár flætt yfir bakka sína. Hjá bæ er nefnist Grænanes fél aurskriða í á og hálfstíflaði hana. Varð hún brátt að fljóti og breytti farvegi sínum. Flæddi áin yfir ræktunarlönd bænda.

...Loks fél um 500 m breið aurskriða þetta kvöld á ræktunarlönd hjá bænum Seldal, sem er innst í sveitinni og hefur því valdið miklu tjóni þar (Mbl. 15.11.).

...Skriðan fél aðeins fáeina metra frá bænum. Aðalhlaupið sat eftir hér skammt ofan við bæinn (Vísir 15.11.). ...400 m breið aur- og grjótskriða fél í fyrrakvöld yfir túnið á bænum Seldal í Norðfirði. Bærinn stendur undir háu fjalli og losnaði skriðan ofarlega í fjallinu og steypist niður og rann um 500 metra frá fjallsrótum og stöðvaðist fyrst við Norðfjarðará, og rann þar niður í gljúfrin og fleytti áin, sem var í gífurlegum vexti, skriðunni áfram niður gljúfrin. ...Heimamenn heyrðu óskaplegan hávaða og bæjarhúsin skulfu, þegar skriðan hljóp fram. ...niðamyrkur var á og rigningin óskapleg, að var sem vatnið flæddi úr loftinu. Varð heimafólki í Seldal ekki svefnamt um nóttina og heyrði það öðru hvoru að skriður féllo úr fjallinu, en miklu minni en hin fyrsta. ...Skriðan bar með sér mikið af grjóti og er nú mikið af stórgrýti á túninu, en aurinn í skriðunni var eins og þunn súpa, enda var vatnsfarganið óskaplegt. Skriðan braut niður girðingar og fyllti alla skurði, sem hún hljóp yfir. Seldalur stendur undir háu fjalli og er hlíðin ofan við bæinn skógi vaxin og var þar mikill gróður. Stærsta skriðan, sem var 400 m breið, tók af skóginn, þar sem hún fór yfir, og er þar nú alveg gróðurlaust. Auk þess hlupu fram margar smáskriður, sem skemmdiru skóg og fylltu skurði. (Tím. 16.11.).

BREIÐDALUR: ...Í Breiðdal féll skriða yfir yfir tún á bænum Hóli (Suðurdal) og allt umhverfis íbúðarhúsið. ...Í Breiðdal hafa skriður víða spillt túnum (Tím. 14.11.). ...Á Hóli í Suðurdal varð fólkvið að flýja bæinn um skeið sökum skriðuhættu, en þarna kom eitt hlaupið af öðru úr fjallinu (Austurland 22.11.).

*Heim: Mbl. 13.11. 14.11. 15.11. 16.11. Vlsir 13.11. 14.11. 15.11. Tím. 14.11.*

*15.11. 16.11. Þvl. 14.11. 15.11. 17.11. Austurland 22.11. Veðr. nót. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Viðtal við drengina sem voru í húsinu (Naustahvammur 56, Neskaupstaður), sem skriðan féll á er í Mbl. 16.11.

## 28. nót. ÓLAFSVÍKURENNI.

Grjóthrun.

Var mjög hvasst á suðaustan, en ekki mikil rigning.

Talsvert grjóthrun var í Ólafsvíkurenni í dag. ...Pegar áætlunarbfreiðin Ólafsvík-Hellissandur var undir Enninu hrundu nokkrir steinar á bifreiðina með þeim afleiðingum að framrúða mölbrotnaði og einhverjar skemmdir munu hafa orðið á yfirbyggingu bifreiðarinna. ...Talið er að hrunið hafi orðið vegna hvassviðris, en ekki vatnselgs (Mbl. 29.11.).

*Heim: Mbl. 29.11. Ól. Jóns. '74.*

## 5. des. SVEIFLUHÁLS.

Grjóthrun við jarðskjálfta.

P. 5. des kl. 09:44. varð jarðskjálfti af staðinni 6 á Richter skammt austan Kleifarvatns.

Fréttir hafa borist af því að grjót hafi hrunið á Reykjanesi, og m.a. lokaðist Krísvíkurvegurinn í dag vegna grjóthrunsins (Tím. 06.12.). ...Við jarðskjálftann á dögunum losnaði stórt stykki úr Sveifluhálsi, örskammt frá þeim stað, þar sem talið er, að jarðskjálftinn hafi átt upptök sín. Stykkið, sem losnaði brotnaði sundur í skriðinu niður hálsinn og lokuðu björgin veginum fyrir neðan að miklu leyti. Þau voru af jeppastærð (Mbl. 10.12.).

*Heim: Tím. 06.12. Mbl. 10.12. 13.12.*

ATH: Grjóthrun víðar á Reykjanesi?

1969

## 28. febr. ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Skriður.

Síðustu fjóra daga mánaðarins fór veður hlýnandi og var 28. hlýjasti dagur mánaðarins. Vatnavextir og vegaspjöll.

Skriður félundu á vegina fyrir Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða í fyrrinótt (Mbl. 01.03.).

*Heim: Mbl. 01.03. Ól. Jóns. '74.*

## 12.-13. mars HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI, ÁLFTAFJÖRÐUR (Narfeyrarhlíð).

Skriður, krapahlaup.

Þ. 12.-14. var mikil rigning sunnan og vestanlands. Snjóflóð, krapahlaup, vatnavextir og vegaskemmdir.

Í Hvalfirði félundu skriður á veginn, en ekki þó svo að til mikilla trafala yrði (Mbl. 15.03.).

Á Ennisveg félundu skriður og svo mikið grjóthrun var þar að ekkert var hægt að aðhafast (Mbl. 15.03.). ...Vegurinn um Ólafsvíkurenni fór mjög illa og er enn nær ófær (Tím. 18.03.).

Pá hrundi úr Búlandshöfða, en vegurinn var þó fær (Mbl. 15.03.).

Skógarstrandarvegurinn er algjörlega lokaður, vegna skriðufalla í Narfeyrarhlíð (Tím. 18.03.).

Á Bíldudal og Pingeyri félundu skriður úr fjöllunum fyrir ofan kauptúnin og flæddi víða inn í kjallara og aur- og snjóskriður félundu á hús og skepnuhús. ...Á Pingeyri félundu aurskriða á hús eitt einlyft og fóru hnnullungar upp á þak (Mbl. 14.03.).

*Heim: Vísir 14.03. Mbl. 14.03. 15.03. Tím. 15.03. 18.03. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Það virðast hafa verið krapahlaup á Bíldudal og Pingeyri.

## 18. apr. ÓLAFSVÍKURENNI.

Skriða.

Rigning sunnanlands og vestan, leysingar og aurbleyta.

...vegurinn fyrir Ólafsvíkurenni lokaðist vegna aurskriðu í fyrrakovld (Mbl. 20.04.).

*Heim: Mbl. 20.04. Ól. Jóns. '74.*

## 27. júlí KAMBAНЕSSKRIÐUR.

Skriður.

Þ. 27. kom lægð inn yfir vestanvert landið úr suðvestri og olli breytilegri átt, er á daginn leið. Úrkoma var í flestum landshlutum og stórrigning suðaustanlands. Vatnavextir og vegaspjöll.

Við Kambanesskriður á milli Stöðvarfjarðar og Breiðals félundu aurskriður á veginn (Vísir 28.07.). ...Aurhlaup varð í skriðunum milli Stöðvarfjarðar og Breiðalsvíkur (Tím. 29.07.).

*Heim: Vísir 28.07. Tím. 29.07. Mbl. 29.07. Þv. 29.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '74.*

## 9. ág. BREIÐDALSHEIÐI, KAMBAНЕSSKRIÐUR.

Skriður.

Langvinnar rigningar.

Verst hefur þó farið vegurinn á milli Breiðals og Skriðals (Breiðalsheiði), en mikil skriðuföll urðu þar og sums staðar hefur veginn alveg tekið í sundur. Á 30 m kafla liggja skriður alveg yfir veginum (Vísir 11.08.).

Á laugardaginn (09.08.) lokaðist Suðurfjarðarvegur milli Stöðvarfjarðar og Breiðalsvíkur (Kambanesskriður) vegna skriðufalla (Mbl. 12.08.).

*Heim: Vísir 11.08. Mbl. 12.08. Tím. 12.08. Þv. 12.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '74.*

## 7.-8. sept. ARNARFJÖRÐUR, DÝRAFJÖRÐUR, ÖNUNDARFJÖRÐUR, SÚGANDAFJÖRÐUR, ÓSHLÍÐ.

Skriður.

Þ. 7. hvessti suðvestanlands, og regnsvæði fór norður yfir landið. Á Vestfjörðum var gífurleg úrkoma.

Þetta mikla vatnsveður á Vestfjörðum olli því að skriður félundu víða á vegi í Dýrafirði, Arnarfirði, Önundarfirði og Súgandafirði, en um hádegið í gær (08.09.) var búið að ryðja vegina (Mbl. 09.09.). ...Á Vestfjörðum féll aurskriða á veginn í Hrafnseyrarhlíð (Arnarfjörður), önnur féll á veginn við norðanverðan Dýrafjörð.

...Einnig féll aurskriða á veginn í Breiðadal (Önundarfjörður) (Vísir 08.09.).

...Eins hafði fallið skriða á veginn frá Ísafirði yfir til Bolungarvíkur (Óshlíð), en hann væri einnig akfær sem stæði (Tím. 09.09.)

*Heim: Vísir 08.09. Mbl. 09.09. Tím. 09.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '74.*

1970

## 17. jan. ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Skriður.

Suðaustan hvassviðri var sunnan og suðvestanlands í fyrri nótt (17.01.) og talsverð rigning.

...en skriður munu hafa fallið á vegina fyrir Búlandshöfða og Ólafsvíkurenni (Mbl. 18.01.).

*Heim: Mbl. 18.01. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Ól. Jóns. '74 getur um skriður í Kambanesskriðum 01.02. og segir að hér hafi hugsanlega verið um snjóflóð að ræða. Eftir nánari könnun tel ég fullvist að hér hafi snjóflóð verið á ferðinni.

## 14. mars HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Skriður, grjóthrun.

Milt veður var um miðjan mánuðinn og nokkur úrkoma. Leysing varð og töluvert um vatnavexti.

Stór steinn félundu ofan á bíl undir Múlafjalli í Hvalfirði s.l. laugardag (14.03.). Var höggið svo mikið að bíllinn kastaðist út af veginum og niður í fjöru, um 10 m fall. Í bílnum voru maður og kona, bæði útlendingar. Maðurinn meiddist alvarlega, og er m.a. höfuðkúpubrotinn. Konan meiddist minna. Bíllinn er talinn ónýtur. ...Á laugardaginn var mikil rigning í Hvalfirði og mun steinninn hafa losnað úr snarbrattri fjallshliðinni í leysingum. Lenti hann með miklu afli á framanverðum bílum. ...Þetta skeði um 3 km frá Hvalfjarðarbotni, en Múlafjall er sunnanvert fjarðarins, og er þar ávallt skriðuhætta í miklum rigningum og leysingum (Tím. 17.03.).

...og á Snæfellsnesi var tölvert um skriðuföll í Búlandshöfða og Ólafsvíkurenni (Mbl. 15.03.).

*Heim: Mbl. 15.03. 17.03. Vísir 16.03. Áþb. 16.03. Tím. 17.03. Veðr. mars. Ól. Jóns. '74.*

### 23. mars ÓSHLÍÐ.

Skriða.

Hvöss sunnan og suðvestanátt með rigningu þ. 23. og stórviðri um norðanvert landið. Leysing.

Aurskriða hljóp á veginn í Óshlíð, rétt innan við Haldið í fyrrakvöld. Tók skriðan með sér mannlausan fólksbíl, sem stóð þar á veginum, og flutti niður í fjöru um 40 m leið. Er bíllinn talinn gjörónýtur. Þrír menn höfðu yfirgefið bíllinn rétt áður en skriðan féll (Mbl. 26.03.).

*Heim: Mbl. 26.03. Veðr. mars. Ól. Jóns. '74.*

### 16. okt. KJÓS.

Skriður.

Var sunnan eða suðaustan átt með rigningu í flestum landshlutum þ. 16. Á Meðalfelli í Kjós var úrkoman 100 mm á tveimur dögum.

...féll mikil aurskriða yfir túnið á bænum Eyri og allt umhverfis bæjarhúsins þar.

...Aurskriðan féll um kl. 19 í gærkvöldi (16.10.). ...Við vorum að mjólnka, þegar við heyrðum þungar drunur. Myrkur var, og erfitt að átta sig á því, hversu mikið þetta var. Það kom hins vegar í ljós með birtingu. ...Skriðan hefur byrjað efst í fjallinu (Eyrarfjall) hér fyrir ofan, borist niður gilið og breitt úr sér hér niður á túninu. Eins og sjá má hefur skriðan borioð með sér heil björg. ...að alls hafi um 3-4 hektarar farið undir skriðuna, þar á meðal einn besti hluti túnsins (Mbl. 18.10.).

...Aurleðjan stefndi hérna beint á íbúðarhúsið, en við lögðum tré og viðarboli í veg fyrir hana, svo að hún breytti um stefnu og rann í skurðinn vestan við bæinn.

...Ein kind hefur fundist dauð í skurði eftir skriðufallið, en óvist er, hvort fleira fé hefur orðið undir skriðunni. ...mátti sjá stórt skarð uppi í Eyrarfjalli, þar sem skriðan átti upptök sín. Rann hún niður bæjargilið og skiftist svo í fjóra tauma, sem runnu á milli húsanna og sitt hvorum megin við þau. Skriðan breytti farvegi lækjарins, sem annars rennur nokkru austan við bæinn Eyri, og féll hann í farveg um 100 m vestar (Vísir 19.10.). ...Skriðan féll öll í einu og fylltist hér allt á svipstundu af aur og grjóti. Myndaðist stórt gljúfur alla leiðina, hátt í 2000 m veglengd, og fór skriðan þó í olnboga. Féll skriðan efst úr fjallinu, tók vinkilbeygju og virðist hafa haldið saman alla leiðina. ...Skriðan var að mestu vatn og leir þegar komið var niður undir íbúðarhúsið (Tím. 20.10.).

Þá fór skriða yfir skrúðgarð við íbúðarhúsið á Ytri-Tindstöðum og við Miðdal tók skriða í sundur símalínu og stíflaði Mýdalsá (Kiðafellsá) (Mbl. 18.10.). ...og hin féll skammt vestan við túnið í Miðdal og braut þar símastaur (Vísir 19.10.).

...Skriða féll á Tindstöðum á Kjalarnesi, tók vatnsleiðslu, fyllti vatnsból og eyðilagði skrautgarð (Veðr. okt.).

*Heim: Mbl. 18.10. Vísir 19.10. Tím. 20.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '74.*

## 6. nót. VESTUR EYJAFJÖLL (Núpur).

Grjóthrun.

Þrjú björg losnuðu úr fjallshlíðinni fyrir ofan bæinn Núp (Vestur-Eyjafjallahreppi) síðdegis (um kl. 18) á föstudag (06.11.) og ulti heim að fjárhúsum. ...Ekkert tjón varð af grjóthruni þessu, nema hvað björgin tættu upp fjallshlíðina á niðurleið og settu mörk sín á tún. ...Björg þessi eru um 2 m á hæð (Mbl. 11.11.).

*Heim: Mbl. 11.11.*

## 10.-11. des. HVALFJÖRÐUR, ÓSHLÍÐ, ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Grjóthrun, skriður.

Hlýtt var í veðri þó nokkra daga og mikil rigning um vestanvert landið. Leysingar, mjög mikil flóð og vegaspjöll.

T.d. hrundu steinar niður á veginn í Hvalfirðinum (Tím. 11.12.)

Tölувert mikið hrun var á veginn í Óshlíðinni (Mbl. 11.12.). ...Smáskriður hafa fallið á Óshlíðarveginn (Vísir 11.12.). ...allmikið grjóthrun var í Óshlíð (Mbl. 12.12.).

Þá var grjóthrun úr Ólafsfjarðarmúla (Pvl. 12.12.)

*Heim: Vísir 11.12. Tím. 11.12. Mbl. 11.12. 12.12. Pvl. 12.12. Ól. Jóns. '74.*

ATH: Sennilega grjóthrun og skriðuföll víðar á Vestfjörðum.

## SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Akrafjall	1966 21. júlí
Arnarfjörður	1952 2. okt.
Arnarfjörður	1961 13. nóv.
Arnarfjörður	1968 25. ág.
Arnarfjörður	1969 7.-8. sept.
Austfirðir	1966 5. jan.
Álftafjörður/Snæfellsnes	1958 18.-19. nóv.
Álftafjörður/Snæfellsnes	1965 20. okt.
Álftafjörður/Snæfellsnes	1969 12.-13. mars
Árneshreppur/Strandir	1967 8.-9. júlí
Barðaströnd	1958 25.-26. okt.
Barðaströnd	1961 13. nóv.
Barðaströnd	1962 20. okt.
Biskupstungur	1965 18.-20. okt.
Bíldudalur	1959 18. febr.
Bíldudalur	1968 25. ág.
Blönduhlíð/Skagafjörður	1954 6. júlí
Bolungarvík	1952 2. okt.
Bolungarvík	1965 3.-4. nóv.
Brattabrekka	1965 20. okt.
Breiðalsheiði/Austfirðir	1969 9. ág.
Breiðdalur	1968 12.-13. nóv.
Búlandshöfði	1962 28. jan.
Búlandshöfði	1962 13. apr.
Búlandshöfði	1965 20. okt.
Búlandshöfði	1967 6.-14. apr.
Búlandshöfði	1968 26.-28. febr.
Búlandshöfði	1969 28. febr.
Búlandshöfði	1969 12.-13. mars
Búlandshöfði	1970 17. jan.
Búlandshöfði	1970 14. mars
Djúpidalur/A-Barð.	1953 10. des.
Djúpifjörður/A-Barð.	1962 20. okt.
Drangey	1963 27. mars
Drangey	1964 mars
Dýrafjörður	1952 2. okt.
Dýrafjörður	1958 18.-19. nóv.
Dýrafjörður	1962 20. okt.
Dýrafjörður	1965 3.-4. nóv.
Dýrafjörður	1969 7.-8. sept.
Eskifjörður	1959 25.-26. sept.
Eskifjörður	1963 mars
Eskifjörður	1963 12. maí
Eyjafjarðardalur	1956 5.-6. nóv.
A-Eyjafjöll	1965 22. febr.
V-Eyjafjöll	1962 13. apr.
V-Eyjafjöll	1970 6. nóv.
Fagridalur	1953 19.-20. sept.
Fagridalur	1959 25.-26. sept.
Fagridalur	1959 21. okt.
Fagridalur	1968 4. júní

Fagridalur	1968 12.-13. nóv.
Fáskrúðsfjörður	1959 25.-26. sept.
Fljótsdalur	1955 18. apr.?
Fljótsdalur	1968 5. nóv.
Fljótsdalur	1968 12.-13. nóv.
Fljótshlíð	1961 23. febr.
Geldingardragi/Borgarfjarðars.	1966 21. júlí
Gilsfjörður	1953 16. des.
Gilsfjörður	1965 3.-4. nóv.
Grundarfjörður	1958 25.-26. okt.
Hellisheiði/Árnæssýslu	1966 24. ág.
Hjaltadalur/Skagafjörður	1955 18. apr.?
Hjaltadalur/Skagafjörður	1961 13. nóv.
Hjaltadalur/Skagafjörður	1956 5.-6. nóv.
Hnífsdalur	1965 3.-4. nóv.
Hólmatindur	1953 19.-20. sept.
Hörgárdalur	1962 14.-15. júní
Hornbjarg	1954 28. maí
Hvalfjörður	1951 28. feb.
Hvalfjörður	1953 25. jan.
Hvalfjörður	1954 15. nóv.
Hvalfjörður	1956 1. febr.
Hvalfjörður	1956 26. okt.
Hvalfjörður	1956 17. nóv.
Hvalfjörður	1959 17. febr.
Hvalfjörður	1960 7. sept.
Hvalfjörður	1961 7. mars
Hvalfjörður	1962 8. febr.
Hvalfjörður	1962 15. apr.
Hvalfjörður	1962 7. okt.
Hvalfjörður	1962 22.-23. des.
Hvalfjörður	1965 20. okt.
Hvalfjörður	1966 12. júní
Hvalfjörður	1966 21. júlí
Hvalfjörður	1968 26.-28. febr.
Hvalfjörður	1968 10. apr.
Hvalfjörður	1969 12.-13. mars
Hvalfjörður	1970 14. mars
Hvalfjörður	1970 10.-11. des.
Hvammur í Döllum	1953 21. apr.
Hveragerði	1955 1. apr.
Ísafjarðardjúp	1967 6.-14. apr.
Ísafjörður	1953 18. okt.
Ísafjörður	1955 13. apr.
Ísafjörður	1956 19.-20. nóv.
Ísafjörður	1958 25.-26. okt.
Ísafjörður	1958 18.-19. nóv.
Ísafjörður	1965 18.-20. okt.
Ísafjörður	1965 3.-4. nóv.
Kambanesskriður	1968 30. ág.
Kambanesskriður	1969 27. júlí
Kambanesskriður	1969 9. ág.
Kjós	1955 18. apr.
Kjós	1957 25. maí
Kjós	1966 21. júlí

Kjós	1970 16. okt.
Kleifaheiði	1952 2. okt.
Kleifaheiði	1961 13. nóv.
Kleifaheiði	1966 24. ág.
Klettsháls/A-Barð.	1965 3.-4. nóv.
Krókárdalur/Skagafjörður	1954 6. júlí
Langidalur	1954 6. júlí
Laugarvatn	1962 26. maí
Laugarvatn	1963 2. mars
Laxárdalur/A-Hún.	1954 6. júlí
Lundarreykjadalur	1965 20. okt.
Mjóifjörður	1956 21. sept.
Mjóifjörður	1961 15.-17. sept.
Mjóifjörður/Ísafjaðardj.	1958 18.-19. nóv.
Mosfellssveit	1966 21. júlí
Mýrdalur	1956 1. febr.
Neskaupstaður	1959 21. okt.
Neskaupstaður	1968 12.-13. nóv.
Njarðvíkurskriður	1959 25.-26. sept.
Njarðvíkurskriður	1968 12.-13. nóv.
Norðfjörður	1968 12.-13. nóv.
Norðurárdalur/Skagafjörður	1955 27. maí-6. júní
Norðurárdalur/Skagafjörður	1954 6. júlí
Norðurfjörður/Strandir	1962 22.-23. des.
Oddskarð	1955 19. ág.
Oddskarð	1959 25.-26. sept.
Ólafsfjarðarmúli	1968 30. ág.
Ólafsfjarðarmúli	1970 10.-11. des.
Ólafsfjörður	1961 15.-17. sept.
Ólafsfjörður	1962 14.-15. júní
Ólafsfjörður	1964 22. ág.
Ólafsvíkurenni	1963 21. apr.
Ólafsvíkurenni	1967 6.-14. apr.
Ólafsvíkurenni	1968 26.-28. febr.
Ólafsvíkurenni	1968 28. nóv.
Ólafsvíkurenni	1969 28. febr.
Ólafsvíkurenni	1969 12.-13. mars
Ólafsvíkurenni	1969 18. apr.
Ólafsvíkurenni	1970 17. jan.
Ólafsvíkurenni	1970 14. mars
Óshlíð	1951 8. júlí
Óshlíð	1951 7. ág.
Óshlíð	1953 18. okt.
Óshlíð	1956 19.-20. nóv.
Óshlíð	1958 25.-26. okt.
Óshlíð	1959 5. febr.
Óshlíð	1959 8. febr.
Óshlíð	1959 9. sept.
Óshlíð	1961 9.-10. maí?
Óshlíð	1961 13. nóv.
Óshlíð	1965 16.-20. okt.
Óshlíð	1965 3.-4. nóv.
Óshlíð	1967 6.-14. apr.
Óshlíð	1969 7.-8. sept.
Óshlíð	1970 23. mars

Óshlíð	1970 10.-11. des.
Patreksfjörður	1961 13. nóv.
Patreksfjörður	1965 3.-4. nóv.
Rauðisandur	1961 13. nóv.
Rauðisandur	1966 24. ág.
Reyðarfjörður	1953 19.-20. sept.
Sauðárkrókur	1962 18. febr.
Saurbær/Dalasýslu	1953 16. des.
Selvogur/Árnессýslu	1968 26.-28. febr.
Seyðisfjörður	1958 30. sept.
Seyðisfjörður	1960 30. júlí
Seyðisfjörður	1962 14.-15. júní
Siglufjörður	1955 14.-18. apr.
Siglufjörður	1965 1. sept.
Síða	1952 27. maí
Síða	1953 4.-5. sept.
Síða	1961 26. febr.
Skaftártunga	1959 25.-26. sept.
Skötufjörður/Ísafjarðardj.	1958 18.-19. nóv.
Steinsholtsjökull	1967 15. jan.
Súgandafjörður	1958 25.-26. okt.
Súgandafjörður	1965 3.-4. nóv.
Súgandafjörður	1969 7.-8. sept.
Súðavík	1958 25.-26. okt.
Súðavík	1958 18.-19. nóv.
Súðavík	1965 20. okt.
Súðavík	1965 3.-4. nóv.
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1959 28.-29. nóv.
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1966 23.-24. júlí
Svartárdalur	1953 6. maí?
Sveifluháls	1962 13. apr.
Sveifluháls	1968 5. des.
Svínadalur/Borgarfjarðars.	1966 21. júlí
Svínadalur/Dalasýslu.	1965 20. okt.
Sæmundarhlíð/Skagafjörður	1954 6. júlí
Sölvadalur/Eyjafj.	1964 sept.
Vaðlaheiði	1956 26. maí
Vatnsdalur	1955 18. apr.?
Vatnsdalur	1964 31. ág.-3. sept.
Vatnsskarð/Skagafjörður	1954 6. júlí
Porvaldsdalur/Eyjafj.	1959 19. júní
Porskafjörður	1965 3.-4. nóv.
Þverárdalur/A-Hún.?	1952 haust
Önundarfjörður	1952 2. okt.
Önundarfjörður	1958 18.-19. nóv.
Önundarfjörður	1962 20. okt.
Önundarfjörður	1964 21. okt.
Önundarfjörður	1965 3.-4. nóv.
Önundarfjörður	1969 7.-8. sept.
Öxnadalsheiði	1954 6. júlí
Öxnadalsheiði	1956 5.-6. nóv.
Öxnadalur	1956 5.-6. nóv.
Öxnadalur	1962 20. okt.
Öxnadalur	1968 30. ág.

## **SKÝRSLUR NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR NORÐURLANDS**

1. Halldór G. Pétursson, 1987. Greinargerð til Almennu Verkfræðistofnunar vegna könnunar á byggingarefnum í nágrenni flugvallanna í Aðaldal, við Sauðárkrók og Blönduós.
2. Elín Gunnlaugsdóttir, 1988. Gróðurkönnun í lögsagnarumdæmi Akureyri. Fylgiskjal með drögum að gróðurkortum.
3. Halldór G. Pétursson, 1988. Könnun á jarðfalli við Haukamýri og setlögum í Húsavíkurbökum.
4. Halldór G. Pétursson, 1989. Breytingar á farvegi Svarfaðardalsára.
5. Halldór G. Pétursson, 1990. Skriðuhætta við Draflastaði, Sölvadal í Eyjafjarðarsýslu.
6. Halldór G. Pétursson, 1990. Efnistökusvæði í Eyjafirði.
7. Halldór G. Pétursson, 1990. Byggingarefni í nágrenni Dysness.
8. Halldór G. Pétursson, 1990. Byggingarefni í nágrenni Árskógssands.
9. Halldór G. Pétursson, 1990. Vatnsöflun vegna stóriðju við Dysnes.
10. Hörður Kristinsson, 1990. Gróðurrannsóknir í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum 1990.
11. Halldór G. Pétursson, 1991. Farvegur Eyjafjarðarár framan við Gnúpufell.
12. Halldór G. Pétursson, 1991. Byggingarefni í nágrenni Húsavíkur.
13. Halldór G. Pétursson, 1991. Jarðfræðikönnun við sorphauga á Glerárdal.
14. Halldór G. Pétursson, 1991. Drög að skriðuannál 1971 - 1990.
15. Halldór G. Pétursson, 1992. Fornir farvegir Hörgár.
16. Halldór G. Pétursson, 1992. Skriðuannál 1951 - 1970.